

Sp.

1. Tillaga til þingsályktunar

um auknar ráðstafanir til eyðingar á tundurduflum við strendur landsins.

Flm.: Jóhann Jósefsson, Ingvar Pálmason, Sigurjón Á. Ólafsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um það sem fyrst, að fleiri skip en nú er kostur á verði látin starfa að eyðileggingu tundurdufla meðfram ströndum landsins.

Ástæður.

Það er kunnugt, að enn eru tundurdufl viðsvegar á reki við strendur landsins og það svo, að sums staðar hindra þau fiskveiðar landsmanna, þær sem gætu átt sér stað að öðrum kosti, og auka á hættu fyrir siglingar meðfram ströndum landsins. Síðan tundurduflin fóru að verða á vegi sjófarenda hér við land, hefur skipaútgerð ríkisins haft úti skip annað veiðið til þess að eyða þessum vágestum og orðið talsvert ágengt. Samt sem áður berast sí og æ tilkynningar um tundurdufl á reki, og virðist hættan, sem af þeim stafar, ennþá vera mjög mikil. Sá skipakostur, sem skipaútgerð ríkisins hefur til umráða í ofangreindu augnamiði, er mjög takmarkaður, og hlýtur það að draga úr þeim árangri, sem annars mætti ná. Til varðskipanna Ægis og Þórs hefur orðið að grípa til að létta undir með flutninga á ýmsar hafnir landsins, sem eins og nú er ástátt, þegar allar aðflutningsvörur eru lagðar á land í Reykjavík, hafa brýna þörf fyrir flutninga, sem strandferðaskipin endast ekki til að fullnægja, enda má ná jafngóðum árangri að því er tundurduflaleit snertir eins og þótt stærri skip væru.

Nú er svo ástátt, að siglingar til Englands hafa að miklu leyti stöðvazt, og er því líklegt, að fá megi á leigu nú í haust eitt eða fleiri smáskip á stærð við Óðin eða Sæbjörgu, sem nú eru notuð til tundurduflaleitar, til þess að nota í sama skyni, og auka þannig það öryggi sjófarenda, sem leitast er við að ná með tundurduflaleitum þeim, er fram hafa farið hingað til.

Til þess að flýta fyrir aðgerðum í þessu efni er þessi þáttill. fram komin.

Sp.

2. Breytingartillaga

við till. til þál. um auknar ráðstafanir til eyðingar á tundurduflum við strendur landsins.

Frá Gísla Sveinssyni.

Við till. bætist: svo og, að sjórekin tundurdufl verði tafarlaust eyðilögð.

Ed.

3. Frumvarp til laga

um viðauka við lög nr. 38 27. júní 1941, um breyting á lögum nr. 27 13. jan. 1938, um váttryggingarfélög fyrir vélbáta.

(Lagt fyrir Alþingi á 58. löggjafarþingi, 1941.)

1. gr.

Lög nr. 38 27. júní 1941, um breyting á lögum nr. 27 13. jan. 1938, um váttryggingarfélög fyrir vélbáta, skulu öðlast gildi nú þegar.

Alþt. 1941. A. (58. löggjafarþing).

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem er lagt fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 38 27. júní 1941, um breyting á lögum nr. 27 13. janúar 1938, um váttryggingarfélag fyrir vélbáta.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Atvinnumálaráðherra hefur tjáð mér, að lög nr. 38 27. júní 1941, um breyting á lögum nr. 27 13. janúar 1938, um váttryggingarfélag fyrir vélbáta, hafi í sér fólgnar ýmsar breytingar, er ekki þola bið, þar á meðal heimild fyrir félögin til þess að tryggja veiðarfæri og til þess að tryggja báta fyrir stríðs-slysum.

Þar sem ekkert gildistökuákvæði er í lögum þessum, og þau öðlast því ekki gildi fyrr en 12 vikum eftir birtingu þeirra í Stjórnartíðindunum, telur atvinnumálaráðherra nauðsyn bera til, að með bráðabirgðalögum verði ákveðið, að framangreind lög skuli öðlast gildi þegar í stað.

Með því að ég fellst á, að brýna nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar um framangreint efni, tel ég rétt að gefa út bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

Lög nr. 38 27. júní 1941, um breyting á lögum nr. 27. 13. janúar 1938, um váttryggingarfélag fyrir vélbáta, skulu öðlast gildi nú þegar.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Gjört í Reykjavík, 18. júlí 1941.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

Nd.

4. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 4 4. maí 1925, um viðauka við lög nr. 33 19. júní 1922, um fiskveiðar í landhelgi.

(Lagt fyrir Alþingi á 58. löggjafarþingi, 1941.)

1. gr.

2. málsgr. 1. gr. laganna nr. 4 4. maí 1925, um viðauka við lög nr. 33 19. júní 1922, um fiskveiðar í landhelgi, orðist þannig:

Atvinnumálaráðherra getur þó veitt islenzkum ríkisborgurum eða félögum, sem fullnægja skilyrðum 11. gr. framangreindra laga nr. 33 1922, leyfi til þess að leigja erlend skip til síldveiða í landhelgi hér við land sumarið 1941, og til að hafa erlenda skipshöfn á skipum þessum, ef með þarf.

Framangreint leyfi skal bundið við hvert einstakt skip fyrir sig og skal það því aðeins veitt, að leyfisbeiðni fylgi yfirlýsing frá innlendri síldarverksmiðju um, að hún muni taka til vinnslu bræðslusíldarafla skipsins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem er lagt fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 4 4. maí 1925, um viðauka við lög nr. 33 19. júní 1922, um fiskveiðar í landhelgi.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Atvinnumálaráðherra hefur tjáð mér, að hann telji, að nauðsyn beri til, að honum verði veitt sams konar heimild og veitt var með bráðabirgðalögum frá 5. júlí 1940 til þess að leyfa íslenskum ríkisborgurum að leigja norsk fiskiskip til síldveiða á þessu sumri og að norsk skipshöfn verði á skipum þessum.

Með því að ég fellst á, að brýna nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar um framangreint efni, tel ég það rétt að gefa út bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

2. málsg. 1. gr. laganna nr. 4 4. maí 1925, um viðauka við lög nr. 33 19. júní 1922, um fiskveiðar í landhelgi, orðist þannig:

Atvinnumálaráðherra getur þó veitt íslenskum ríkisborgurum eða félögum, sem fullnægja skilyrðum 11. gr. framangreindra laga nr. 33 1922, leyfi til þess að leigja erlend skip til síldveiða í landhelgi hér við land sumarið 1941, og til að hafa erlenda skipshöfn á skipum þessum, ef með þarf.

Framangreint leyfi skal bundið við hvert einstakt skip fyrir sig og skal það því aðeins veitt, að leyfisbeiðni fylgi yfirlýsing frá innlendri síldarverksmiðju um, að hún muni taka til vinnslu bræðslusíldarafla skipsins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 18. júlí 1941.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

Nd.

5. Frumvarp til laga

um viðauka við og breyting á lögum 8. sept. 1941 um húsaleigu.

(Lagt fyrir Alþingi á 58. löggjafarþingi, 1941.)

1. gr.

Leigusala er óheimilt að segja upp leigusamningum um íbúðarhúsnæði, nema honum sé þess brýn þörf til eigin íbúðar, að dómi húsaleigunefndar (fasteignamats-

nefndar), og að hann hafi verið orðinn eigandi hússins áður en lög þessi öðluðust gildi.

Uppsagnir á íbúðarhúsnæði, sem fram hafa farið fyrir gildistöku þessara laga og ekki hafa komið til framkvæmdar, skulu vera ógildar, nema húseigandi sanni fyrir húsaleigunefnd, að hann sé húsnæðislaus og þurfi þess vegna á húsnæðinu að halda til íbúðar fyrir sjálfan sig.

2. gr.

Húseiganda er óheimilt að leigja öðrum en heimilisföstum innanhéraðsmönnum íbúðarhúsnæði.

Leigusamningar, sem gerðir hafa verið fyrir gildistöku þessara laga, en óheimilir væru eftir ákvæði 1. mgr., eru ógildir.

Þegar alveg sérstaklega stendur á, er húsaleigunefnd (fasteignamatsnefnd) heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar.

3. gr.

Ef íbúðarhúsnæði er heimildarlaust tekið til annarrar notkunar en íbúðar, er húsaleigunefnd rétt að skylda húseiganda, að viðlögðum allt að 100 kr. dagsektum, að taka upp fyrri notkun húsnæðisins.

4. gr.

4. mgr. 1. gr. laga 8. september 1941, um húsaleigu, er úr gildi felld.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem er lagt fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um viðauka við og breyting á lögum 8. sept. 1941 um húsaleigu.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Félagsmálaráðherra hefur tjáð mér, að skýrslusöfnun hafi farið fram um núverandi húsnæðisvandræði í Reykjavík. Skýrslur þessar hafa leitt í ljós, að mörg hundruð fjölskyldur, auk fjölda einstaklinga, ýmist séu nú þegar húsnæðislausar eða verði húsnæðislausar 1. október næstkomandi. Jafnframt sé upplýst, að mikil húsnæðisvandræði séu í öðrum kaupstöðum og kauptúnum landsins.

Til þess að ráða bót á þessu vandræðaástandi telur félagsmálaráðherra nauðsynlegt að breyta núgildandi húsaleigulögum í verulegum atriðum.

Með því að ég fellst á, að brýna nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar um framangreint efni, tel ég það rétt að gefa út bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

Leigusala er óheimilt að segja upp leigusamningum um íbúðarhúsnæði, nema honum sé þess brýn þörf til eigin íbúðar, að dómi húsaleigunefndar (fasteignamatsnefndar), og að hann hafi verið orðinn eigandi hússins áður en lög þessi öðluðust gildi.

Uppsagnir á íbúðarhúsnæði, sem fram hafa farið fyrir gildistöku þessara laga

og ekki hafa komið til framkvæmdar, skulu vera ógildar, nema húseigandi sanni fyrir húsaleigunefnd, að hann sé húsnæðislaus og þurfi þess vegna á húsnæðinu að halda til íbúðar fyrir sjálfan sig.

2. gr.

Húseiganda er óheimilt að leigja öðrum en heimilisföstum innanhéraðsmönnum íbúðarhúsnæði.

Leigusamningar, sem gerðir hafa verið fyrir gildistöku þessara laga, en óheimilir væru eftir ákvæði 1. mgr., eru ógildir.

Þegar alveg sérstaklega stendur á, er húsaleigunefnd (fasteignamatsnefnd) heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar.

3. gr.

Ef íbúðarhúsnæði er heimildarlaust tekið til annarrar notkunar en íbúðar, er húsaleigunefnd rétt að skylda húseiganda, að viðlögðum allt að 100 kr. dagsektum, að taka upp fyrri notkun húsnæðisins.

4. gr.

4. mgr. 1. gr. laga 8. september 1941, um húsaleigu, er úr gildi felld.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 8. september 1941.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Stefán Jóh. Stefánsson.

Nd. 6. Tillaga til þingsályktunar

um fisksölusamninginn við Breta.

Flm.: Finnur Jónsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að leita nú þegar eftir endurskoðun á fisksölusamningnum við Breta.

Greinargerð.

Auk þess, sem samningur þessi hefur mætt mjög sterkri gagnrýni af hálfu fiskimanna og útgerðarmanna, hefur framkvæmd hans farið þannig úr hendi, að óviðunandi má telja.

Nánar í framsögu.

Ed. 7. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 75 frá 21. júní 1921, um stimpilgjald.

Flm.: Þorsteinn Þorsteinsson.

1. gr.

14. gr. laganna orðist þannig:

Þeir, sem hafa á hendi stimplun skjala, geta krafizt allra nauðsynlegra skýringa af hálfu þeirra, er stimplunar beiðast, og ákveða síðan gjaldið, framkvæma stimpl-

unina og afhenda skjalið beiðanda. Þegar afsalsbréf eða leigusamningar greina ekki hina stimpilskyldu upphæð, ber að áætla hana það háa, að vist sé um það, að söluverð eða leiga hafi ekki hærra verið í raun og veru. Verð fasteigna undir slíkum kringumstæðum skal aldrei áætla lægra en tvöfalt fasteignamat hinnar seldu eignar. Ef gjaldandi er óánægður með ákvörðun gjaldsins, getur hann skotið því undir úrskurð stjórnarráðsins innan tveggja mánaða, en fylgja skal jafnan umsögn lögreglustjóra. Ef hlutaðeigandi vill eigi heldur una við úrskurð stjórnarráðsins, getur hann lagt málið undir dómstólana.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Gætt hefur nokkurs ósamræmis um ákvörðun stimpilgjalds við sölu fasteigna. Hafa ýmsir gjaldheimtumenn krafizt rækilegra skýrslna um söluverð, ef það hefur ekki verið tilgreint í kaupsamningi eða afsalsbréfi, og innheimt gjaldið samkvæmt því. Aðrir hafa ekki leitað skýrslna um söluverðið og aðeins krafizt stimpilgjalds af jafnhárri upphæð og hin selda eign var virt að fasteignamati, er söluverð var ekki tilgreint í hinu stimpilskylda bréfi. Nú þegar fasteignir eru seldar tvöföldu og þreföldu fasteignamatsverði, hverfa ríkissjóði verulegar tekjur, ef ekki er gengið ríkt eftir, að stimpilgjald sé greitt af hinu raunverulega söluverði. Kemur og slík aðferð oftast niður þeim til góðs, er sízt skyldi. Má varla lengur við svo búið standa. Rétt þótti að leggja nokkur viðurlög við, ef ekki er verð fasteigna ákveðið í sölubréfum þeirra, þótt þau verði lítil eins og nú er verðlagi háttáð.

Sþ.

8. Tillaga til þingsályktunar

um auknar ráðstafanir til eyðingar á tundurduflum við strendur landsins.

(Eftir fyrri umr.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um það sem fyrst, að fleiri skip en nú er kostur á verði látin starfa að eyðileggingu tundurdufla meðfram ströndum landsins, svo og að sjórekin tundurdufl verði tafarlaust eyðilögð.

Nd.

9. Frumvarp til laga

um ráðstafanir gegn dýrtíðinni.

Flm.: Eysteinn Jónsson.

1. gr.

Skipa skal fimm manna nefnd, kauplagsnefnd, einn eftir tilnefningu hæstaréttar, og sé hann formaður, en hina fjóra eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands, Bandalags opinberra starfsmanna, Búnaðarfélags Íslands og Vinnuveitendafélags Íslands. Nefnd þessi skal með aðstoð Hagstofu Íslands gera yfirlit um breytingu á framfærslukostnaði í Reykjavík mánaðarlega, miðað við meðalverðlag mánuðina janúar—marz 1939, eftir grundvallarreglum, sem hún setur. Við þennan útreikning skal sleppt broti úr stigi, hálfu eða minna, en annars hækka í heilt stig. Kostnaður við nefndina, þar á meðal þóknun til nefndarmanna, greiðist úr ríkissjóði.

2. gr.

Til 1. sept. 1942 er óheimilt að hækka grunnkaup launþega, sem greitt er við gildistöku laga þessara, hvort sem það er greitt samkvæmt gildandi samningum milli stéttarféлага og vinnuveitenda, eftir auglýstum kauptóxtum eða á annan hátt. Verðlagsuppbót, sem greidd er á slíkt grunnkaup, má ekki fara fram úr uppbót þeirri, sem greiðist samkvæmt þeirri vísutölu kauplagsnefndar, sem byggð er á framfærslukostnaði 1. okt. 1941. — Kaupgjald það, sem greitt er án þess að beint sé miðað við verðlagsuppbót, skal ekki hækka frá því, sem það var fyrir gildistöku laganna, miðað við sama stað og sama árstíma árið á undan gildistöku þeirra.

3. gr.

Til 1. sept. 1942 er óheimilt að hækka útsöluverð á mjólk og mjólkurafurðum, kindakjöti, kartöflum og rófum, fiski, nýjum og söltuðum, og rafmagni frá því, sem það var 1. okt. 1941. Heimilt er þó að hækka verð á kindakjöti, kartöflum og rófum eftir árstíðum, svo sem hér segir: Fryst kindakjöt má hækka fyrir geymslukostnaði um allt að 40 aura hvert kg., og sé hækkunin framkvæmd á sama árstíma og gert var árið fyrir gildistöku þessara laga. Enn fremur má selja nýtt kindakjöt að sumrinu til fyrir allt að jafnhátt verð og það var selt á sama tíma sumarið 1941. Kartöflur og gulrófur má hækka fyrir geymslukostnaði og rýrnun eins og hér segir: Í hverjum mánuði, nóvember—júni, að báðum meðtöldum, mega kartöflur og gulrófur hækka um 2% af verði því, sem gildi 1. okt. 1941. Nýjar kartöflur, sem seldar eru í júlí—ágúst, má ekki selja hærra verði en sem nemur verðinu 1. okt. 1941, að viðbættum 100%.

4. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða hámarksálagningu eða leggja hámarksverð á vörur þær, sem eigi eru taldar í 3. gr., enda hafi áður verið leitað tillagna verðlagsnefndar.

5. gr.

Óheimilt er að taka hærra flutningsgjald fyrir kornvörur, kaffi, sykur, smjör, líkisolíur og tilbúinn áburð með íslenskum skipum eða skipum, sem leigð eru af íslenskum aðilum, en 80% af þeim flutningsgjöldum, er tekið voru 1. okt. 1941. Sameinað Alþingi kýs 3 manna nefnd, að viðhafðri hlutfallskosningu, er ákveði flutningsgjöld fyrir aðrar vörur, sem fluttar eru að eða frá landinu með þeim skipum, er að ofan greinir.

6. gr.

Óheimilt er að taka hærri húsaleigu en heimilt var á tímabilinu 1. okt. 1941 til 11. maí 1942, samkvæmt lögum 8. sept. 1941, um húsaleigu, sbr. bráðabirgðalög s. d.

7. gr.

Stofna skal dýrtíðarsjóð með 8 millj. kr. framlagi úr ríkissjóði, er greiðist með jöfnum afborgunum mánaðarlega á tímabilinu 1. nóv. 1941 til 1. apríl 1942.

8. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að verja fé dýrtíðarsjóðs til þess að koma í veg fyrir hækkun á verðlagi nauðsynja til neyzlu og framleiðslu innlendra vara. Enn fremur skal verja fé úr sjóðnum eftir því, sem þörf krefur, til þess að verðbæta útflutningsvörur landbúnaðarins, framleiddar árið 1941, á þann hátt, sem hér segir, og að svo miklu leyti, sem þær fást eigi verðbættar annars staðar að: **Dilkakjöt**, svo að það nái sama verði og kjöt, selt innanlands af framleiðslu ársins 1941. **Gærur og ull**, svo að sama verð fáið fyrir þær vörur og fékkst fyrir þessar afurðir framleiddar árið 1940. Við úthlutun verðuppbótar skal leggja til grundvallar útflutningsverð Sambands íslenskra samvinnufélaga.

9. gr.

Með reglugerð er heimilt að setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara og jafnframt um eftirlit með því, að ákvæðum þeirra sé fylgt. Kostnaður við slíkt eftirlit greiðist úr ríkissjóði.

10. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara, reglugerða, auglýsinga eða annarra fyrirmæla, er sett kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum, allt að 50000 kr. Með mál út af brotum þessum skal farið sem lögreglumál.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Rúmlega tvö ár eru nú liðin frá því að stríð brauzt út. Eitt af hinum mörgu vandamálum, sem siglt hafa í kjölfar þess, er dýrtíðarmálið svonefnda. Enn sem komið er hefur minna en skyldi verið gert til þess að vinna gegn verðbólgu þeirri, er stöðugt fer vaxandi, en nú munu flestir vera komnir á þá skoðun, að við svo búið megi ekki lengur standa. Á því getur ekki verið neinn vafi, að mikið veltur á því, hvernig tekst til um lausn á þessu máli, og það ekki aðeins frá fjárhagslegu sjónarmiði. Stjórn mála- og félagsmálaþróun næstu ára og jafnvel áratuga mun að verulegu leyti mótast af því, sem nú verður gert eða ógert látið í þessum efnunum. — Um það verður ekki deilt, að aðgerðir, sem miða að því að stöðva dýrtíðarflóðið, eru í þágu allra stétta þjóðfélagsins og æftu að vera sameiginlegt mál allra flokka. Enginn mun komast hjá því að finna til erfiðleika þeirra, sem síðar munu fram koma, ef menn vegna viljaskorts og einurðarleysis hafast ekkert að í dýrtíðarmálunum.

Þessi tvö stýrjaldarar hafa fylgzt að stöðugar verðlags- og kauphækkunarir. Hinar raunverulegu orsakir þessarar þróunar eiga sumpart rætur sínar að rekja til áhrifa stýrjaldarinnar, en sumpart til ráðstafana, sem gerðar hafa verið hér í landinu sjálfu. Nægir í því sambandi að benda á þrjú atriði. Í fyrsta lagi utanaðkomandi verðhækkunarir, bæði á innfluttum og sumum útfluttum vörum, sem líka eru notaðar til neyzlu innanlands. Í öðru lagi þá kaupmáttaraukningu, sem stafað hefur frá miklum útflutningi samfara lágu gengi á krónunni og einnig hefur orðið vegna dvalar og framkvæmda erlends setuliðs hér á landi. Loks er vísitölufyrirkomulagið við útborgun launa, sem frá síðustu áramótum hefur fengið að verka óhindrað, þar sem hver verðhækkun hefur af sjálfu sér leitt til hlutfallslegrar hækkunar á kaupum allra launþega í landinu og hver kauphækkun til verðhækkunar og svo koll af kolli.

Tvær fyrstu orsakirnar eru okkur að miklu leyti ósjálfráðar, þótt nokkur möguleiki hafi verið til þess að vinna gegn verkunum þeirra með krónuhækkun, ef hún hefði verið framkvæmanleg í tæka tíð. Þriðja höfuðorsökin aftur á móti, og það sú, sem væntanlega veldur mestu nú orðið, er heimatilbúin, og það er undir landsmönnum sjálfum komið, hvort sú orsök fær að verka áfram eða ekki.

Það er einsætt, að mikið er undir því komið, hver af þessum þrem orsökum er þýðingarmest fyrir áframhaldandi verð- og kauphækkunarir. Svárið við þeirri spurningu getur varla orðið annað en að hinar tvær fyrstu orsakir hafi haft aðalþýðingu fyrst í stað og nokkuð fram eftir, og sú síðari hafði talsverða þýðingu enn þá, en að það, sem síðan hefur fengið vaxandi og yfirgnæfandi þýðingu, sé vísitölufyrirkomulagið og sá skrúfugangur, sem það skapar á verðlags- og kaupgjaldsmálum. Þannig virðist ástatt eins og nú standa sakir, og framkvæmdir verður að miða við þau öfl, sem nú eru aðalþáttur í vexti dýrtíðarinnar. Verður hér vikið lítið eitt nánar að vísitölufyrirkomulaginu og áhrifum þess.

Eins og nú er háttað um kaupgjaldsgreiðslur í landinu, og sem kallað er vísitölufyrirkomulagið, leiðir orðin verðhækkun svo að segja án tafar til samsvarandi

kauphækkunar. Kauphækkunin veldur þá aftur nýjum verðhækkunum, sérstaklega á innlendum vörum, þar sem framleiðslukostnaður fer sífellt vaxandi. Launin hækka þá aftur, og þannig heldur áfram hringrás, sem áhrif hefur á allt verðlag og svo að segja alla kostnaðarliði og verður endalaus, sé hún ekki stöðvuð með sérstökum ráðstöfunum eða verðlag erlendis lækki stórkostlega. Með öðrum orðum, verði í eitt skipti af einhverjum ástæðum veruleg verð- og kauphækkun, nægir **visitölufyrirkomulagið eitt til þess að viðhalda áframhaldandi kapphlaupi milli verðlags og kaups án þess að þær orsakir, sem komu upprunalegri verðhækkun af stað, séu lengur að verki og án þess að yfirleitt þurfi að vera fyrir hendi neinar aðrar verðhækkunarorsakir.** Í þessu liggur mikið öfugstreymi.

Auk þess, sem þjóðfélaginu stafar stórhætta af þessu, eins og síðar mun sýnt fram á, er hér um verð- og kauphækkunir að ræða, sem þegar í stað eða fyrr en varir verða að litlum notum fyrir þá, sem ætlazt er til, að njóti þeirra. Launþegarnir eru alveg jafnnær, þótt kaupið hækki í samræmi við hækkun verðlagsins, launahækkunin er þá þegar í stað upp vegin af nýjum verðhækkunum og kaupgetan vex ekki. Lífskjör launþeganna eru þá óbreytt eftir sem áður.

Það er þjóðfélaginu í heild fyrir beztu, að reynt sé að koma í veg fyrir endalaust kapphlaup á milli kaupgjalds og verðlags. Hafa verður hugfast, að til lengdar hlýtur þjóðfélagið í heild og þar með bæði framleiðendur og neytendur að tapa, ef visitölufyrirkomulagið fær að verka óhindrað um óákveðinn tíma.

Skal nú vikið að því stuttlega, hvers vænta má, ef sú fjárhagsþróun verður ekki stöðvuð, sem nú á sér stað.

Í fyrsta lagi má gera ráð fyrir því, að vöxturinn í verðhækkunarhreyfingunni verði svo ör og framleiðslukostnaðurinn þar af leiðandi svo hár, að menn neyðist til þess að verðfella gjaldmiðil landsins til viðbótar því verðfalli hans, sem stafar af verðhækkuninni sjálfri. Sérstaklega er hætta á, að svo geti orðið, ef núverandi ástand dregst á langinn, þ. e. a. s. ef stríðið stendur lengi og verulegar grunnkaupshækkunir eiga sér stað ofan á þær hækkunir, sem af visitölufyrirkomulaginu leiðir.

Fyrir þá, sem yrðu aðnjótandi launahækkana, mundi því aðeins verða um stundarhagnað að ræða, en þjóðfélagið í heild mundi bíða mikið tjón. Svipað má segja um hækkunir á innanlandsverði afurða úr því, sem nú er komið.

Alveg sérstaklega má búast við stórlega auknum erfiðleikum eftir stríð, frá því sem þyrfti að verða, ef ekki tekst að stöðva verðbólguna. Gefið er, að verðfall verður mikið á útflutningsafurðunum og sölutregða að stríðinu loknu og jafnvel fyrr. Laun og innanlandsverðlag yrði þá svo hátt orðið, að framleiðslan gæti ekki borið sig, og framleiðslukostnaður í algeru ósamræmi við útflutningsverð íslenskra afurða. Þegar hér væri komið, ætti vísitalan að fara að lækka á ný og kaupgjaldið og afurðaverðið, en lækkun hennar mundi ganga mjög seint þegar af þeirri ástæðu, hve aðflutningsverð erlendra nauðsynja yrði þá orðið lítill hluti framfærslukostnaðar. Verðlækkun útflutningsvaranna er hins vegar oft mjög snögg og mundi þegar í stað koma fram með fullum þunga á brúttótekjur atvinnuveganna.

Óhjákvæmileg afleiðing af þessu yrði atvinnuleysi, gjaldeyrisvandráði, almenn tekjurýrnun, — og samfara öllu þessu félagsleg ókyrrð, verkföll o. s. frv., og eftir því, sem hærra verður risið á meðan styrjöldin stendur, eftir því verður fallið hærra og afleiðingarikara, þegar útflutningsverðlag lækkar á ný, og jafnvel áður en það lækkar, ef framleiðslukostnaður heldur sí og æ áfram að hækka.

Margt bendir til þess, að hér sé nú þegar farið að bera á því, að verr borgi sig en áður að reka fiskveiðar þegar fisktregða er, og er það aðeins lítið sýnishorn þess, er koma mun.

Þá má nefna hina óheilbrigðu spákaupmennsku í skjóli síhækkandi verðlags og ótta við rýrnandi gildi peninga, en því víðtækari sem hún verður, þeim mun meiri verða erfiðleikarnir síðar. Sérstök ástæða er til þess að minna á þá hættu, sem sparnaðarvilja þjóðarinnar stafar af því ástandi, sem nú er. Síhækkandi verð-

lag rýrir gildi peninganna. Nú er alveg sérstakt tækifæri fyrir mikinn fjölda manna til þess að verða hjargálna og eignast þá fjármuni, sem skort hefur til þess að þeir gætu eignast eigin heimili og stofnað til sjálfstæðs atvinnurekstrar. Þau tækifæri, sem þessir menn eignast nú, verða að engu gerð, ef eigi verða gerðar ráðstafanir til þess að halda uppi verðmæti peninganna.

Það er einsætt, að sú eina niðurstaða, sem ábyrgir aðilar geta komið að í þessu máli, er sú, að leita verði allra ráða til þess að forða þjóðfélaginu frá þeim örlagaríku afleiðingum, sem af verðbólgunni og verðhruni gjaldmiðilsins hlýtur að leiða.

Af því, sem sagt hefur verið um „vísitölufyrirkomulagið“, er ljóst, að mikið getur unnizt við, að höggið sé á verðhækkanaeðju þá, sem það felur í sér. Það er einmitt þetta, sem er eitt aðalatriði frumvarps þess, sem hér er lagt fram, þar sem samtímis eru lagðar hömlur á launahækkunir og verðhækkunir á helztu innlendum neyzluvörum, flutningsgjöld á helztu erlendum nauðsynjavörum fest með lögum, húsaleiga lögbundin á ný og hert á lagaákvæðum um eftirlit með verðlagi á erlendri vöru.

Annað aðalatriði frumvarpsins er, að ríkissjóður leggi fram fé til þess að koma í veg fyrir verðhækkunir á erlendum vörum, sem þýðingu hafa, og koma þannig, svo sem frekast er unnt, í veg fyrir, að framfærslukostnaður og framleiðslukostnaður hækki.

Þriðja meginatriði frumvarpsins er ákvæði um, að tryggt verði jafnhátt verð á útflutningsvörum landbúnaðarins og fékkst fyrir afurðir síðasta árs, að því er ull og gærur snertir, og sama verð fyrir útflutt kjöt og fæst fyrir kjöt á innlendum markaði. Að vísu ætti að mega reikna með því, að uppbætur á verðlag þessara vara fáist annars staðar að, en eigi að síður þótti rétt að slá því föstu hér, að sé innanlandsverðlag landbúnaðarafurða fest, þá verður um leið að fylgja öryggisákvæði um útfluttu vörurnar. Væri þetta ákvæði ekki í frumvarpinu, ættu framleiðendur innlendra vara yfir höfði sér verðlækkun á útfluttum vörum, án þess að geta unnið slíka tekjurýrnun upp með hækkun á verðlagi innanlands.

Á síðasta þingi voru samþykkt heimildarlög fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtiðar og erfiðleika atvinnuveganna. Samkvæmt þeim var ríkisstjórninni heimilað að ákveða farmgjöld af vörum, innfluttum með íslenskum skipum, að fella niður til ársloka 1942 tolla af kornvörum og að lækka um helming tolla af sykri á sama tíma. Auk þessara verðlækkunarráðstafana var stjórninni heimilað að hækka tolla allt að 50% á ýmsum munaðarvörum, að leggja sérstakt útflutningsgjald, allt að 10% af fobverðinu, á útflutningsafurðir, sem seldust vel, að innheimta 10% viðauka á tekju- og eignarskatt, álagðan á árinu 1941, og loks að nota allt að 5 millj. kr. af tekjum ríkissjóðs 1941. Tekjur þessar skyldi nota til að draga úr hækkun framfærslukostnaðar og til þess að styðja þá framleiðendur, sem væru neyddir til þess af styrjaldarástæðum að selja vöru sína óeðlilega lágu verði.

Grundvallaratriðið í þessum ráðstöfunum var að vinna á móti áframhaldandi dýrtíð — og þar með gegn frekari launahækkunum — með því að greiða verðuppbætur með þýðingarmiklum neyzluvörum.

Þegar til framkvæmdanna kom, gat ekki orðið samkomulag milli fulltrúa flokkanna í ríkisstjórninni, og hefur því ekkert verið aðhafzt í þessum málum enn sem komið er.

Ein aðalmótbáran, sem komið hefur fram gegn framkvæmd dýrtiðarlaganna frá síðasta þingi, var sú, að ekki væri með neinum öruggum ákvæðum tryggt, að vísitalan héldi ekki áfram að hækka vegna kapphlaups á milli kaupgjalds og afurðaverðs, þótt fé yrði lagt fram til lækkunar á henni í bili eða til þess að draga úr hækkun hennar. Sams konar aðfinnslu var talsvert hreyft á Alþingi í fyrravetur, þegar dýrtiðarlögin voru rædd. Með festingarákvæðum frumvarps þessa er þessari gagnrýni mætt til hlítar.

Með því frumvarpi, sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir, að gripið verði til þeirra úrræða, sem ein virðast, eins og nú er komið málum, líkleg til þess að stöðva

þá þróun, sem nú á sér stað, enda verði þá um leið gerðar nauðsynlegar hliðar-ráðstafanir. Er hér að verulegu leyti um að ræða framhald á þeim ráðstöfunum, sem þingið gerði ráð fyrir í heimildarlögum frá síðasta þingi, en með hinni fyrir-huguðu festingu á kaupgjaldi og verðlagi er ætlunin að auka tryggingu fyrir því, að framlög fjár til þess að halda niðri verði komi að fullu gagni.

Dýrtíðarsjóðnum er ætlað, eins og áður segir, jafnframt því, sem hann stendur undir verðuppbótum á útfluttar vörur, að hindra sem mest, að verðhækkunir á að-fluttum vörum hafi áhrif á vísitöluna til hækkunar eða hækki framleiðslukostnað-inn, annaðhvort með því, að greiddar verði verðuppbætur með þeim innfluttum vörum, sem hafa stigið í verði, eða með innlendum vörum, þannig að verðhækkunin vegist upp. Erlendar vörur og vörur, sem að verulegu leyti eru framleiddar úr innfluttum efnum, er tiltölulega mjög litill þáttur í vísitölunni, og það svo litill, að talsverðar verðhækkunir á innkaupsverði þessara vara þurfa að eiga sér stað til þess, að um eins stigs hækkun á vísitölunni geti orðið að ræða. Af því leiðir, að uppbæturnar ættu ekki að þurfa að verða úr hófi fjárfrekar.

Þannig er gert ráð fyrir, að slíkar hækkunir verði bornar sameiginlega af lands-mönnum, og ætti að vera auðvelt að afla fjár til þessara uppbóta eins og nú er hátt-að tekjum þjóðarinnar.

Aukin fjáröflun í þessu skyni snertir því mjög svo frumvarp þetta, enda munu tillögur um slíka fjáröflun koma fram í sambandi við meðferð þess.

Um 1. gr.: Í gengislögum frá 4. apríl 1939 er ákvæði um kauplagsnefnd. Er þar svo ákveðið, að hún skuli reikna út vísitölu fyrir framfærslukostnaði í Reykja-vík. Í þessari grein eru tekin upp ákvæði um kauplagsnefnd og henni ætlað sama hlutverk og nefnd þeirri, sem starfar samkvæmt áður greindum lögum. Hins vegar er hér lagt til, að nefndarmönnum verði fjölgað úr 3 upp í 5 og breytt nokkuð samsetningu hennar í því skyni, að fleiri sjónarmið komi til greina en verið hefur.

Um 2. gr.: Í greininni eru ákvæði um bindingu kaupgjalds og launa. Samkvæmt þeim verður óheimilt að hækka laun og kaupgjald fram úr því, sem það á að vera samkvæmt vísitölu þeirri, sem miðað er við verðlag 1. okt. s. l. Eins og kunnugt er, fer ekki allt kaupgjald í landinu eftir vísitölunni. Til ýmiss konar lausavinnu, svo sem kaupavinnu o. fl., hafa menn verið ráðnir án þess að nákvæmlega hafi verið miðað við grunnkaup fyrir stríð og verðlagsuppbót. Í þess-ari grein er lagt til, að slíkt kaupgjald miðist við það, sem var síðasta ár. Er þetta byggt á því, að kaupgjald var síðast liðið ár yfirleitt fyllilega miðað við þá dýrtíð, sem orðin var, og í mörgum dæmum raunar hækkað meira en verð-lagsvísitalan.

Um 3. gr.: Ákvæði greinarinnar gera óheimilt að hækka útsöluverð á flest-um tegundum innlendra afurða, bæði landbúnaðarafurða og sjávarafurða, frá því, sem það var 1. okt. 1941. Heimilaðar eru þó árstíðarhækkunir á kindakjöti, kartöflum og rófum, eftir því sem nánar er tiltekið í frumvarpsgreininni. Ákvæði 2. gr. um kaupgjald og 3. gr. um hámarksverð á innlendum afurðum eiga samkvæmt frv. að gilda til 1. sept. 1942. Það er því lagt til að binda þetta hvort tveggja til tæplega eins árs. Er þetta gert til þess að fyrirbyggja þann misskilning, sem annars kynni að eiga sér stað, að tilætlunin væri sú að halda þessum ákvæðum um óákveðinn tíma, jafnvel þótt þeirra kynni ekki að teljast þörf af almennum ástæðum eða þrátt fyrir það, þótt fyrir lægi, að slíkt væri eigi sanngjarnt vegna breyttra ástæðna. Hins vegar er gengið út frá því, að þessi ákvæði laganna verði framlengd, svo framarlega sem ástæður hafa ekki breytt verulega frá því, sem nú er, og ef það sýnir sig, þegar að því kemur, að lögin hafi í aðalatriðum náð tilgangi sínum.

Um 4. gr.: Greinin ákveður, að ríkisstjórninni sé heimilt að setja hámarks-verð á þær vörur, sem ekki hefur verið sett hámarksverð á með öðrum ákvæðum

frv. Eru það erlendar vörur, sem fyrst og fremst falla undir ákvæði þetta. Lög um verðlag frá 2. júlí 1940 standa eftir sem áður, þótt þessi heimild verði leidd í lög. Þau lög eru hins vegar byggð á þeirri reglu, að verðlagsnefndinni er gefið úrslitavald um verðlag. Hér verður því sú breyting á, ef þessi gr. verður samþykkt, að ríkisstjórnin eða sá ráðherra, sem verðlagseftirlitið hefur með höndum, fær úrslitavaldið og getur brugðið út frá því, sem verðlagsnefnd leggur til, ef honum sýnist það ekki hafa við rök að styðjast. Á þetta að vera til þess að tryggja aukið verðlagseftirlit með erlendum vörum frá því, sem nú er.

Um 5. gr.: Greinin fjallar um flutningsgjöldin. Í fyrsta lagi er ákveðið í frumvarpsgreininni sjálfri, hversu hátt flutningsgjald megi taka af helztu nauðsynjavörutegundum erlendum, bæði þeim, sem ætlaðar eru til neyzlu beinlínis, og eins af tilbúnum áburði og fóðurbæti, sem ætlaður er til framleiðslu innlendra afurða. Í öðru lagi er gert ráð fyrir, að sett verði á stofn sérstök nefnd, sem hafi ákvörðunarvald um önnur farmgjöld á vörum til og frá landinu. Er þá gert ráð fyrir því, að ákvörðunum verði að haga þannig, að rekstur millilandaskipanna geti borið sig þrátt fyrir hámark það, sem lögin setja á farmgjöld fyrir nokkrar helztu nauðsynjar. Má vera, að nauðsynlegt verði að setja inn í lögin heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að verja fé í því skyni að bæta eimskipafélagunum halla vegna lagaákvæða þessara. Verður það væntanlega athugað við meðferð málsins.

Um 6. gr.: Greinin fjallar um húsaleigu. Samkvæmt þeim breytingum, sem síðasta Alþingi gerði á húsaleigulögunum, er nú heimilt að hækka húsaleiguna sem svarar auknum viðhaldskostnaði. Hér er aftur á móti lagt til að festa húsaleiguna alveg á nýjan leik, enda hverfur ein meginástæðan fyrir hækkun viðhaldskostnaðarins um leið og hámark er sett á kaupgjald í landinu og verðlag fest.

Um 7. gr.: Greinin ákveður, að stofnaður skuli sérstakur dýrtíðarsjóður með 8 millj. kr. framlagi úr ríkissjóði, er greiðist með jöfnum afborgunum mánaðarlega tímabilið 1. nóv. n. k. til 1. apr. 1942. Hér er gert ráð fyrir, að ríkissjóður leggi fram fé í sjóðinn, en ákvæði um aðra tekjuöflun fylgja ekki í þessu frv. sjálfu. Er þetta gert til þess að taka af allan vafa um það, að þetta fé verði lagt fram á þessum tiltekna tíma. Hins vegar verður að taka upp í framhaldi af þessu máli aukna tekjuöflun til ríkissjóðs og þá fyrst og fremst endurskoðun tekjuskattslaganna.

Um 8. gr.: Þessi grein fjallar um hlutverk dýrtíðarsjóðs.

Með tvennu móti er ráðizt gegn dýrtíðinni með frumvarpi þessu. Annars vegar með því að setja hámark á kaupgjald, afurðaverð, flutningsgjöld, húsaleigu og verzlunarálagningu og koma þannig í veg fyrir, að þeir aðilar, sem hér eiga hlut að máli, hafi ástæðu til þess að hækka verðlagið og kaupgjaldið í því skyni að verja sig gegn hækkun hinna. Hins vegar með því, að varið verði almannafé til þess að bera sameiginlegan kostnað við að koma í veg fyrir hækkun á erlendum nauðsynjavörum á innlendum markaði og að fé verði einnig varið til að tryggja framleiðendum þeirra afurða, sem seldar eru á erlendum markaði, fast verð fyrir útflutningsvörurnar, um leið og verðlagið á vörum þeim, er þeir selja innanlands, er fest. Þetta er því hlutverk dýrtíðarsjóðs. Honum er ætlað að draga úr og eyða þeirri áhættu, sem telja mætti, að annars væri fyrir hendi hjá þeim aðilum, sem kaupbinding og verðfesting snertir. Sé þess gætt, að innkaupsverð þeirra vörutegunda, sem áhrif geta haft á vísitöluna og framleiðslukostnaðinn, er eigi meiri þáttur í vísitölunni en svo, samkvæmt áliti þeirra hagfræðinga, sem mál þessi hafa mest rannsakað, að talsverða hækkun þarf á þessum vörum til þess að vísitalan hækki um eitt stig, og jafnframt hins, að hér er gert ráð fyrir, að mjög verulegir fjármunir verði handbærir til þess að eyða þeim hækkunum, sem fram kynnu að koma, og ráðgerð aukin tekjuöflun, þá verður því með engu móti haldið fram, að hér sé um nokkra teljandi áhættu að ræða fyrir hlutaðeigendur fram til 1. sept. n. k.; og fullkomnið smáræði hlýtur slíkt að teljast, þegar athugað er annars vegar, hvað þessir

sömu aðilar eiga undir því, að slegið verði á verðbólguna og komið í veg fyrir áframhaldandi verðryrnun íslenskra peninga.

Nánar í framsögu.

Ed. 10. Nefndarálit

um frv. til l. um viðauka við l. nr. 38 27. júní 1941, um breyt. á l. nr. 27 13. jan. 1938, um váttryggingarfélög fyrir vélbáta.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til, að frv. verði samþykkt. — Einn nefndarm. (JJós) var fjarverandi, er málið var tekið til meðferðar í nefndinni.

Alþingi, 23. okt. 1941.

Ingvar Pálmason, Sigurjón Á. Ólafsson,
form., frsm. fundaskr.

Ed. 11. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 10 13. jan. 1938, um að reisa síldarverksmiðju á Raufarhöfn og aukningu við síldarverksmiðjur ríkisins á Siglufirði, og lögum nr. 42 12. febr. 1940, um breyting á þeim lögum.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Til þeirrar aukningar síldarverksmiðjanna á Raufarhöfn og Siglufirði, sem um ræðir í lögum nr. 10 13. jan. 1938 og lögum nr. 42 12. febr. 1940, heimilast stjórn síldarverksmiðja ríkisins að taka lán, að upphæð allt að þrjár milljónir og tvö hundruð þúsund krónur, eða jafngildi þess fjár í erlendum gjaldeyri. Ríkissjóður ábyrgist greiðslur téðra lána.

2. gr.

2. gr. laga nr. 10 13. jan. 1938 og 2. gr. laga nr. 42 12. febr. 1940 eru felldar úr gildi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir ósk fjármálaráðherra, og eru einstakir nefndarmenn óbundnir um einstök atriði málsins. Frumvarpinu fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

„Stjórn síldarverksmiðja ríkisins hefur látið í ljós ósk um að mega sjálf annast lántökur þær, sem um ræðir í framangreindum lögum, og hefur þegar samið við Landsbankann um úttegun slíks láns, ef til kæmi. Ráðuneytið telur rétt, að lán, sem tekin eru til byggingar síldarverksmiðjanna, séu ekki talin með skuldum ríkissjóðs, heldur tilfærð á efnahagsreikningi síldarverksmiðjanna, og getur því fallið á, að lánin séu tekin í nafni síldarverksmiðjanna með ábyrgð ríkissjóðs, en til þess þarf að breyta gildandi lögum um lántökur þessar, og er frumvarp þetta því horið fram.“

Sb. 12. Tillaga til þingsályktunar

vegna trúnaðarbrotis við Alþingi.

Flm.: Sveinbjörn Högnason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina, að hún láti rannsókn fara fram á því, hver hefur gerzt sekur um trúnaðarbrot við Alþingi, með því að skýra einu dagblaði bæjarins frá því, sem gerðist á lokuðum fundi í sambandi við brezk-íslenzka fisk-sölusamninginn.

Ástæður.

Eins og kunnugt er, skýrði Morgunblaðið frá því, strax daginn eftir, hvað gerzt hafði á lokuðum fundi Alþingis, er brezk-íslenzki fiskisölusamningurinn var þar til umræðu. Getur slikt ekki komið fyrir nema einhver alþingismanna gerist sekur um trúnaðarbrot við þingið. Þar sem tímarnir eru nú hins vegar þannig, að margt það, sem Alþingi verður að láta til sín taka, er heppilegra að athuga í kyrrþey, þá verður það að teljast mjög alvarleg athöfn að slá það vopn úr hendi þjóðar sinnar, og skiptir þar engu, hvers eðlis það mál er, sem um er að ræða.

Þar sem grunur leikur einnig á, að einn ráðherranna sé við þetta mál riðinn, liggur það í augum uppi, að þingið er tæpast starfhæft fyrr en mál þetta er upplýst og skorður reistar við því, að þetta komi fyrir framvegis.

Nd. 13. Frumvarp til laga

um vatnsveitu í Bolungavík.

Flm.: Sigurður Kristjánsson, Bjarni Bjarnason, Haraldur Guðmundsson.

1. gr.

Ef vatnsveita verður gerð í Bolungavík, skal heimilt að ákveða með gjaldskrá, er ráðherra staðfestir, að vatnsskattur megi nema þreföldu því hámarki, sem ákveðið er í 1. lið 22. gr. laga nr. 15 20. júní 1923 (Vatnalög).

Enn fremur skal heimilt að ákveða í gjaldskrá, að lágmark skattsins af hverju íbúðarhúsi, sem aðstöðu hefur til að nota vatnsveituna, skuli vera allt að 50 kr.

2. gr.

Ákvæði vatnalaganna gilda að öðru leyti um vatnsveitu þá, er um ræðir í 1. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir ósk hreppsnefndar Hólshrepps í Norður-Ísafjarðarsýslu. Hreppsnefndin gerir eftirfarandi grein fyrir frumvarpinu:

„Í Bolungavík eru vatnsbólín brunnar, og er vatn í þeim bæði illt og ófullnægjandi. Þorpsbúar telja það því hið mesta menningarmál og hagsmunamál að fá fullkomna vatnsveitu. Af þessum sökum hefur hreppsnefndin ákveðið að leggja vatnsveitu til þorpsins á næsta vori. Áætlun hefur verið gerð um stofnkostnað. Samkvæmt henni kostar veitan upp komin um 100 þús. kr. Hreppurinn verður að taka 90 þús. kr. lán til verksins. Tilboð er fengið um lánið til 25 ára með 5¼% ársvöxtum. Samkvæmt því er áætlað, að kostnaður af láninu verði 9—10 þús. kr. á ári.

Samkvæmt vatnalögum má vatnsskattur ekki vera hærri en 6% af fasteignamatsverði húsa, og má vatnsskatturinn allur, á hverjum stað, nema í mesta lagi 5% af heildar fasteignamatsverði húsa á staðnum. Í Bolungavík eru hús ekki verðmikil. Fjöldi húsa er ekki metinn herra en 2000—3000 kr. Og fasteignamat allra húsa í þorpinu nemur aðeins 640 þús. kr. Samkvæmt vatnalögum mundi vatnsskatturinn því ekki geta numið meiru en 3200 kr., eða ca. $\frac{1}{3}$ af áætluðum árlegum kostnaði. Það er því augljóst, að heimild vatnalaganna um hámark vatnsskatts geta ekki staðizt, eins og verðlagi nú er háttað.“

Nd.

14. Frumvarp til laga

um breytingar á og viðauka við lög nr. 98 9. júlí 1941, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna.

Flm.: Haraldur Guðmundsson, Finnur Jónsson, Emil Jónsson.

1. gr.

Í stað 2. gr. laganna komi eftirfarandi greinar, er verða 2.—4. grein:

- a. (2. gr.) Ríkisstjórnin skipar þriggja manna ríkisverðlagsnefnd til þess að hafa með höndum verðlagsákvörðanir þær, sem nú eru í höndum verðlagsnefndar, sbr. lög nr. 118 2. júlí 1940, mjólkurverðlagsnefndar, sbr. lög nr. 1 7. jan. 1935, kjötverðlagsnefndar, sbr. lög nr. 2 9. jan. 1935, og verðlagsnefndar þeirrar, er um ræðir í 9. gr. laga nr. 34 1. febr. 1936. Ríkisverðlagsnefnd hefur einnig það hlutverk að ákveða flutningsgjöld fyrir hvers konar flutning með islenzkum skipum eða skipum, sem leigð eru af islenzkum aðilum.

Ríkisstjórnin ákveður, hver nefndarmanna skuli vera formaður. Nefndin ræður framkvæmdastjóra og annað starfsfólk. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

- b. (3. gr.) Ríkisverðlagsnefnd skal haga verðlagsákvörðunum þannig, að nettóágóði verði ekki vegna verðhækkunar vörunnar meiri að upphæð en tíðkaðist í viðkomandi vöruflokkum eða viðskiptum fyrir 1. sept. 1939 við sölu á sama vörumagni, að viðbættu hæfilegu álagi vegna aukinnar áhættu og kostnaðar við sölu vörunnar. Í því skyni ákveður hún hámarksverð á vörum eða hámarksálagningu, þar sem ekki verður komið við ákvörðun hámarksverðs. Þó má aldrei ákveða hærri álagningu á kornvörum, kaffi og sykri en 30% af innkaupsverði (cif.) samtals í smásölu og heildsölu. Við verðlagsákvörðanir skal ríkisverðlagsnefnd njóta aðstoðar verðlagsnefnda þeirra, er um ræðir í 2. gr., og er þeim skylt að láta henni í té allar þær upplýsingar, er hún óskar eftir.

- c. (4. gr.) Óheimilt er að taka herra flutningsgjald fyrir kornvörur, kaffi, sykur og hráefni til smjörlikis- og kaffibætisgerðar (sbr. 5. gr.) með islenzkum skipum eða skipum, sem leigð eru af islenzkum aðilum, heldur en þau flutningsgjöld, sem tekin voru af Eimskipafélagi Íslands fyrir flutninga á þessum vörum frá Kaupmannahöfn 1. sept. 1939.

Nú telur ríkisverðlagsnefnd, að þessi farmgjöld séu of lág, og skal þá greiða uppbætur á þau úr sjóði þeim, er um ræðir í 8. gr., eftir ákvörðun nefndarinnar, og sé þá tekið tillit til afkomu skipaiegenda árið 1940.

2. gr.

3. gr. laganna, sem verður 5. gr., orðist svo:

1. Til ársloka 1942 skal fella niður tolla af: baunum, ertum, linsum, hveiti, rúg, ris með hýði eða án hýðis, bygg, höfrum, maís og annarri ómalaðri kornvöru; mjóli: úr hveiti, úr rúgi, úr ris, úr bygg, úr höfrum, úr maís og öðru ótöldu;

sykri: strásykri, höggnum sykri (molasykri), sallasykri (flórsykri), púðursykri, steinsykri (kandís) og toppasykri; kaffi, óbrenndu og brenndu eða brenndu og möluðu. Enn fremur af efnivörum til smjörlikis- og kaffibætisgerðar; ákveður fjármálaráðuneytið, hvaða vörur tollskrárinnar falla þar undir.

2. Til sama tíma skal hækka um 50% tolla af: áfengi og tóbaki, svo og gjald af innlendum tollvörutegundum, sbr. lög nr. 60 30. des. 1939, og aðflutningsgjöld af sams konar vörum.

3. gr.

a. 4. gr. laganna falli niður.

b. 5. gr. verður 6. gr. og 1. málsg. orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt með reglugerð að leggja sérstakt útflutningsgjald á íslenskar afurðir, sem fluttar eru út úr landinu og seldar eru með stríðsgróða, og má ákveða gjaldið allt að 10 af hundraði. Er ríkisstjórninni heimilt að ákveða mismunandi hátt gjald af hinum ýmsu útflutningsvörum, miðað við framleiðslukostnað og söluverð.

c. 6. gr. verði 7. gr.

4. gr.

Á eftir 6. gr. laganna komi tvær nýjar greinar, er verði 8. og 9. gr., svo hljóðandi:

a. (8. gr.) Til þess að standast útgjöld af ráðstöfunum, sem ákveðnar verða samkvæmt 1. gr. laga þessara, skal stofna sérstakan dýrtíðarsjóð. Í sjóðinn skulu renna þau gjöld, sem ákveðin kunna að verða samkvæmt 6. og 7. gr., en auk þess hafi dýrtíðarsjóður þessar tekjur:

1. 8 millj. kr. framlag úr ríkissjóði, er greiðist með jöfnum afborgunum mánaðarlega á tímabilinu 1. nóvember 1941 til 1. apríl 1942.
2. Tekjur af stríðsgróðaskatti af skattskyldum tekjum ársins 1941, sbr. lög nr. 10 5. maí 1941, um stríðsgróðaskatt.
3. Leggja skal sérstakt gjald á þær kornvörur, kaffi og sykur, sem úthlutað er sérstaklega til veitingahúsa, iðnfyrirtækja og brauðgerðarhúsa (sbr. lög nr. 37 12. júní 1939).

Gjald þetta skal nema:

Fyrir kornvörur á kg.	kr. 0.20
— sykur — —	— 0.30
— kaffi — —	— 1.50

Auk þess skal leggja á þessar vörur gjald, sem nemur á hvert kíló sem næst þeim farmgjalda- og tollaívilnunum, sem veittar eru á hverjum tíma samkvæmt ákvæðum laga þessara. Skömmtnarskrifstofa ríkisins sér um innheimtu á gjaldi þessu, og má krefja það sem stimpilgjald af skömmtnarseðlum þeim, er skömmtnarskrifstofa ríkisins úthlutar þessum fyrirtækjum. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um innheimtu og ákvörðun gjaldsins í samráði við skömmtnarskrifstofu ríkisins.

4. Frá gildistöku laga þessara og til ársloka 1942 skal gjald það af kvikmynda-sýningum, sem greiða ber samkv. lögum nr. 56 31. maí 1927, um skemmtana-skatt og þjóðleikhús, sbr. lög nr. 74 7. maí 1940, innheimt með viðauka, er nemur 25% af andvirði seldra aðgöngumiða.

Nú telur ríkisstjórnin eigi nauðsynlegt að ráðstafa öllu fé dýrtíðarsjóðs samkvæmt ákvæðum 1. gr., og skal þá afgangurinn lagður í sérstakan sjóð, er notaður verði til verklegra framkvæmda og atvinnuaukningar, þegar lokið er heimsstyrjöld þeirri, er nú stendur yfir.

b. (9. gr.) Nú þykir sýnt, að eigi muni vera nægilega miklar birgðir af nauðsynjavörum á hverjum tíma, og er þá ríkisstjórninni heimilt að kaupa birgðir af nauðsynjavörum og sjá um dreifingu á þeim. Nauðsynleg ákvæði um þetta má setja með reglugerð og í henni ákveða viðurlög við brotum.

5. gr.

7. gr. laganna verði 10. gr. og 8. gr. verði 11. gr.

6. gr.

Fyrirsögn laganna verði: Lög um ráðstafanir vegna dýrtíðarinnar.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þegar þau hafa verið staðfest, skal fella þau inn í meginmál laga nr. 98 9. júlí 1941 og gefa þau út svo breytt sem lög um ráðstafanir gegn dýrtíðinni.

Greinargerð.

Síðan núverandi heimsstyrjöld brautz út, hefur varla liðið sá mánuður, að ekkí hafi dýrtíðarvísitalan hækkað um fleiri eða færri stig, og oft hefur hún tekið stór stökk. Nú síðast hækkaði hún um 6 stig og er nú komin í 172 stig. Með sama áframhaldi getur ekki liðið á löngu áður en allt verðlag í landinu hefur tvöfaldast. Um það virðast flestir sammála, að þessi þróun stefni til hins mesta ófarnaðar, jafnvel algers hruns hins íslenska gjaldmiðils. Um hitt eru skoðanirnar skiptari, hverjar eru hinar raunverulegu orsakir þessarar þróunar og hvernig beri að stemma stigu við flóðöldu dýrtíðarinnar. Þegar ákveða skal, hverjar leiðir séu líklegastar til úrbóta, er það vitanlega nauðsynlegt, að fundin sé hin rétta skýring á orsökum dýrtíðarinnar, og skulu þær því raktar hér að nokkru.

Meginorsakir dýrtíðarinnar hingað til eru þrjár:

1. Utanaðkomandi verðhækkun á erlendum vörum, og hefur hin mikla farmgjaldahækkun átt sinn drjúga þátt í henni.
2. Hin stórfellda hækkun á innlendum neytluvörum.
3. Hin mikla kaupmáttaraukning, er stríðsgróði útgerðarinnar flæddi yfir landið, og af völdum brezka setuliðsins hér á landi.

Skal nú hver þessara meginþátta dýrtíðarinnar rakinn nokkuð.

Hin fyrst nefnda orsök getur með réttu talizt frumorsök dýrtíðarinnar, sú, sem fyrst kemur dýrtíðarflóðinu af stað. Er rétt að minna á það, að þegar í stríðsbyrjun hækkuðu farmgjöld stórkostlega og urðu því þegar valdandi verðhækkunum á útlendum vörum. Vitanlega hefur einnig átt sér stað verðhækkun á innkaupsverði erlendu vörunnar, en hún var í fyrstu tiltölulega lítil. Segja má með réttu, að við getum á engan hátt ráðið við, að sú verðhækkun berist til landsins, nema með gengishækkun íslensku krónunnar, og skal drepið á hana síðar. Farmgjaldahækkanirnar höfum við hins vegar að talsvert miklu leyti á okkar valdi, og var það því þýðingarmikið atriði, að eftirlit væri haft með því, að farmgjöldin hækkuðu ekki meira en ýtrasta nauðsyn krefði. En slíkt eftirlit hefur brostið með öllu, og hefur þó ekki skort á, að bent væri á nauðsyn þess.

Farmgjaldahækkunin hefur haft því meiri áhrif til aukningar á dýrtíðinni, að leyfð hefur verið sama hundraðshlutaálagning og áður tíðkaðist ofan á hin háu farmgjöld, tollana á þeim og annan aukinn kostnað, þrátt fyrir heimildir, sem til voru í lögum til þess að hafa hemil á öllu þessu.

Áhrif farmgjaldahækkananna eru bæði bein og óbein. Hin beinu áhrif liggja í augum uppi, þar sem ýmsar þýðingarmiklar erlendar neytluvörur, svo sem allar skömmtunarvörurnar, eru teknar með í vísitölureikninginn. En vitanlega eru hin óbeinu áhrif af farmgjaldahækkuninni enn þýðingarmeiri. Mikill meiri hluti allra farmgjalda er greiddur fyrir flutning á framleiðsluvörum, kolum, hráefnum og framleiðslutækjum. Hækkun á verði þessara vara eykur framleiðslukostnaðinn á öllum innlendum afurðum og kemur því af stað verðhækkunum á þeim. Innlendu neytluvörurnar eru síðan mikill þáttur í dýrtíðarvísitölunni. Er hún hækkar, hækkar kaupid og þar með framleiðslukostnaðurinn á ný og síðan aftur verð innlendu varanna o. s. frv. Þessum óbeinu áhrifum má líkja við það, er steini er kastað á sléttan vatns-

flöt, gáramir berast langt út frá þeim stað, er steinninn lenti. Að vísu mundi þessi ölduhreyfing hverfa skjótlega, ef ekki kæmu stöðugt ný áhrif til hækkunar, en á það hefur sízt skort.

Það er því augljóst mál, að farmgjaldahækkunin er ekki aðeins ein frumorsök dýrtíðarinnar, heldur einnig einn af aðalþáttum hennar. Það þarf ekki heldur annarra vitna við en að athuga reikninga Eimskipafélags Íslands síðastl. ár. Útgerðarkostnaður hefur aukizt gifurlega. Öll sú hækkun er borin uppi með hækkuðum farmgjöldum. Samt græðir félagið á 5. milljón króna á þessu eina ári. Ofan á þessar gifurlegu upphæðir eru svo lagðir tollar, og síðan álagning á þá upphæð, sem þá er komin. Sést þá, um hve geysistórar upphæðir hér er að ræða.

Um verðhækkun íslenzkra afurða er það að segja, að hún hefur, þrátt fyrir það, að farmgjaldahækkunin hefur hækkað verð útlendu vörunnar úr hófi fram, farið langt fram úr verðhækkun erlendu varanna og enn lengra fram úr því, sem kaupgjald hefur hækkað á hverjum tíma.

Í október 1940 er hækkun kaupgjaldsins ekki orðin nema 27% hjá þeim, sem hæstu kaupuppbót fengu. Þá höfðu innlendu vörunnar hækkað að meðaltali nærri 70%. Nýtt kindakjöt hafði hækkað um 67% frá því 1. október árið áður, smjör um 50%, nýmjólk um 42%, kartöflur um 120%, en nýr fiskur frá 68—78% og saltfiskur 118%. 1. október 1941 hefur kaupgjald hækkað um 66%, en meðalhækkun á innlendum matvörum er 124%, eða nálægt helmingi meiri. Hækkun á nýju kindakjöti er þá 152% í smásölu, á smjöri 155%, á nýmjólk 100%, á kartöflum 150%, á nýjum fiski 70—107%, en á saltfiski 208%.

Til þess að sýna, hver áhrif þetta verðlag á íslenzkum matvörum hefur á vísitöluna, skal þess getið, að hækkun á þeim innlendu matvörum, sem teknar eru í vísitöluna, öðrum en brauði, smjörlíki og kaffibæti, en það eru kjöt, fiskur, mjólk og feitmeti og innlendir garðávextir, nam samtals 1408,66 kr., og eru það 37 stig vísitöluunar, eða meira en helmingur af hækkun hennar 1. október.

Meðalhækkunin á hinum innlendu matvörum nam sem fyrr segir 124%, en á hinum erlendu að meðtöldum brauðum og kaffibæti 76%. Verðhækkunin á hinum innlendu matvörum er þannig ekki langt frá því að vera helmingi meiri en á hinum útlendu og nærri helmingi meiri en hækkun kaupgjaldsins, sem var þá 66%.

Enginn vafi er því á, að verðhækkun innlendu afurðanna er önnur meginorsök dýrtíðarinnar. Allmikið af þessum vörum er verðlagt af opinberum nefndum og því á valdi hins opinbera að hafa hemil á verðhækkun þeirra, og hvað hinar snertir, var í löfa lagið að láta verðlagseftirlitið ná til þeirra.

Er þá komið að hinni þriðju meginorsök dýrtíðarinnar: þeirri kaupmáttaraukningu, sem orðið hefur í landinu vegna stríðsgróðans af ísfiskssölonum og vegna framkvæmda og dvalar brezka setuliðsins hér á landi. Eftirspurn hins brezka setuliðs eftir íslenzkum afurðum og íslenzku vinnuafli og greiðslur fyrir þetta hvort tveggja eru alveg hliðstæð auknum útflutningi á íslenzkum afurðum eða kemur í stað hans. Hvort tveggja er greitt í erlendum gjaldeyri. Síðan stríðið hófst, höfum við eignazt gjaldeyrisforða, er nemur nú yfir hálf tannað hundrað milljónum króna. Mestan hluta þessa gjaldeyris hafa bankarnir keypt fullu verði og seljendur hans eignazt íslenzkar krónur fyrir, sem síðan koma fram sem kaupgeta á íslenzkum markaði að meira eða minna leyti. Innflutninginn hefur ekki verið hægt að auka að sama skapi og gjaldeyristekjurnar hafa aukizt. Afleiðingin hefur orðið kaupmáttaraukning, án tilsvareandi framboðs á vörum. Niðurstaðan er því óeðlileg hækkun vöruverðs og sumpart skortur á vörum. Þar sem framkvæmdir Breta eru greiddar í íslenzkum krónum, eykst sá peningastraumur að sama skapi sem vöruverð hækkar í landinu, en hefði ekki aukizt, ef gerðar hefðu verið ráðstafanir, sem haldið hefðu niðri vöruverðinu og þar með vísitöluinni.

Þessu flóði af erlendum gjaldeyri hefði verið eðlilegt að mæta á tvennan hátt, ef koma hefði átt í veg fyrir, að verðlagið hækkaði í landinu. Með gengishækkun og

skatti á stríðsgróðann, sem síðan hefði verið varið til þess að halda niðri vöruverðinu í landinu og safnað í sjóði til þess að mæta erfiðleikum síðar.

Ef gengishækkun hefði verið framkvæmd, hefðu þeir, sem seldu bönkunum erlendan gjaldeyri, fengið þeim mun færri krónur í hendur, sem þá hefðu ekki aukið verðbólguna, en verð á erlendum vörum hefði lækkað og sams konar óbein áhrif til lækkunar á annað vöruverð hefðu komið fram, sem áður hefðu komið til hækkunar. Svipuðum árangri hefði að þessu leyti mátt ná með riflegum skatti á stríðsgróða eða stríðsgróðavörum, sem síðan hefði verið varið til verðlækkunar eða lagt til hliðar til erfiðleikaáranna, sem síðar munu koma.

Gengishækkunarleiðin hefur til þessa ekki verið talin fær vegna verzlunarsamninga okkar, og er það illa farið, en sjálfsagt, að allir möguleikar til þess að hækka gengið verði framvegis athugaðir.

Alþýðuflokkurinn lagði til, að tekinn væri verulega hærri stríðsgróðaskattur en sá, sem að lokum var samþykktur af þinginu. Sömuleiðis hafði flokkurinn sumarið 1940 bent á þá tekjuöflunarleið, að lagt yrði útflutningsgjald á þær afurðir, sem fluttar voru út með stríðsgróða, og þessu fé varið til verðlækkunar innanlands. Þessar tillögur náðu ekki fram að ganga, og sú heimild, sem síðasta Alþingi samþykkti í þessa átt, hefur enn ekki verið notuð, enda er aðstaða útflytjenda nú önnur og lakari en áður. Ef útflutningsgjaldið hefði hins vegar verið lagt á, meðan útflytjendur græddu sem mest, hefði með því mátt ná stórfé til þess að halda niðri vöruverðinu, auk þess sem útflytjendur sjálfir hefðu fengið minna fé til umráða og þannig verið dregið úr verðbólgunni óbeint, því vitanlega hefur talsvert af því fé, er græddist á þennan hátt, farið í alls konar spákaupmennsku.

Því hefur verið haldið fram, að kaupuppbót sú, sem launþegar nú verða aðnjótandi, sé ein af aðalorsökum dýrtíðarinnar og tillögur verið lagðar fram á Alþingi um að hanna að greiða hærri verðlagsuppbót en gert er nú. Eins og sýnt hefur verið hér að framan, hefur hækkun hins innlenda afurðaverðs alltaf verið langt á undan kauphækkuninni og venjulega helmingi meiri á hverjum tíma. Hefði vöruverðinu verið haldið niðri, hefði vísitalan ekki heldur hækkað. En kauphækkunin var óhjákvæmileg afleiðing af hækkun afurðaverðsins, ef ekki átti að rýra lífskjör launastéttanna, þ. e. bæta afkomu annarra stétta á kostnað launþega. En þar sem síður en svo hefur verið um neinn almennan niðurskurð á tekjum framleiðenda að ræða og aðstaða okkar hingað til verið það góð, að ekki hefur þurft að rýra lífskjör þjóðarinnar í heild, hefði það verið hróplegt ranglæti gagnvart launþegum, ef þeir einir hefðu átt að bera dýrtíðina, samtímis því sem allir framleiðendur og atvinnurekendur bættu stórkostlega aðstöðu sína. Slikar aðgerðir vildi Alþýðuflokkurinn alls ekki fallast á, enda fela þær ekki í sér kröfur til annarra stétta sambærilegar þeim fórnunum, sem ætlazt er til, að launþegarnir færi. Með þeim tillögum, sem fram hafa komið um lögbindingu kaupþings, er stefnt að því, að launastéttirnar einar fái lífskjör sín skórin niður.

Þegar því er haldið fram, að kaupuppbótin sé ein af aðalorsökum dýrtíðarinnar, er gengið fram hjá því aðalatriði, að ákveðin aukning á heildarkaupgetu þjóðarinnar hefur átt sér stað, eins og áður er sýnt. Ef lægra kaup hefði verið greitt þetta tímabil, hefði hlutur stríðsgróðamannanna einungis orðið þeim mun stærri, þ. e. að kaupmáttaraukningunni hefði að visu verið öðruvísi skipt, spákaupmennskan og gróðabrallið hefði verið meira og hagur almennings batnað minna sem því svaraði, en engar líkur til, að verðbólgan í landinu hefði verið minni. Hins vegar hefði þá auðurinn færzt á enn færri hendur.

Benda má á reynslu stríðsáranna 1914—1918. Þá hækkaði kaupgjald mjög lítið, og óx þó dýrtíðin jafnt og þétt engu síður en nú. Enn nærtækara dæmi er aukning dýrtíðarinnar árið 1940, þegar kaupid var lögbundið og ekki greidd full dýrtíðaruppbót. Þá hækkaði dýrtíðin enn örar en árið 1941, eftir að farið var að greiða fulla dýrtíðaruppbót og lögbinding kaupþings var afnumin. Er af þessu augljóst, að það er hin mesta fjarstæða að telja dýrtíðaruppbótina höfuðorsök dýrtíðarinnar.

Hins vegar er fjarri því, að Alþýðuflokkurinn vilji ekkert láta aðhafast til viðnáms dýrtíðinni, eins og tillögur þær, sem hér eru fram bornar, sýna og þegar má vera ljóst af því, sem nú hefur verið sagt um orsakir dýrtíðarinnar og þau mistök, sem orðið hafa, og þá vanrækslu, sem sýnd hefur verið í þessum málum.

Það verður að teljast mjög miður farið, að ekki varð úr framkvæmd dýrtíðarráðstafana á grundvelli þeirrar löggjafar, sem síðasta Alþingi samþykkti. Enginn vafi er á því, að ná hefði mátt verulegum árangri, ef notaðar hefðu verið heimildir dýrtíðarlaganna ásamt strangara verðlagseftirliti. En um það hefur ekki náðst samkomulag í ríkisstjórninni, eins og kunnugt er orðið af umræðum um þessi mál.

Við umræður um dýrtíðarfrumvarpið í vetur benti Alþýðuflokkurinn á ýmsar veilur í lögnum, sérstaklega hið ósamstæða verðlagseftirlit.

Tillögur þær, sem hér eru lagðar fram, miða að því að bæta úr þeim ágöllum, sem voru á lögnum um dýrtíðarráðstafanir, og gefa ríkisstjórninni fullkomið vald til þess að taka þessi mál föstum tökum.

Aðalatriði tillagnanna eru þessi:

1. Samræming alls verðlagseftirlits hjá einum aðila, er starfar á ábyrgð ríkisstjórnarinnar.
2. Fastari grundvallarreglur fyrir verðlagseftirlitið til þess að starfa eftir.
3. Afnáam allra tolla á skömmtunarvörum auk nokkurra annarra vörutegunda.
4. Lækkun farmgjalda á þessum sömu vörum niður í það, sem þau voru fyrir stríð, og sé þá miðað við Kaupmannahafnarfarmgjöld.
5. Stofnun dýrtíðarsjóðs og ákvæði um tekjuöflun til hans til þess að koma í veg fyrir aukning dýrtíðarinnar. Dýrtíðarsjóði séu tryggðar ca. 14 milljón króna tekjur auk útflutningsgjaldsins, eins og síðar skal nánar gerð grein fyrir.
6. Úr dýrtíðarsjóði sé einnig varið fé til að styrkja þá framleiðendur, sem ekki fá viðunandi verð fyrir afurðir sínar, hvort heldur þær eru seldar innanlands eða fluttar út.
7. Hinni almennu heimild um útflutningsgjald, sem nú er í lögnum, sé breytt í heimild til þess að leggja útflutningsgjald á vörur, sem seldar eru með stríðsgróða.
8. Heimild fyrir ríkisstjórnina, ef nauðsyn krefur, til að kaupa birgðir af nauðsynjavörum og annast dreifingu þeirra á þann hátt, sem hún telur heppilegast. Skulu nú þessi 8 aðalatriði tillagnanna rædd nokkuð.

Um verðlagseftirlitið og farmgjöldin (1., 2. og 4.).

Það er höfuðgalli verðlagseftirlitsins sem stendur, að því er dreift á marga aðila, sem ekkert samstarf hafa sín á milli og enga sameiginlega ábyrgð á því að halda niðri verðlaginu. Auk þess eru verðlagsnefndirnar skipaðar eftir mjög mismunandi sjónarmiðum. Reynslan hefur sýnt, að með þessu skipulagi næst mjög óviðunandi árangur. Núverandi verðlagsnefndir, eins og þær eru skipaðar, skoða sig og eru umbjóðendur ákveðinna hagsmunaflokka. Það er ekki nema næsta eðlilegt, að hver nefnd fyrir sig telji sig ekki hafa sérstaka ástæðu til að standa á móti kröfum umbjóðenda sinna um verðhækkanir, þegar aðrir aðilar fá að hækka eftir vild. Það er því hætta á, að enginn vilji byrja á nauðsynlegu aðhaldi og verðlagseftirlitið snúist upp í það að tryggja ákveðnum stéttum ekki lakari kjör en öðrum tilteknum stéttum, að verðlagseftirlitið snúist upp í verðhækkunarkapphlaup.

Eðlilegast virðist því að samræma allt verðlagseftirlitið hjá einni ríkisverðlagsnefnd, sem ríkisstjórnin skipi og starfi því á hennar ábyrgð. Með því móti er bezt tryggt, að öllum aðilum sé gert jafnhátt undir höfði, og ef um fórnir verður að ræða af hálfu þeirra, sem verðlagseftirlitinu eru háðir, þá sé þeim skipt jafnt og réttlátlega niður og eftir sömu grundvallarreglum. Ekkert er eins hæftulegt og misrétti í þessum efnunum.

Ætlazt er til, að þær verðlagsnefndir, sem nú eru starfandi og skipaðar eru fulltrúum ákveðinna aðila, starfi eftir sem áður og geri sínar tillögur til ríkisverðlags-

nefndarinnar og séu henni til aðstoðar með nauðsynlegar upplýsingar. Eðlilegast þykir, að farmgjöldin séu undir sams konar eftirliti og aðrar nauðsynjar.

Önnur veigamikil ástæða til þess að samræma verðlagseftirlitið er sú, að þegar gert er ráð fyrir, að ríkissjóður verji miklu fé til dýrtiðarráðstafana, er nauðsynlegt, að ríkisstjórnin geti tryggt sér, að því fé verði raunverulega varið til þess að lækka dýrtiðina og að það komi að sem mestu gagni.

Þá eru í frumv. gefnar nokkrar meginreglur, sem ætlazt er til, að ríkisverðlagsnefnd fari eftir í starfi sínu, er hún ákveður hámarksverð eða hámarksálagningu.

Aðalreglan er sú, að **álagning verzlana** megi ekki nema hærri upphæð en fyrir stríð, að viðbættum þeim kostnaðarauka, sem orðið hefur við verzlun vörunnar síðan stríðið hófst. Þessari meginreglu hefur hvarvetna verið fylgt erlendis, þar sem verðlagseftirlit hefur verið upp tekið og flm. þessa frv. er um kunnugt, t. d. í Englandi, Danmörku og Noregi fyrir hertökuna. Er þá gert ráð fyrir, að eigi verði leyfð lengur sú aðalregla að leggja fasta hundraðshlutaálagningu á vörur og flutningsgjöld, hversu mikið sem þau kunna að hækka. Með núverandi fyrirkomulagi má í ýmsum tilfellum fullyrða, að innflytjendur græði því meira, því dýrari innkaup sem þeir gera og því hærri flutningsgjöld sem þeir greiða.

Hvað snertir **innlendar neyzluvörur** er ætlazt til, að fyrst og fremst sé höfð hliðsjón af þeirri aukningu kaupgjalds og annars framleiðslukostnaðar, sem orðið hefur síðan stríðið hófst, en þó auðvitað tekið tillit til þess, ef verð á einhverjum vörum hefur verið óeðlilega lágt eða hátt í stríðsbyrjun, og þá einnig til þeirrar aukningar, sem orðið hefur á þjóðartekjunum síðan stríðið hófst.

Hvað **landbúnaðarafurðir** snertir er rétt að gera ráð fyrir, að ríkisstjórnin feli hagstofunni með aðstoð búreikningaskrifstofu ríkisins að gera yfirlit um breytingar á rekstrarkostnaði landbúnaðarins, til þess að ríkisverðlagsnefndin geti haft hliðsjón af þessum breytingum, er hún ákveður verð á landbúnaðarafurðum. Slíkir útreikningar eru gerðir víða erlendis og geta komið að margs konar notum, öðrum en hér um ræðir.

Um **flutningsgjöldin** er það sérstaklega ákveðið, að flutningsgjöld á skömmunarvörum og nokkrum öðrum tilteknum vörum skuli ekki vera hærri en flutningsgjöld frá Kaupmannahöfn á þessum vörum voru fyrir stríð. Telji ríkisverðlagsnefnd þessi flutningsgjöld of lág, skal bæta það, sem á vantar, úr dýrtiðarsjóði, og sé þá tekið tillit til hins mikla gróða skipafélaganna árið 1940, sem áður var vikið að í greinargerðinni.

Loks er ákveðið, að ríkisverðlagsnefnd skuli óheimilt að ákveða hærri **álagningu** á **skömmunarvörum**, samtals í heildsölu og smásölu, en 30 af hundraði. Virðist sú álagning, sem verðlagsnefnd leyfir nú, vera óþarflega mikil. Með því verði, sem var 1. okt., nemur álagning pr. 100 kg sem hér segir á eftirtöldum vörutegundum: á rúgi 18 kr., hveiti 20 kr., höfrum 24 kr., sagógrjónum 51 kr., hrísgrjónum 41 kr., molasykri 36 kr., strásykri 29 kr., kaffi óbrenndu 99 kr., kaffi brenndu og möluðu 158 kr. Er þá gert ráð fyrir, að álagningarheimildin sé notuð að fullu, en hún er samtals 39.75%, og virðist hún vera svo rifleg, að engin vandkvæði ættu að vera á því að selja þessar vörur til uppjafnaðar með 30% álagningu. Vitanlega er til þess ætlazt, að verðlagsnefndin geti ákveðið lægri álagningu, ef henni þykir það fært.

Um tollalækkunina (3.).

Í lögnum var áður heimild til að afnema kornvörutollinn og hálfan sykurtollinn. Þessi heimild hefur ekki verið notuð. Nú er lagt til, að allir tollar á skömmunarvörum, svo og á hráefnum til kaffibætis- og smjörlikisgerðar skuli felldir niður til 1. jan. 1943.

Enginn vafi er á því, að talsvert mundi muna um það, ef tollalækkun þessi yrði framkvæmd, svo og farmgjaldalækkun sú og álagningar, sem gerð hefur verið grein fyrir. Aftan við greinargerð þessa eru útreikningar, er sýna, að farmgjaldalækkunin, tollalækkunin og álagningarlækkunin á skömmunarvörunum einum mundi lækka

visitöluna um tæp 5 stig, og er þá aðeins tekin með hin beina lækkun visitölnunnar af þessum aðgerðum, en ekki hin óbeina. Þessi lækkun þyrfti ekki að kosta hið opinbera nema rúmlega 2.7 millj. kr., eða um 566 þús. kr. á hvert stig, sem vísitalan er lækkuð um. Er þá gert ráð fyrir fullum uppbótum til skipafélaganna, en ekki virðist ósanngjarnt að ætla, að þau gætu borið einhvern hluta þessa kostnaðar af hinum óhemjumikla gróða ársins 1940.

Um dýrtíðarsjóðinn (5.).

Til þess að standa straum af útgjöldum þeim, sem ákveðin verða til dýrtíðarráðstafana, skal stofna sérstakan dýrtíðarsjóð, og eru tekjur hans þessar til ársloka 1942:

1. 8 millj. kr. framlag úr rikissjóði.
2. Tekjur af stríðsgróðaskatti af tekjum ársins 1941.
3. Sérstakt gjald, er lagt sé á þær skömmtunarvörur, sem úthlutað er sérstaklega (þ. e. umfram skömmtunarseðla almennings) til veitingahúsa, iðnfyrirtækja og brauðgerðarhúsa.
4. Aukaskattur á kvikmyndasýningar.
5. Álag á tekju- og eignarskattinn, sem þegar hefur verið á lagt samkvæmt heimild frá síðasta Alþingi.
6. Útflutningsgjald á vörur, sem seldar eru með stríðsgróða.

Á sérstöku fylgiskjali er gerð áætlun um, hversu miklum tekjum dýrtíðarsjóður fengi yfir að ráða samkvæmt þessum tillögum, miðað við 1 ár. Þó er ekki gerð þar nein áætlun um útflutningsgjaldið. Eru þetta ca. 13.7 millj. kr., og er enginn vafi á því, að miklu mætti áorka til þess að hamla á móti dýrtíðinni, ef þessum peningum væri skynsamlega varið. Má mynda sér nokkra hugmynd um það af áætlun þeirri um lækkun á skömmtunarvörum, sem hér er aftan við greinargerðina sem fylgiskjal og áður var á minnt.

Um hina einstöku liði tekjuöflunarinnar skal að öðru leyti tekið fram:

Allt útlit er fyrir, að mjög mikill tekjuafgangur verði hjá rikissjóði á árinu 1941. T. d. er kunnugt, að tekju- og eignarskattur og stríðsgróðaskattur gefa í rikissjóð um 11 millj. kr., og er það 9 millj. kr. meira en áætlað var í fjárlögum þessa árs. Tolltekjur verða og langtum meiri en nokkru sinni fyrr, og er áreiðanlega óhætt að gera ráð fyrir mjög miklum umframtekjum af þeim. Það virðist því á engan hátt óvarlegt að gera ráð fyrir 8 millj. kr. framlagi úr rikissjóði til þessara mála til ársloka 1942. Má á það benda, að í frv., sem viðskiptamálaráðherra, Eysteinn Jónsson, hefur lagt fram á Alþingi, er einnig gert ráð fyrir 8 millj. kr. rikissjóðsframlagi í dýrtíðarsjóð.

Gert er ráð fyrir, að hinn sérstaki stríðsgróðaskattur árið 1942 renni í sjóðinn. Var hann um 3 millj. kr. árið 1941. Alþýðuflokkurinn mun leggja fram sérstakt frv. um hækkun stríðsgróðaskattsins í samræmi við þær tillögur, sem af hans hálfu hafa áður verið lagðar fram, en náðu þá ekki fram að ganga.

Um bióskattinn og skömmtunarvöruskattinn er það að segja, að þeir miða að því að ná til þeirrar sérstöku eyðslu og óvenjulega gróða, sem stendur í sambandi við verðbólgu þá, sem fylgt hefur í kjölfar stríðsins og hins sérstaka ástands, sem rikjandi er í landinu. Hefur eftirspurn á þeim sviðum, er skattar þessir eiga að ná til, aukizt svo mjög, að ekki hefur verið hægt að fullnægja henni. Virðast því skattar þessir fyllilega réttmætir. Sjálfsagt mætti skattleggja ýmsa aðra eyðslu án þess, að almenningur yrði þess verulega var, t. d. hina miklu bílanotkun, og mætti athuga fleiri tekjuöflunarleiðir í sambandi við meðferð málsins, ef ástæða þykir til.

Vera má, að einhverjum kunni að þykja flm. þessa frv. óþarflega stórtækir, þegar gert er ráð fyrir, auk útflutningsgjalds, ca. 14 millj. kr. tekjum dýrtíðarsjóðs. Flm. hafa ekki hugsað sér, að reynt verði að lækka visitöluna verulega frá því, sem nú er, en hafa gert ráð fyrir, að hægt væri að koma í veg fyrir frekari hækkun hennar. Mætti því e. t. v. gera ráð fyrir, að ekki þyrfti að nota allan dýrtíðarsjóðinn á þann hátt, sem frv. gerir ráð fyrir. Er þá ætlað til, að fé það, sem afgangi kynni að verða, verði geymt til þess að mæta þeim erfiðleikum og því atvinnuleysi, sem

búast má við eftir stríðið, og til þess að hefja nýjar framkvæmdir, sem mikil þörf mun á verða á ýmsum sviðum.

Verðuppbætur til framleiðenda (6.).

Gera má ráð fyrir, að nokkuð verði að flytja út af vörum, sem ekki er hægt að selja viðunandi verði á íslenskum markaði, t. d. ýmsar landbúnaðarvörur. Er því óhjákvæmilegt að ætla nokkurt fé til uppbóta á slíkum útflutningi, þar sem ella yrði að taka hærra verð fyrir þær afurðir, sem seldar eru innan lands. Það er hins vegar lagt á vald ríkisstjórnarinnar að ákveða, hve miklu upphæðirnar skuli nema og hverjir skuli njóta þeirra.

Heimildin til birgðasöfnunar (8.).

Birgðasöfnun í landinu stendur ekki í neinu hlutfalli við fjárhagsgetu landsmanna. Er það mjög skaðlegt, þar sem alltaf vofir sú hætta yfir, að aðflutningar til landsins teppist um lengri eða skemmri tíma, og enn fremur þar sem vöruverð fer sífellt hækkandi. Því þykir rétt að gera ráð fyrir þeim möguleika, að hið opinbera verði að taka að sér að einhverju leyti — eða jafnvel hafa forgöngu um — birgðasöfnun á nauðsynjavörum til þess að tryggja, að ávallt sé nægilegt til af nauðsynlegustu vörum, svo mikið sem kostur er að afla og geyma á hverjum tíma. Hefur nokkur misbrestur orðið á, að verzlunarfyrirtækin sæju fyrir því að hafa sem mestar birgðir. Má benda á það, að stjórnun allra Norðurlandanna þótti nauðsynlegt, þegar stríðið var yfirvofandi, að láta hið opinbera gangast fyrir birgðasöfnun í stórum stíl, og hefur sú fyrirhyggja komið í góðar þarfir t. d. í Svíþjóð. Þessum tilgangi, að tryggja sem mestar birgðir í landinu, má e. t. v. ná með góðri samvinnu hins opinbera við hlutaðeigandi verzlunarfyrirtæki, en nauðsynlegt þykir þó, að til sé lagaheimild, sem hægt sé til að taka, ef með þarf.

Einstakar greinar frv. munu ekki þarfnast frekari skýringa en er að finna í þessari greinargerð.

Fylgiskjal I.

Áætlun um farmgjalda- og tollalækkun.

A. Tollar:	Innflutningur:	Tollur felldur niður:
Rúgur	3107 tonn á kr.	7.60 = 23600 kr.
Hveiti	4900 — — —	51.50 = 252300 —
Hafrar	1128 — — —	21.40 = 24100 —
Kartöflumjöl	202 — — —	74.30 = 15000 —
Sagógrjón	51 — — —	107.40 = 5500 —
Hrisgrjón	333 — — —	16.80 = 5600 —
Strásykur	3011 — — —	244.10 = 735000 —
Molasykur	1507 — — —	267.80 = 403600 —
Kaffi óbr.	483 — — —	972.20 = 469600 —
		Alls 1934300 kr.
Sikoría	393 — — —	160.00 = 62900 —

Frá má draga 1800 tonn hveiti (92700 kr.), 1100 tonn sykur (ca. 275000 kr.) og 50 tonn kaffi (48600 kr.), alls ca. 416300 kr., sem verður krafðið sem skömmtunarseðlaskattur. Alls þá nettó kr. 1518000.

B. Farmgjöld:	Innflutningur:	Farmgjaldalækkun:
Rúgur, hveiti, kartöflumjöl	8209 tonn á kr.	93.40 = 766700 kr.
Hafrar, sagó	1179 — — —	131.40 = 154900 —
Hrisgrjón	333 — — —	163.40 = 54400 —
Sykur	4518 — — —	99.00 = 447300 —
Kaffi	483 — — —	173.50 = 83800 —
		Alls 1507100 kr.
Sikoría	393 — — —	99.00 = 38900 —

Frá má draga 1800 tonn hveiti (168120 kr.), 1100 tonn sykur (108900 kr.), 50 tonn kaffi (8675 kr.), alls ca. 285700 kr. Alls þá nettó 1221400 kr.

Gengið er í áætlun þessari út frá innflutningi ársins 1940. Skömmtnunarskrifstofa ríkisins hefur áætlað það magn af skömmtnunarvörum, sem úthlutað er sérstaklega til iðnfyrirtækja, veitingahúsa og brauðgerðarhúsa.

Fylgiskjal II.

Áætlun um verðlækkun á skömmtnunarvörum samkvæmt tillögnum.

Vörutegund:	Smá- sölu- verð 1. okt. au.	Par af tollur: au.	Par af farm- gjalda- hækkun: au.	Farmgj. hækkun + tollur + álagning þar á: au.	Lækkað smá- sölu- verð: au.	Lækkað smá- söluverð miðað við 30% álagn. au.	Jafnað verð: au.	Lækkun á smá- sölu- verði: au.
Rúgur kg.	65	0.76	9.34	14.11	50.89	47.34	47	18
Hveiti —	70	5.15	9.34	20.25	49.75	46.28	46	24
Hafrar —	85	2.14	13.14	21.35	63.65	59.02	59	26
Kartöflumjöl —	165	7.43	9.34	23.44	141.56	131.68	132	33
Sagógrjón —	181	10.74	13.14	33.37	147.63	137.33	137	44
Hrisgrjón —	145	1.68	16.34	25.18	119.82	111.46	111	34
Strásykur —	100	24.41	9.90	47.95	52.05	48.42	48	52
Molasykur —	125	26.78	9.90	51.26	64.74	60.22	60	65
Kaffi óbr. —	346	97.22	17.35	160.11	185.89	172.91	173	173
Kaffi br. —	554	„	„	„	299.28	278.39	278	276

Fylgiskjal III.

Áætlun um lækkun vísitölunnar (beina lækkun).

118 kg. rúgmjöl	á	0.18 = 21.24
134 — hveiti	—	0.24 = 32.16
30 — haframjöl	—	0.26 = 7.80
14 — hrisgrjón	—	0.34 = 4.76
14 — kartöflumjöl	—	0.33 = 4.62
2 — sagógrjón	—	0.44 = 0.88
92 — strásykur	—	0.52 = 47.84
44 — molasykur	—	0.65 = 28.60
14 — kaffi	—	2.76 = 38.64

Alls kr. 186.54 = 4.84 stig.

Samkvæmt áætlun I. kostar farmgjaldalækkunin nettó ca. kr. 1221 þús., en tollalækkunin nettó ca. kr. 1518 þús., eða samtals kr. 2739 þús., eða ca. 566 þús. kr. pr. stig, og er þá gert ráð fyrir, að farmgjaldalækkunin sé bætt eimskipafélögunum að fullu.

Fylgiskjal IV.

Áætlun um tekjur dýrtíðarsjóðs.

1. Framlag úr ríkissjóði	kr.	8000000.00
2. Stríðsgróðaskattur	—	3000000.00
3. Álag á skemmtanaskatt (kvikmyndasýningar)	—	3150000.00
4. Álag á tekjuskatt	—	900000.00
5. Skömmtnunarvöruskattur a.	—	765000.00
Skömmtnunarvöruskattur b.	—	700000.00

Alls kr. 13680000.00

Með skömmtnarvöruskatti a. er átt við hinn sérstaka skatt, sem ákveðinn er í frumvarpinu, en b. svarar til farmgjalda- og tollalækkunarinnar með núverandi verðlagi.

Nd. 15. Frumvarp til laga

um framkvæmdasjóð ríkisins.

Flm.: Steingrímur Steinþórsson, Eysteinn Jónsson, Jón Ívarsson,
Skúli Guðmundsson, Sveinbjörn Högnason.

1. gr.

Stofna skal sjóð, er heitir: **Framkvæmdasjóður ríkisins**. Hlutverk sjóðs þessa er að veita fé til nauðsynlegra framkvæmda í þarfir atvinnuveganna, að styrjöldinni lokinni.

2. gr.

Ríkissjóður skal greiða til framkvæmdasjóðs ríkisins $\frac{3}{5}$ hluta þess tekjuafgangs, sem verður á rekstrarreikinngi árið 1941. Árið 1942 greiði ríkissjóður til sjóðsins $\frac{3}{5}$ hluta tekjuafgangs, en þó aldrei lægri upphæð en 6 milljónir króna. Fé sjóðsins skal geymt í Landsbanka Íslands.

3. gr.

Sameinað Alþingi kýs 5 manna nefnd til þess að hafa umsjón með sjóðnum, og skal nefndin gera tillögur til Alþingis um fjárveitingar úr honum.

4. gr.

Rekstrarreikning sjóðsins, svo og efnahagsyfirlit, skal birta með ríkisreikningi ár hvert.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er fram borið vegna þeirra stórfelldu breytinga, sem orðið hafa í atvinnuháttum og fjármálum þjóðarinnar síðan styrjöldin hófst.

Á árunum fyrir styrjöldina reyndi Alþingi og ríkisstjórn af fremsta megni að auka og efla verklegar framkvæmdir. Nægir í því efni að minna á stórkostlegar framkvæmdir við að reisa sildarverksmiðjur, stuðning til báta og skipabygginga, miklar hafnargerðir o. fl. varðandi sjávarútveg. Meiru fé var varið þau árin til húsabygginga í sveitum, til nýbýlamyndunar og annarra ræktunarframkvæmda en nokkru sinni fyrr. Þá var og veitt fé til margs konar nýrra iðnfyrirtækja. Það er þess vegna ekki ofmælt, að Alþingi og ríkisstjórn hafi síðasta áratuginn fyrir styrjöldina sýnt ríkari og öflugri viðleitni til þess að styðja atvinnuvegi þjóðarinnar og leggja grundvöll að fjölbreyttari framleiðslu en nokkru sinni fyrr.

Til þess að sanna þessi ummæli skal á það bent, að árin 1935—1938 hefur ríkissjóður veitt fé til verklegra framkvæmda og framlög til atvinnuveganna sem hér segir:

Árið 1935	ca. 5.8	millj. kr.
— 1936	— 6.3	— —
— 1937	— 6.7	— —
— 1938	— 6.6	— —

Samtals ca. 25.4 millj. kr.,

eða að meðaltali þessi 4 ár ca. 6.5 milljónir króna. Þessum miklu fjárhæðum var varið til atvinnuvega landsmanna þetta árabil án þess að skuldir rikissjóðs hækk-uðu verulega.

Þetta er því eftirtektarverðara, sem einmitt þessi ár var þröngt í búi, bæði hjá atvinnurekendum og verkafólki í landinu og einnig hjá rikissjóði. Höfuðatvinnu-vegir þjóðarinnar, landbúnaður og sjávarútvegur, áttu við mjög harða kreppu að búa, svo að jafnvel lá við hrúni beggja þessara aðalmáttarstólpa, sem bera uppi þjóðarþúið. Þrátt fyrir það gat rikissjóður lagt svona stórar fjárhæðir fram til verk-legra framkvæmda og til stuðnings atvinnuvegunum, þegar að þeim kreppti. Þetta náðist einungis af því að þjóðin lagði hart að sér með fjárframlög.

Þótt það tækist þetta árabil, vegna heppilegrar stjórnar á fjármálum ríkisins, að halda uppi miklum verklegum framkvæmdum, án þess að stofna verulega til aukinna lána erlendis fyrir rikissjóð, þá hefur samt oft þurft til þess að grípa að flytja inn erlent lánsfé í stórum stíl, þegar að hefur kreppt í atvinnumálum og fjármálum þjóðarinnar. Skál í því efni bent á það, að eftir heimsstyrjöldina 1914--1918 varð að taka mjög óhagstætt lán erlendis (enska lánið 1921), vegna þess að það hafði verið vanrækt á styrjaldarárunum, þegar almenningur hafði miklar tekjur handa á milli, að leggja þá til hliðar til þess að mæta komandi erfiðleikum. Oftar hefur orðið að grípa til þess að flytja inn erlent lánsfé í stórum stíl, ef ráðast hefur átt í nýjar framkvæmdir eða þurft hefur að veita atvinnuvegum þjóðarinnar stuðning í bili.

Síðan núverandi styrjöld hófst hefur viðhorfið gerbreytt í þessum eignum. Öll nýsköpun í atvinnumálum þjóðarinnar er stórkostlega lömuð. Viða er svo ástátt, að mannvirkjum er ekki samilega haldið við, svo að þau ganga úr sér meira en góðu hófi gegnir og jafnvel eyðileggjast. Allar verklegar framkvæmdir hafa mjög dregizt saman. Nokkrar tölur sýna þetta ljósar en langt mál.

Árið 1938 og 1939 var jarðræktarstyrkur hvort árið um 560 þús. kr., en 1940 nam jarðræktarstyrkur aðeins tæpum 300 þús. kr. Og á yfirstandandi ári mun enn hafa dregið úr framkvæmdum, svo að jarðræktarframkvæmdir eru tæplega meiri en einn þriðji af því, sem þær voru fyrir styrjöldina. Árið 1939 voru byggð 236 íbúðarhús í sveitum, en 1940 aðeins 37 og enn færri á yfirstandandi ári. Nýbýla-byggingar hafa að mestu stöðvazt, einungis unnið að því að fullgera býli, sem áður var byrjað á. Í Reykjavík voru byggð 76 íbúðarhús árið 1939, en aðeins 5 1940. Á Akureyri voru byggð 36 íbúðarhús 1939, en aðeins 8 1940. Mikið hefur og dregið úr framkvæmdum varðandi hafnargerðir o. fl.

Þessi dæmi, sem hér hafa verið nefnd, sýna greinilega, hversu allar framkvæmdir hafa stórkostlega dregizt saman. Verkefni hrúgast upp, sem verða að bíða úrlausnar, þangað til styrjöldinni lýkur. Þá þarf að hefja húsabyggingar í sveitum í stærri stíl en nokkru sinni fyrr. Ný heimili þarf að reisa bæði í sveit og við sjó. Ræktunarframkvæmdir verður að taka upp í enn stærri mælikvarða en áður. Stofna verður til nýrra iðnfyrirtækja, svo sem áburðarverksmiðju, sementsverk-smiðju o. m. fl.

Þegar sú óeðlilega atvinna, sem nú er hér á landi af völdum setuliðsins, hverfur og atvinnuhættir færast aftur í eðlilegt horf, þá verður brýn þörf að efna til mikilla framkvæmda. Sumpart til þess að styðja atvinnuvegi þjóðarinnar í kreppu þeirri, sem óhjálpsleglega hlýtur að koma í kjölfar styrjaldarinnar, og sumpart til þess að hindra atvinnuleysi, sem þeirri kreppu mun fylgja. Verði engar ráðstafanir gerðar nú til þess að hafa handbært fé til opinberra framkvæmda að styrjöldinni lokinni, þá mun tvennt vera fyrir hendi: Að lítið verði aðhafzt til að stofna ný heimili, skapa ný og aukin atvinnuskilyrði og til þess að endurbæta þau verðmæti þjóðfélagsins, sem þessi árin ganga úr sér um skör fram vegna ónógs viðhalds, -- eða við verðum að grípa til þess ráðs, sem svo oft hefur verið gert áður, að flytja inn erlent lánsfé í stórum stíl. Hvort tveggja er neyðarúrræði og stórhættulegt fyrir heilbriggt atvinnulíf þjóðarinnar og stjórnarfarslegt og fjárhagslegt frelsi hennar.

Nú er einmitt sérstaklega hentugt tækifæri til fjársöfnunar fyrir rikissjóð. Innstæður bankanna erlendis munu vera ca. 160 milljónir króna. Tekjur rikissjóðs eru mjög miklar, svo að víst er, að allmiklar fjárhæðir má leggja til hliðar af tekjum hans á yfirstandandi ári. Þótt enn sé ekki hægt að segja um það með nokkurri vissu, hvernig rekstrarafkoma rikissjóðs verður að árinu loknu, þá er þó vitað, að rekstrarafgangur hlýtur að verða mjög mikill. Verður tekjuafgangur varla undir 10 milljónum króna á yfirstandandi ári, og sennilega verður hann nokkru meiri. Almennigur hefur meira fé milli handa en nokkru sinni hefur áður þekkt í þúsund ára sögu þjóðarinnar. Mætti með breyttri skattalöggjöf afla mikilla tekna án þess að gengið væri of nærri gjaldþoli manna. Einkum hefur allt einhleyp fólki svo miklar tekjur nú, að sjálfsagt virðist að auka skatta á því umfram það, sem enn hefur verið gert. Þá má og hækka tolla á miður nauðsynlegum aðfluttum vörum. Þessar leiðir til meiri tekjuöflunar fyrir rikissjóð skulu þó ekki ræddar hér frekar, því að tillögur um aukna skatta koma ekki fram í þessu frumvarpi. En á þetta er bent til þess að leiða rök að því, að á næsta ári sé auðvelt að afla rikissjóði aukinna tekna umfram það, sem núgildandi skatta- og tollalög gera ráð fyrir.

Leiðir til fjáröflunar fyrir rikissjóð eru því fleiri og auðveldari en verið hafa nokkru sinni fyrr. Það væri því hið mesta glapræði af hálfu ríkisvaldsins að nota ekki þetta einstæða tækifæri til þess að mynda völdugan sjóð til að mæta atvinnuferfiðleikum komandi ára.

Búningur frumvarpsins er ekki margbrotinn, og þarf það því ekki mikilla skýringa við. Um einstakar greinar þess skal þetta þó tekið fram.

Um 1. gr.

Með því að nefna sjóð þennan **framkvæmdasjóð ríkisins** viljum vér undirstrika það, að fé úr sjóðnum skuli eingöngu varið til nýrra framkvæmda, sem ríkið lætur gera, eða veitt sem beinn stuðningur til einstakra manna eða félaga, sem eru að reisa mannvirki til nýs atvinnurekstrar, svo sem til nýbýlamyndunar.

Verkefni sjóðsins geta orðið mjög margvisleg. Þó teljum vér flutningsmenn frumvarpsins, að honum skuli fyrst og fremst varið til þess að stofna nýbýli í sveit og við sjó. Sömuleiðis til þess að reisa ný iðnfyrirtæki. Má þar nefna áburðarverksmiðju, sementsverksmiðju, ýmsar verksmiðjur varðandi hagnýtingu sjávarafurða o. m. fl. Þá mætti og verja fé úr sjóðnum til hafnargerða, vegagerðar og brúabygginga, svo og hvers konar arðgæfra opinberra framkvæmda annarra, sem kölluðu að í hvert sinn.

Um 2. gr.

Sjóðnum er ætlað að fá tekjur á þann hátt, að rikissjóður leggi honum $\frac{3}{5}$ hluta þess tekjuafgangs, sem verður á rekstrarreikningi árin 1941 og 1942. Þó skal framlagið 1942 ekki vera lægra en 6 milljónir króna.

Það er náttúrlega í allmikilli óvissu, hver tekjuafgangur rikissjóðs verður þessi árin, og þó einkum hið síðara. Hér að framan hafa verið færð rök að því, að á yfirstandandi ári muni tekjuafgangur ekki verða undir 10 milljónum króna. Það á þess vegna að vera nokkurn veginn tryggt, að sjóðurinn fái allverulegar tekjur í ár.

Um næsta ár er það að segja, að fjárlög þess voru afgreidd með allverulegum greiðsluhalla. Hins vegar má vænta þess, að margir tekjuliðir fari svo mikið fram úr áætlun, að afkoma rikissjóðs verði allmiklu betri en fjárlögin sýna.

Framsóknarflokkurinn lítur svo á, að auðvelt sé að afla rikissjóði aukinna tekjustofna, svo að tryggt verði, að umframtekjur rikissjóðs á næsta ári verði ekki minni en 6 milljónir króna, en það er sú lágmarksfjárhæð, sem lagt er til, að rikissjóður verji í þessu skyni. Munu á þessu þingi verða lagðar fram tillögur í þá átt.

Um 3. gr.

Sjálfsagt þykir, að Alþingi kjósi stjórn sjóðsins. Þá þykir og rétt, að stjórnin hafi aðeins tillögurétt um fjárveitingar úr sjóðnum, en Alþingi sjálft hefur fjár-

veitingavaldið í sínum höndum, þar sem hér er í raun og veru aðeins um hluta af ríkissjóði að ræða, og þá varhugavert, að Alþingi afsali sér fjárveitingavaldinu í hendur sérstakrar nefndar.

Sp. 16. Tillaga til þingsályktunar

um greiðslu ríkislána í Bretlandi.

Flm.: Sveinbjörn Högnason, Jón Ívarsson, Skúli Guðmundsson, Steingrímur Steinþórsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að leita samninga um fullnaðargreiðslu á lánnum ríkisins í Bretlandi.

Greinargerð.

Í síðastliðnum janúarmánuði gaf ríkisstjórnin út bráðabirgðalög um heimild fyrir ríkissjóð til að taka 5 milljón króna innanríkislán. Alþingi staðfesti síðan bráðabirgðalögin, en hækkaði lánsheimildina í 10 millj. krónur. Heimildarlög þessi hafa nú verið framkvæmd og lánsfénu varið til að greiða ríkislán í Bretlandi, sem samkvæmt samningum var unnt að greiða á þessu ári.

Í nefndarálití fjárhagsnefndar Nd. um frv. til laga um þá ríkislántöku, sem hér hefur verið getið (þingskjal 61, dags. 5. marz 1941), er tekið fram, að nefndin telji sjálfsagt, að rannsakaðir séu möguleikar á því að breyta öðrum brezkum lán-um ríkissjóðs í innlend lán. Skuldir ríkissjóðs í Bretlandi, auk þess láns, sem nú hefur verið að fullu greitt, voru í byrjun þessa árs um 860 þús. sterlingspund, eða 22—23 millj. ísl. króna. Innieignir þjóðarinnar í Bretlandi nema nú háum fjárhæð-um, og fást litlir vextir af þeim. Hins vegar verður ríkið að greiða fulla vexti af ríkislánunum, og er því ljóst, að mjög hentugt væri að geta varið nokkru af innieignunum til greiðslu á þessum lánnum. Virðist sjálfsagt, að gert sé það, sem unnt er, til að ná samningum um greiðslu á lánunum hið allra fyrsta.

Vegna þeirrar miklu peningaveltu, sem nú er í landinu, ætti að vera auðvelt að afla fjár með innanlandslántöku til fullnaðargreiðslu á erlendu lánunum, ef samningar nást um að greiða þau.

Nd. 17. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Eysteinn Jónsson, Skúli Guðmundsson, Jón Ívarsson, Steingrímur Steinþórsson, Sveinbjörn Högnason.

1. gr.

Fyrsta og önnur málsgrein 6. gr. laganna hljóði þannig:

Skattgjald þeirra, sem um ræðir í 1. gr. og 2. gr. og í a- og c-lið 3. gr., reiknast þannig:

Ef hinn skattskyldi hluti teknanna er undir 1000 kr., greiðist af honum 1%.

Af	1000—2000 kr.	skattsk.	tekjum	greiðist	10 kr. af	1000 kr. og	2 % af	afg.
—	2000—3000	—	—	—	30	—	—	4
—	3000—4000	—	—	—	70	—	—	6
—	4000—5000	—	—	—	130	—	—	7
—	5000—6000	—	—	—	200	—	—	8
—	6000—7000	—	—	—	280	—	—	10
—	7000—8000	—	—	—	380	—	—	12
—	8000—9000	—	—	—	500	—	—	15
—	9000—10000	—	—	—	650	—	—	18
—	10000—25000	—	—	—	830	—	—	21
—	25000 og þar yfir	—	—	—	3980	—	—	22

2. gr.

Í stað 6. og síðustu málsg. 8. gr. laganna komi:

Félög þau og stofnanir, er um ræðir í 3. gr. a., mega draga frá tekjum sínum 5% af innborguðu hlutafé eða stofnfé.

Ef nokkuð af ársarði þessara félaga er lagt í varasjóð, þá er þriðjungur þeirrar upphæðar undanþeginn tekjuskatti, og skal hann koma til frádráttar við ákvörðun skattskyldra tekna. Þegar varasjóður félags, sem ekki hefur sjávarútveg sem aðal- atvinnurekstur, er orðinn jafnhár innborguðu hlutafé eða stofnfé þess, skal þó að- eins fjórðungur þeirrar upphæðar, er það leggur í varasjóð af árstekjum sínum, koma til frádráttar tekjunum áður en skattur er lagður á þær.

Arðjöfnunarsjóði, eftirlaunasjóði og aðra sjóði, sem ekki eru beinlínis ætlaðir til þess að tryggja rekstur fyrirtækisins sjálfs, má ekki telja sem varasjóð.

Ef nokkurri fjárhæð úr varasjóði er síðar varið til úthlutunar til hluthafa, ráðstafað til einkaparfa þeirra á beinan eða óbeinan hátt, eða varið til annars en þess að mæta hreinum rekstrarhalla fyrirtækisins, skal telja helming þeirrar upp- hæðar til skattskyldra tekna á því ári. Það telst ráðstöfun á fé varasjóðs samkvæmt framansögðu, ef félag, sem nýtur eða notið hefur hlunninda vegna framlags í vara- sjóð, ver einhverju af eignum sínum með eftirgreindum hætti:

- Veitir hluthöfum, stjórnendum félags eða öðrum lán í peningum eða öðrum verð- mætum, sem ekki eru beinlínis viðkomandi rekstri félagsins.
- Veitir hluthöfum, stjórnendum félagsins eða öðrum nokkur fríðinda, beint eða óbeint, umfram arðsúthlutun og venjulegar eða eðlilegar launagreiðslur.
- Ver fé til einhvers annars, sem er óviðkomandi rekstrinum, t. d. kaupa á eign- um, hvers eðlis sem eru, sem ekki geta talizt nauðsynlegar við rekstur félagsins. Undanskilin eru þó opinber verðbréf ríkis og bæjarfélaga, þar með talin skulda- bréf með ríkisábyrgð, svo og eignir, sem félag hefur orðið að taka við í sambandi við reksturinn, án þess um bein eignakaup sé að ræða.

Nú hefur félag, sem myndað hefur varasjóð, ráðstafað fé á einhvern þann hátt, sem greinir í a—c-liðum, og fellur það þá til skattgreiðslu samkv. 9. málsg. þessarar greinar, þó eigi hærri fjárhæð en nemur varasjóði í lok skattársins. Skal þá miða við þá lánsfjárupphæð, sem útistandandi er um áramót af lánnum, er veitt voru á árinu, að viðbættu meðaltali þeirra lána, er veitt hafa verið og greidd á skattárinu samkv. a-lið, heildarupphæð veittra hlunninda á skattárinu samkv. b-lið og kaupverð eigna samkv. c-lið. Þó ná ákvæði a- og c-liðar ekki til þeirrar upphæðar, sem íslensk útgerð- arfélög áttu í varasjóði samkvæmt efnahagsreikningi 31. des. 1939, að því leyti, sem þau ganga lengra en takmarkanir um ráðstafanir á fé varasjóðs, sem giltu samkvæmt lögum nr. 6 9. jan. 1935 og lögum nr. 39 12. febrúar 1940.

3. gr.

g-liður 10. gr. laganna hljóði þannig:

Eignarskatt, sem greiddur hefur verið á árinu.

4. gr.

Í stað 1. málsg. og a—c-liða í 12. gr. laganna komi:

Frá hreinum tekjum heimilisfastra manna hér á landi, eins og þær eru ákveðnar samkv. 10. gr., skal draga sem hér segir:

Fyrir einstakling	kr. 1000.00
— hjón	— 2000.00
— hvert barn	— 1000.00

Frádráttur veitist fyrir þau börn, sem ekki eru fullra 16 ára í byrjun þess almanaksárs, þegar skattur er á lagður. Hér með teljast stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn, sem ekki er greitt meðlag með. Fyrir aðra skylduómaga, sem skattgreiðandi hefur á framfæri sínu, veitist sami frádráttur og fyrir börn. Hafi hinn framfærði tekjur, lækkar frádrátturinn sem þeim nemur og fellur burt, ef tekjuupphæðin nemur lögleyfðum ómagafrádrætti eða meiru.

Á meðan vísitala kauplagnsnefndar er 105 eða hærri, miðað við grunntöluna 100 í jan.—marz 1939, skal frádráttur samkvæmt þessari grein hækkaður sem nemur meðalmánaðarvísitölu skattársins. Meðalvísitala þessi skal jafnan standa á heilum tug, og sé minna en 5 stigum sleppt, en 5 stig eða meira hækkað í 10.

5. gr.

Upphaf 14. gr. laganna verði þannig:

Af skuldlausri eign skal árlega greiða skatt sem hér segir:

Ef eignin er yfir 10000 krónur, en undir 15000 krónum, greiðist af henni 1%,
af 15000 til 30000 kr. greiðist 15 kr. af 15000 og 2% af afg.
— 30000 — 40000 — — 45 — — 30000 — 3 — — —

o. s. frv.

Í stað „5000 krónum“ í niðurlagi 14. gr. laganna komi: 10000 krónum.

6. gr.

a- og b-liðir í 30. gr. laganna hljóði þannig:

- a. Í kaupstöðum og kauptúnum, sem eru hreppur fyrir sig, skal greiða skattanefnd 2%, en annars staðar á landinu 4% af þeirri upphæð, sem skatturinn nemur. Þó skal borgunin ekki fara fram úr 20 krónum og ekki vera minni en 14 krónur fyrir hvern starfsdag nefndarmanns.
- b. Yfirskattanefndarmenn utan Reykjavíkur fá 12 krónur á dag og ferðakostnað. Borgun til formanna telst þó innifalin í embættislaunum þeirra.

7. gr.

Aftan við annan málslið 45. gr. laganna komi nýr málsliður, svo hljóðandi:

Nú er skattur eigi greiddur fyrir næstu áramót eftir að hann var á lagður, og skal þá greiða 2% dráttarvexti fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem greiðsla dregst frá þeim áramótum.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi numin 1.—3. gr. og a-liður 4. gr. í lögum nr. 9 5. maí 1941.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að sú breyting verði gerð á núgildandi skattalögum, að við ákvörðun skattskyldra tekna verði ekki leyft að draga greiddan tekju-skatt og útsvör frá tekjum, en í þess stað verði settur nýr skattstigi.

Í löggjöf um álagningu heinna skatta má greina milli tvenns konar ólíkra aðferða. Önnur aðferðin er sú, að skattstiginn er ákveðinn hærri, en hins vegar er skattgreiðendum leyft að draga frá tekjum sínum þá skatta, sem þeir greiða, áður en skattur er reiknaður af tekjunum. Með hinni aðferðinni er skattstiginn hafður

lægri, en ekki leyft að draga greidda skatta frá tekjunum. Með öðrum orðum: Skattskyldu tekjurnar eru þá hærri, en skattstiginn lægri. Skatturinn reiknaður með lægri hundraðstölu en af hærri tekjuupphæð.

Nágrannþjóðir okkar fylgja ýmist fyrr nefndu eða síðar nefndu reglunni. T. d. gildir fyrri reglan í Danmörku. Þar eru greiddir skattar dregnir frá tekjunum, áður en skattur er reiknaður. En í Noregi er höfð síðar nefnda aðferðin og skattstigarnir miðaðir við það.

Hér á landi var síðar nefnda reglan tekin upp, þegar tekjuskattslögin voru upphaflega sett. En árið 1923 var þessu breytt, og síðan hefur sú regla gilt hér á landi, að skattgreiðendum er leyft að draga frá tekjum sínum útsvör og skatta, sem þeir greiddu á skattárinu, áður en skattur er á lagður. Sá hluti af tekjum manna, sem fer til að greiða útsvör og skatta, er því skattfrjáls. Af þeim tekjum, sem þá eru eftir, hefur síðan orðið að reikna skatta eftir þeim mun hærri skatta- og útsvarsstigum.

Þessari reglu, sem nú gildir hér á landi, að leyfa frádrátt á greiddum sköttum og hafa gjaldstigana þeim mun hærri, fylgir sá galli, að einstaklingar og fyrirtæki, sem hafa ójafnar eða breytilegar tekjur frá ári til árs, bera hlutfallslega miklu hærri skatta en hinir, sem hafa jafnar og stöðugar tekjur. Núgildandi skatt- og útsvarsstigar koma þyngst niður, ef svo vill til, að menn hafa háar tekjur eitt ár, en lágar tekjur bæði árið á undan og árið eftir. Þá hafa menn aðeins lágar skattgreiðslur til þess að draga frá tekjum hátekjuársins, og skattarnir, sem á eru lagðir vegna hátekjuársins, dragast frá lágu tekjunum árið eftir.

Til þess að skýra nánar það, sem hér hefur verið fram tekið, má taka eftirfarandi dæmi um skattgreiðslur tveggja einstaklinga.

A. hefur 100 þús. kr. í hreinar tekjur eitt ár. Hann hefur engar skattgreiðslur til að draga frá þeim tekjum, og ber honum þá að greiða í tekjuskatt og stríðsgróðaskatt, eftir núgildandi skattstigum, samtals kr. 37270.00. Eftir þeim reglum, sem nú er farið eftir við álagningu útsvara í Reykjavík, ætti þessi maður að greiða í útsvar kr. 31675.00, eða samtals í skatta og útsvar kr. 68945.00.

B. hefur 100 þús. króna tekjur í tvö ár, hvort árið eftir annað. Af tekjum fyrra ársins þarf hann að greiða jafnmikið og A. í skatta og útsvör, eða samtals kr. 68945.00. Þessa upphæð má hann síðan draga frá tekjum síðara ársins, og þarf þá aðeins að greiða skatt og útsvar af kr. 31050.00, sem verður samkvæmt núgildandi álagningarstigum kr. 13839.00. (Tekjuskattur kr. 6774.00 og útsvar kr. 7065.00). Af 200 þús. kr. tekjum samtals bæði árin, þarf því B. að greiða alls í útsvar og skatta kr. 82784.00, eða rúmlega 41%, af tekjunum til jafnaðar. En eins og áður er sýnt, þarf A. að borga um það bil 69% af jafnháum árstekjum í útsvar og skatta, af því að hann hafði þessar háu tekjur aðeins í eitt ár.

Þessi mismunur stafar af því, að skattaálögur manna eru nú háðar því hvoru tveggja, hverjar árstekjur þeirra eru og hverjar þær hafa verið næsta ár á undan. Sé hins vegar horfið að þeirri aðferð að skattleggja tekjur manna án tillits til greiddra skatta, eins og lagt er til í þessu frumvarpi, verða hin álögðu gjöld eingöngu bundin við tekjur skattársins, án nokkurs sambands við önnur ár. Þá verður skattgreiðslan þannig, að tveir menn með sömu tekjur og sömu fjölskylduastæður, hverjar sem þær eru, greiða jafnháan tekjuskatt, hverjar sem tekjur þeirra hvors um sig hafa verið næsta ár á undan.

Í dæminu hér að framan þurfti A., sem hafði 100 þús. kr. tekjur í eitt ár, að greiða kr. 37270.00 í tekjuskatt og stríðsgróðaskatt eftir núgildandi lögum. B., sem hafði 100 þús. kr. árstekjur í tvö ár, þurfti að greiða í skatt kr. 37270.00 + 6774.00, eða samtals kr. 44044.00. Eftir því frumvarpi, sem hér liggur fyrir, og með óbreyttum stríðsgróðaskatti, mundu skattgreiðslur þeirra verða þannig, að A. þyrfti að borga samtals kr. 23564.00 í skatt, og B. ætti að greiða sömu upphæð árlega í tvö ár af sínum tekjum. Útkoman yrði þá sú, að skattgreiðslur þeirra yrðu jafnaðar, þannig, að A. ætti að borga töluvert lægri skatt heldur en eftir núgildandi skattalögum, en B. hins vegar nokkru meira. En báðir ættu þeir að borga hlutfallslega jafn-

mikið af tekjunum í skatta, vegna þess að árstekjur þeirra og fjölskylduástæður voru þær sömu.

Tæplega verður um það deilt, að eins og atvinnulífi okkar er háttað, er óeðlilegt að húa við skattalöggjöf, sem krefst þyngstra fórna af þeim gjaldþegnum, sem hafa áhættusaman atvinnurekstur og óvissar eða ójafnar tekjur frá ári til árs. Engin rök virðast liggja til þess, að menn með óvissar og ójafnar tekjur eigi að bera hlutfallslega miklu þyngri skatta en hinir, sem hafa jafnar og stöðugar tekjur.

Ef sú breyting á skattalögunum, sem gert er ráð fyrir í frv. þessu, verður samþykkt, er afnuminn sá ójöfnuður í skattgreiðslum, sem leiðir af misjöfnum skattafrádrætti. Eftir að sú breyting er komin til framkvæmda, þurfa menn ekki að óttast, að skattgreiðslur þeirra verði ósanngjarnlega háar samanborið við skattþungann almennt, þótt þeim kunni að hlotnast óvenjulegar tekjur eða tekjuviðbætur einstök ár. Eftir breytinguna mundu álagningarstigarnir sýna hina raunverulegu skattgreiðslu manna, en því fer mjög fjarri, að hægt sé að sjá af núverandi skattstigum, hver er hin raunverulega skattabyrði.

Þá skal bent á það, að einmitt nú er þannig ástatt í þjóðfélaginu, að sérstök ástæða er til að gera þessa breytingu á skattalögunum. Árið 1940 voru tekjur margra einstaklinga og félaga mjög háar, sérstaklega hinna stærri atvinnufyrirtækja. Af því leiðir það, að skattgreiðslurnar eru miklar á þessu ári. Verði skattalögunum ekki breytt, koma þessar háu skattgreiðslur til frádráttar tekjum ársins 1941, áður en skattur er á þær lagður, og mundi það valda stórkostlegri rýrnum á skattatekjum ríkisins árið 1942 og fella undan skatti mikinn hluta af stríðsgróða þessa árs. Er hér tekið dæmi, sem sýnir, hver áhrif sú skattalagabreyting, sem hér eru gerðar tillögur um, muni hafa á skattgreiðslur tekjuhárra fyrirtækja á næsta ári. Tekið er t. d. hlutfélag, sem hefur 200 þús. kr. innborgað hlutfé og hafði í hreinar tekjur árið 1940 kr. 600000.00. Félagið dregur frá tekjunum 5% af hlutfénu, kr. 10000.00, en leggur eftirstöðvar teknanna, 590 þús. kr., í varasjóð, og er helmingur þeirrar upphæðar undanþeginn skatti. Skattskyldar tekjur félagsins eru því 295 þús. kr., og skattgreiðslur þess árið 1941 sem hér segir:

Tekjuskattur	kr. 112980.00
Stríðsgróðaskattur	— 59250.00
Útsvar ca.	— 100000.00
	<hr/>
Samtals	kr. 272230.00

Sé gert ráð fyrir, að þetta félag hafi aftur 600 þús. kr. ágóða árið 1941, áður en skattar og útsvar er greitt, og leggi í varasjóð 315 þús. kr., sem eftir verður af gróðanum, þegar húið er að greiða útsvar og skatta og 5% af hlutfénu, ætti félagið að greiða í skatta árið 1942 eftir núgildandi skattalögum (Skattskyldar tekjur þá kr. 160250.00):

Tekjuskatt	kr. 59080.00
Stríðsgróðaskatt	— 14812.50
	<hr/>
Samtals	kr. 73892.50

Ef hins vegar þetta frumvarp verður samþykkt og skattur reiknaður samkvæmt því árið 1942, mundu skattskyldar tekjur félagsins verða 485 þús. kr. (Tekjur 600 þús. ÷ 5% af hlutfé 10 þús. og $\frac{1}{3}$ af varasjóðstillagi 105 þús.) og skatturinn, að óbreyttum stríðsgróðaskatti, verða sem hér segir:

Tekjuskattur	kr. 105180.00
Stríðsgróðaskattur	— 125750.00
	<hr/>
Samtals	kr. 230930.00

Þetta eina dæmi ætti að nægja til að sýna það, að sérstök þörf er á að gera þá breytingu á skattalögunum, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, til þess að komið verði í veg fyrir óeðlilega mikla rýrnum á skattatekjum ríkissjóðs á árinu 1942.

Önnur aðalbreytingin á skattalögunum, sem fólgin er í frumvarpi þessu, snertir varasjóðshlunnindi hlutafélaga.

Í núgildandi skattalögum er ákveðið, að helmingur af árlegu varasjóðstillagi hlutafélaga skuli vera skattfrjáls. Hér er lagt til, að sú breyting verði gerð á þessu ákvæði, að þriðjungur af varasjóðstillaginu skuli dreginn frá tekjunum við ákvörðun skattskyldra tekna. Þó er lagt til, að nokkur takmörkun verði gerð á þessu hjá þeim félögum, sem ekki hafa sjávarútveg sem aðalatvinnurekstur, þannig að þegar varasjóður þeirra er jafnhár eða hærri en innborgað hlutafé eða stofnfé, skuli aðeins $\frac{1}{4}$ hluti þeirrar upphæðar, er þau leggja í varasjóð af árstekjum sínum, vera undanþeginn skattgreiðslu. Virðist það eðlilegt, að félög, sem hafa sjávarútveg að aðalatvinnu, fái hlutfallslega meira af varasjóðstillaginu skattfrjálst heldur en önnur félög, sem hafa áhættuminni rekstur. Er með þessu viðurkennd meiri þörf þeirra félaga, sem hafa sérstaklega áhættusaman atvinnurekstur, til að safna fé í varasjóði.

Eins og málum er nú háttað, virðist vera gerður óeðlilega mikill munur á skattgreiðslum hlutafélaga og einstaklinga og möguleikum þeirra til fjársöfnunar. Er það að vissu leyti óeðlilegt, að félög með takmarkaðri ábyrgð, þ. e. þeir, sem leggja fram einhverja ákvæðna fjárupphæð til atvinnurekstrar, án frekari ábyrgðar, ef illa fer, séu verðlaunaðir með því að komast hjá greiðslum á miklum hluta tekjuskattsins, en einstakir atvinnurekendur, sem ábyrgjast skuldbindingar með öllum eignum sínum, greiði hins vegar skattinn að fulli. Að visu vegur hér nokkuð á móti, að arður hlutafélags er talsvert þyngra skattlagður en almennar tekjur einstaklings, ef arðinum er úthlutað. Áhrif skattalaganna hafa þó orðið þau, að hlutafélögum hefur fjölgað mjög ört í landinu. Er aukningin ýmist í því fólgin, að stofnuð eru ný fyrirtæki með hlutafélagasniði, eða eldri fyrirtækum breytt úr einstaklingsrekstri í hlutafélög, en þá breytingu má gera á öllum atvinnurekstri með því að fullnægja einföldum formsatriðum. Mjög mörg hlutafélaganna eru eign fárra hluthafa, oft eins eða tveggja aðalhluthafa, sem jafnframt eru stjórnendur og starfsmenn félagsins. Er ástæða til að ætla, að margir einstakir atvinnurekendur hafi breytt fyrirtækjum sínum í hlutafélög m. a. til þess að geta notið þeirra hlunninda, sem skattalögin hafa veitt félögum í sambandi við varasjóði þeirra.

Með ákvæðum skattalaganna hefur því verið mjög stuðlað að því, að menn bæru takmarkaða ábyrgð á atvinnurekstri sínum, og verður eigi sagt, að slík þróun sé æskileg.

Næst skal vikið að þeirri breytingu, sem hér er lagt til, að gerð verði á 12. gr. laganna. Lagt er til í frumvarpinu, að persónufrádráttur verði ákveðinn 1000 kr. fyrir hvern einstakling, og verði sá sami hvar sem er á landinu. Auk þess verði persónufrádrátturinn hækkaður sem svarar hækkun framfærslukostnaðar síðan íársbyrjun 1939, miðað við vísitölu kauplagsnefndar. Gera má ráð fyrir, að meðalvísitala ársins 1941 verði sem næst 160, og samkvæmt því yrði persónufrádrátturinn 1600 krónur fyrir hvern einstakling. Er þetta mikil hækkun frá því, sem ákveðið er í núgildandi lögum, en í stað þeirrar hækkunar er lagt til, að fellt verði niður það ákvæði, sem nú er í lögum um „umreikning“ á tekjum einstaklinga eftir vísitölu. Þessi breyting mundi gera útreikning á skattinum miklu einfaldari og auðveldari í framkvæmd.

Til þess að sýna, hver áhrif þær breytingar, sem hér er lagt til, að gerðar verði á skattalögunum, muni hafa á skattgreiðslu einstakra gjaldenda, eru tekin eftirfarandi dæmi. Er þá reiknað með, að meðalvísitala skattársins sé 160 og persónufrádráttur samkvæmt því 1600 krónur.

	Tekjur án frádráttar á útsvari og skatti kr.	Skattur samkv. núgildandi lögum kr.	Skattur samkv. frumvarpinu kr.
1. Einhleypur maður	2585.00	10.40	9.50
2. Einhleypur maður	4235.00	35.20	54.00
3. Einhleypur maður	6550.00	102.40	196.50
4. Hjón með 1 barn	6294.00	24.00	19.00

	Tekjur án frá- dráttar á útsvari og skatti kr.	Skattur samkv. núgildandi lögum kr.	Skattur samkv. frumvarpinu kr.
5. Einhleypur maður	9000.00	238.40	428.00
6. Hjón með 3 börn	8394.00	19.20	3.50
7. Einhleypur maður	11600.00	429.60	830.00
8. Hjón með 3 börn	10770.00	70.40	60.00
9. Einhleypur maður	18450.00	1052.00	2268.50
10. Hjón með 3 börn	17340.00	447.20	704.00
11. Einhleypur maður	26050.00	2262.40	3864.50

Af þessum samanburði sést, að þær breytingar, sem felast í frumvarpinu, sérstaklega hækkunin á persónufrádrættinum og niðurfelling hins svonefnda „umreiknings“ á tekjum einstaklinga, hefur þau áhrif, að tekjuskattur einhleypra manna, sem hafa sæmilegar eða góðar tekjur, hækkar frá því, sem nú er, en hins vegar verður nokkur lækkun á skattgreiðslu fjölskyldumanna, annarra en þeirra, sem hafa háar tekjur. Er þetta áreiðanlega spor í rétta átt.

Um 1. gr.: Í greininni eru ákvæði um nýjan skattstiga, sem er miðaður við það, að eigi verði lengur heimilað að draga greiddan tekjuskatt og útsvör frá tekjum, áður en skattur er á lagður. Um áhrif skattstigans á skattgreiðslur manna hafa verið tilfærð dæmi hér að framan, og gerist eigi þörf að rekja það nánar.

Um 2. gr.: Greinin fjallar um skattfrjáls varasjóðstillög hlutafélaga. Er lagt til, að framvegis verði þriðjungur þess, sem í varasjóð er lagt, skattfrjáls, og þegar náð er vissu marki, aðeins fjórði hluti hjá þeim hlutafélögum, er eigi stunda útgerð. Er áður búið að gera grein fyrir þessum breytingum.

Um 3. gr.: Greinin ákveður, að draga megi eignarskatt frá tekjum manna til skatts, eins og verið hefur, en ekki tekjuskatt né útsvar. Er þetta meginbreyting sú, sem frumvarpið gerir ráð fyrir frá gildandi skattalögum, og hefur verið gerð grein fyrir henni í sambandi við hina almennu greinargerð um meginstefnu frumvarpsins.

Þrátt fyrir þessa meginbreyting er réttmætt, að eignarskattur verði dreginn frá tekjunum eins og verið hefur, þar sem hann tekur yfirleitt mjög litlum breytingum frá ári til árs.

Um 4. gr.: Í þessari grein er ákveðið, hversu mikið skuli draga frá tekjum manna sem persónufrádrátt, þegar skattskyldar tekjur eru fundnar. Hér er ákveðið, að 1000 kr. skuli draga frá fyrir skattgreiðanda sjálfan, 2000 kr. fyrir hjón og 1000 kr. fyrir hvern skylduómaga. Hér er persónufrádráttur hækkaður nokkuð frá því, sem er í gildandi lögum, og jafnframt fylgir það þýðingarmikla ákvæði, að hann skuli hækka frá þessum 1000 kr. á mann sem nemur meðalvísitölu kauplagsnefndar. Þessar breytingar á persónufrádrættinum standa í sambandi við það, að í 8. gr. þessa frumvarps er lagt til, að úr lögum verði felldur „umreikningur“ sá á tekjum manna, sem átti sér stað á þessu ári.

Sérstök ástæða er til þess að draga það fram, að hér mun vera í fyrsta sinn lagt til, að persónufrádráttur fyrir börn og aðra skylduómaga sé jafnhár og hann er ákveðinn fyrir skattgreiðendur sjálfa. Byggist þetta á þeirri skoðun flutningsmanna, að undanfarið hafi ekki verið gerður nægilegur munur á skattgreiðslum einhleypra manna og þeirra, sem hafa fjölskyldu fram að færa, né þeirra, sem hafa litla fjölskyldu, og hinna, sem ala upp mörg börn.

Eins og glöggf kemur fram af hinni almennu greinargerð, verða þessi ákvæði frumvarpsins þannig að skattur fjölskyldumanna, sem ekki eru hátekjumenn, annaðhvort lækkar eða stendur í stað samkvæmt frumvarpinu, en skattur einhleypra manna með góðar miðlungstekjur og þar yfir eykst hins vegar frá því, sem nú er.

Um 5. gr.: Samkvæmt gildandi lögum eru skattfrjálsar fyrstu 5000 krónurnar af eign manna. Hér er lagt til, að hinn skattfrjálsi eignarhluti verði hækkaður í 10000 krónur. Þykir það réttmætt með tilliti til þeirra breytinga, sem þegar hafa átt sér stað í fjármálum þjóðarinnar.

Um 6. gr.: Lágmarksgreiðsla til skattanefndarmanna er ákveðin 4 kr. á dag. Þykir slíkt ekki lengur neitt nærri sanni, og er því hér lagt til, að lágmarksgreiðsla verði 12 kr. á dag.

Um 7. gr.: Samkvæmt gildandi lögum er að vísu heimilt, eins og áður er að vikið, að draga skatta og útsvör frá tekjum, áður en skattur er reiknaður, en þó eigi nema skattarnir og útsvörin hafi verið greidd.

Þetta ákvæði hefur orðið mönnum talsverð hvöt til þess að ljúka skattgreiðslum fyrir hver áramót, þar sem að öðrum kosti hefur dregizt, að menn gætu notið þeirra hlunninda, er af skattfrádrættinum leiddi.

Til þess að minnka eigi þá hvöt hjá mönnum að ljúka skattgreiðslum sínum fyrir áramót er hér lagt til í þessari grein, að dráttarvextir verði stórlega hækkaðir á þeim skatti, sem eigi er greiddur fyrir áramót.

Um 8. gr.: Með ákvæðum þessarar greinar er úr gildi felldur „umreikningur“ sá á tekjum manna, sem lögleiddur var á síðasta Alþingi. Hins vegar er í því samandi persónufrádráttur hækkaður mjög verulega, eins og áður segir. Verður að athuga þau áhrif, sem af þessari breytingu stafar í sambandi við áhrifin af öðrum ákvæðum frumvarpsins, og vísast í því efni til hinnar almennu greinargerðar hér að framan.

Með ákvæðum þessarar greinar eru einnig felldar niður 1.—3. gr. laga frá síðasta reglulegu Alþingi um breytingar á skattalögum, þar sem þau ákvæði þessara greina, sem ætlað er til, að gildi áfram, eru tekin upp í þetta frumvarp.

Nd.

18. Nefndarálit

um frv. til l. um ráðstafanir gegn dýrtíðinni.

Frá 1. minni hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Tveir af nefndarmönnum (HG og JPálm) vilja fella frv. Einn nefndarmanna (StSt) vill samþykkja frv. með breytingum, og skilar hann sérstöku álitni ásamt breytingartillögum. Undirritaðir leggja til, að frumvarpið verði samþykkt, en áskilja sér rétt til að fylgja einstökum breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Alþingi, 31. okt. 1941.

Sveinbjörn Högnason,
form.

Skúli Guðmundsson,
frsm.

Nd.

19. Nefndarálit

um frv. til l. um ráðstafanir gegn dýrtíðinni.

Frá 2. minni hluta fjárhagsnefndar.

Undirritaðir geta eigi fallizt á frv. og leggja því til, að það verði fellt.

Afstaða Haralds Guðmundssonar til málsins kemur fram í frv., sem hann, ásamt tveim öðrum þm., leggur fyrir deildina, en Jón Pálmason mun gera nánari grein fyrir afstöðu sinni í umræðum.

Alþingi, 31. okt. 1941.

Jón Pálmason.

H. Guðmundsson.

Nd.**20. Nefndarálit**

um frv. til l. um ráðstafanir gegn dýrtíðinni.

Frá 3. minni hluta fjárhagsnefndar.

Ég hef eigi getað átt samleið með háttv. meðnefndarmönnum mínum um afgreiðslu þessa frumvarps.

SvbH og SkG vilja samþykkja frumvarpið óbreytt, en þeir JPálm og HG vilja fella frumvarpið.

Ég ber fram nokkrar breytingartillögur við frumvarpið, og enda þótt ég liti svo á. að leysa verði dýrtíðarmálin á viðara grundvelli, mun ég þó verða frumvarpinu fylgjandi, ef breytingartillögur mínar verða samþykktar, en að öðrum kosti legg ég til, að frumvarpið verði fellt.

Nánar í framsögu.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 2. gr. Við greinina bætist: Þó er heimilt að hækka kaup í sveitum, ef nauðsynlegt er til þess að halda við framleiðslunni.

Ríkisstjórninni er heimilt að banna verkföll, verkbönn eða önnur samtök, sem miða að því að stöðva eða leggja niður vinnu.

2. Við 3. gr.

a. Aftan við orðin „1. okt. 1941“ í fyrsta málslíð komi: sbr. þó 9. gr.

b. Aftan við greinina bætist: Engar slíkar árstíðarverðbreytingar séu látnar hafa áhrif til breytinga á verðlagsvísitölunni.

3. Við 8. gr.

a. Síðasti málslíður orðist svo: Við úthlutun verðlagsuppbótar skal leggja til grundvallar útflutningsverð varanna samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands.

b. Á eftir greininni komi ný grein, er verði 9. gr. (og breytist greinatalan samkvæmt því):

Nú telja verðlagsnefndir landbúnaðarafurða nauðsynlegt að hækka verðlag á mjólk og kjöti vegna hækkaðs kaupgjalds samkvæmt 2. gr., og er þeim þá heimilt að hækka verð á þessum vörum að sama skapi.

Verðvísitala þeirra má þó eigi verða hærri en vísitala kaupgjalds, hvort tveggja miðað við árið 1914.

Greiddist hækkun þessi úr dýrtíðarsjóði, sbr. 7. og 8. gr.

Alþingi, 31. okt. 1941.

Stefán Stefánsson.

Sp.**21. Nefndarálit**

um till. til þál. um auknar ráðstafanir til eyðingar á tundurduflum við strendur landsins.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur haft tillögu þessa til athugunar um skeið og kynnt sér til hlitar gang þessa máls. Hefur hún fengið skýrslu um málið frá forstjóra skipautgerðar ríkisins, Pálma Loftssyni, en ríkisstjórnin fól honum í öndverðu að hafa á hendi yfirumsjón og eftirlit með eyðingu tundurdufla við strendur landsins. Nú hafa verið sett tæki til þess að eyða með tundurduflum í fimm skip. Hafa þau að meira

eða minna leyti tekið þátt í þessu starfi, en þó ekki öll í senn að staðaldri, sökum annarra anna. Þá er það og komið á nokkurn rekspól að gera dufl óvirk, sem reka í land, en það mál hafði nokkurn aðdraganda, sökum þess að innlenda menn skorti kunnáttu í því starfi, og fræðslu til þess varð að afla hjá erlendum mönnum.

Nefndin er sammála flutningsmönnum tillögunnar um það, að að því leyti sem þær ráðstafanir, er þegar hafa verið gerðar til eyðingar tundurdufla við strendur landsins, fela ekki í sér þá úrlausn á þessu nauðsynjamáli, að ýrtruðu varúðar sé gætt, þá beri að kosta kapps um, að þar sé bót á ráðin.

Nefndin leggur því áherzlu á, að ríkisstjórnin geri á hverjum tíma þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til þess, að nægur skipakostur og annað, sem með þarf, sé ávallt fyrir hendi í þessu skyni.

Nefndin leggur því til, að tillagan verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

Tillgr. skal orða svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um það, eftir því sem kostur er á, að ávallt sé fyrir hendi nægur skipakostur til þess að nota við eyðingu tundurdufla meðfram ströndum landsins, svo og að sjórekin tundurdufl verði tafarlaust eyðilögð.

Alþingi, 31. okt. 1941.

Pétur Ottesen, form., frsm.	Emil Jónsson, fundaskr.	Þorst. Þorsteinsson.
Páll Hermannsson. Bjarni Bjarnason.	Jónas Jónsson. Helgi Jónasson.	Sig. E. Hliðar. Sigurður Kristjánsson.

Ed.

22. Frumvarp til laga

um úlgáfu krónuseðla.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að gefa út 1 krónu seðla, allt að 500 þús. kr., er komi í stað 1 krónu málmskiptimyntar samkvæmt lögum nr. 19 27. júní 1925, meðan hörgull er á málmskiptimyntinni.

Ákvæði laga nr. 19 27. júní 1925, um innlenda skiptimynt, gilda um krónuseðla þessa eftir því, sem þau geta átt við.

Þegar er nægar birgðir eru fyrir hendi af 1 krónu málmskiptimynt, skulu krónuseðlar þessir innkallaðir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkv. ósk fjármálaráðherra.

Einstakir nefndarmenn eru óbundnir með atkvæði sitt.

Frv. fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

„Skiptimynt var fyrir ófriðinn mótuð í Danmörku, og það var þá auðvelt að hafa ætíð nægilegar birgðir af henni fyrirleggjandi. Síðan hefur hún verið mótuð í Bretlandi. Skiptimyntarnotkunin hefur aukizt mjög mikið síðan erlent herlið settist að í landinu, og mjög stór sending af skiptimynt er nú til þurrðar gengin töluvert fyrr en búizt var við. Von er á miklum birgðum af skiptimynt frá Bretlandi bráðlega, en til þess að bæta úr augnabliksþörf nú er þetta frv. borið fram.“

Nd.**23. Frumvarp til laga**

um afnám laga nr. 82 9. júlí 1941, um viðauka við lög nr. 73 31. des. 1937, um gjald-
eyrisverzlun o. fl.

Flm.: Sigurður Kristjánsson.

1. gr.

Lög nr. 82 9. júlí 1941 eru úr gildi numin.

2. gr.

Innstæðum á biðreikningum samkvæmt fyrrnefndum lögum er eigendum heimilt að ráðstafa eftir eigin ákvörðun.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Eins og nú er komið útflutningi frá Íslandi til Bretlands, eru litlar eða engar líkur til, að innieignir aukist á biðreikningum útflytjenda. Innieignir þessar nema nú um 400 þús. sterlingspundum, eða aðeins 7—8% af sterlingspundaeign Íslendinga, og hafa farið minnkandi. Það er tvímælalaust hagkvæmt, að biðpundum þessum verði varið til lúkningar skulda í Bretlandi eða til þess að kaupa og flytja til landsins þarflega hluti, eftir því sem eigendur finna ráð til.

Nd.**24. Breytingartillaga**

við frv. til laga um vatnsveitu í Bolungavík.

Flm.: Pétur Ottesen.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Heimilt er að ákveða með gjaldskrá, er ráðherra staðfestir, að vatnsskattur til þess að standa straum af væntanlegum vatnsveitum á Akranesi og í Bolungavík megi nema þreföldu því hámarki, sem ákveðið er í 1. málsg. 22. gr. vatnalaga, nr. 15 20. júní 1923.

Enn fremur skal heimilt að ákveða í gjaldskrá, að hámark skattsins af hverju íbúðarhúsi, sem aðstöðu hefur til að nota vatnsveitu á hvorum þessara staða, skuli vera allt að 50 kr.

2. Við 2. gr. Greinin fellur burt, og breytist greinatalan samkvæmt því.

3. Fyrirsögn frv. skal orða svo:

Frumvarp til laga um vatnsskatt á Akranesi og í Bolungavík.

Sp.**25. Tillaga til þingsályktunar**

um hækkað fjárframlag til fjáreigenda á mæðiveikisvæðinu til lambauppeddis.

Flm.: Jón Pálmason, Þorsteinn Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hækka fjárframlag til stuðnings bændum á fjárpestasvæðinu, þannig að unnt verði að greiða 25 krónur á lamb í uppeldisframlag.

Greinargerð.

Það er að koma betur og betur í ljós, eftir því sem lengra liður, í hvílikri hættu sauðfjárræktin í landinu er vegna aðfluttra fjárpesta. Hefur á þessu ári komið fram, að varnirnar eru meira og meira að bila og útlitið um leið að versna um það, að unnt verði að halda pestunum innan vissra takmarka. Þetta leiðir til þess, að litlar líkur eru orðnar fyrir því, að til mála komi að hugsa sér útrýmingu með niðurskurði. Eina vonin um arðvænlega sauðfjárrækt á hinum sýktu svæðum byggist á því, að veikin gangi yfir líkt og farsótt, en réni smátt og smátt, eftir því sem mótstöðuaflið í stofninum vex. En á meðan allt er í óvissu um það, hver reynslan verður, eru framleiðendur á hinum sýktu svæðum í stórum vanda og óvissan um framtíðina mjög hættuleg fyrir alla efnahagslega starfsemi á viðkomandi svæðum. Við flutningsmenn teljum því, eins og sakir standa, þann stuðning ríkisins mest virði fyrir þessa menn, sem miðar að því að viðhalda stofninum þrátt fyrir veikina. Hefur að undanförunu verið greitt nokkuð til þessa og úthlutað 7—10 kr. á veturgamla kind. Þetta teljum við mjög ófullnægjandi, og því er tillagan flutt. Hún byggist á því, að þjóðin öll eigi að bera meira af því tjóni, sem hlotizt hefur af mistökum ráðandi manna, og varna því, að þau blómlegu héruð, sem mest hafa orðið fyrir óhöppum, komist í vandræði vegna minnkandi lífsskilyrða þess atvinnuvegar, sem hefur þar verið aðallífsbjörg manna.

Nánar í framsögu.

Ed.

26. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 106 23. júní 1936, um útsvör.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

17. gr. laganna orðist þannig:

Í kaupstöðum jafnar niðurjöfnunarnefnd niður útsvörum. Formaður niðurjöfnunarnefndar utan Reykjavíkur er formaður skattanefndar. Auk þess eiga sæti í nefndinni fjórir menn, kosnir hlutbundnum kosningum af bæjarstjórn í nóvembermánuði ár hvert til eins árs í senn. Í Reykjavík kys bæjarstjórn á sama hátt og til sama tíma fimm menn í niðurjöfnunarnefnd, og kys niðurjöfnunarnefndin sér sjálf formann. Með sama hætti skal kjósa fjóra — í Reykjavík fimm — menn til vara, er taki sæti í nefndinni í forföllum aðalmanna. Kjörgengir eru þeir, sem kjörgengir eru til bæjarstjórna. Skylt er hverjum manni, sjálfum sér ráðandi, yngri en 60 ára, heilum og hraustum, konum jafnt sem körlum, að starfa í niðurjöfnunarnefnd, en óskytt er þó sama manni að sitja í henni samfleytt lengur en 6 ár, enda þarf hann ekki að taka við endurkjöri fyrr en 6 ár eru liðin síðan hann sat síðast í nefndinni.

Áður en niðurjöfnunarmaður tekur fyrsta skipti til starfa í nefndinni, vinnur hann skriflegt drengskaparheit um að rækja starfið með alúð og samvirkusemi.

Bæjarstjórn ákveður þóknun niðurjöfnunarnefndar.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir beiðni félagsmálaráðuneytisins.

Nefndarmenn hafa óbundin atkv. um frv.

Frá ráðuneytinu fylgdu frv. eftirfarandi athugasemdir:

„Í bréfum skattstjórnans í Reykjavík, dags. 21. maí þ. á., og borgarstjórnans í

Reykjavík, dags. 24. s. m., til félagsmálaráðuneytisins, sem prentuð eru hér á eftir, er gerð grein fyrir ástæðum til þess, að frumvarp þetta er borið fram.

Bréf skattstjórans í Reykjavík, dags. 21. maí 1941:

„Hér með leyfi ég mér að beina þeirri ósk til hins háa ráðuneytis, að það hlutist til um, að skattstjóri verði leystur frá þeirri skyldu að vera formaður niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur og formennska nefndarinnar falin öðrum aðila eigi síðar en frá næstkomandi áramótum.

Ástæðan fyrir þessari beiðni er sú, að ég tel störf þessi — skattstjóraembættið og formannsstarfið í niðurjöfnunarnefnd — orðin svo umfangsmikil, að eigi geti lengur samrýmzt, að sami maður gegni þeim báðum.

Frá því að skattstjóraembættið var stofnað, árið 1921, hefur íbúafjöldi Reykjavíkur vaxið úr 18 þús. í 38½ þúsund, heildarupphæð útsvara í bænum úr 1½ milljón í 8 milljónir og útsvarsgjaldendum fjölgað samtals úr 6 þús. í 15—16 þús., en framteljendur til skatts munu vera orðnir allt að 25 þús. að tölu.

Í þessu sambandi vil ég benda á, að auk eðlilegrar starfsaukningar vegna fólksfjölgunar og vaxandi erfiðleika vegna aukinna skatta og útsvara, þá hefur starf skattstofunnar verið gert fjölbættara með ýmiss konar lagasetningum síðari ára, síðast nú á yfirstandandi Alþingi, með lögum staðfestum 5. þ. m., þar sem skattstjóra er m. a. falið allvíðtækt eftirlit með ráðstöfun á eignum og sjóðum hlutafélaga og útgerðar-fyrirtækja.

Hér í Reykjavík hlýtur að fylgjast að niðurjöfnun útsvara og ákvörðun tekju- og eignarskatts. Útsvarsálagningin fer því fram á mesta annatíma skattstofunnar og skattstjóra. Niðurjöfnuninni er hagað þannig, að nefndarmenn ákveða á fundi sameiginlega hvert einstakt útsvar. Þarf niðurjöfnunarnefnd að leysa þetta verk af hendi á afmörkuðum, tiltölulega skömmum tíma, og síðustu vikurnar, áður en niðurjöfnun lýkur, geta nefndarmenn venjulega litt sinnt öðrum störfum.

Með sívaxandi starfi niðurjöfnunarnefndar verður æ naumari sá tími, sem skattstjóri hefur til þess að gegna öðrum skyldustörfum sínum, þ. e. öllu því, er skattstofunni sjálfri við kemur.

Þau undanfarin 7 ár, er ég hef gegnt skattstjórastarfinu, hef ég eftir getu reynt að sinna til skiptis þessum tvenns konar hlutverkum, án þess að leiddi til áreksra. En með hverju ári, sem liður, verður þessi tvískipting erfiðari og óeðlilegri. Hlýtur afleiðingin stundum að verða sú, að aðkallandi málefnum er frestað eða þau hljóta hraðari afgreiðslu en æskilegt má telja.

Ég hygg, að það muni dómur þeirra, er bezt til þekkinga, að það sé eigi vonum fyrr, þótt sú skipun sé nú gerð, að formannsstarfið í niðurjöfnunarnefnd sé skilið frá embætti skattstjóra.

Þrátt fyrir þessa breytingu yrði samstarf skattstofu og niðurjöfnunarnefndar að sjálfsögðu óbreytt frá því, er verið hefur, og nefndinni veitt öll sú aðstoð, er nauðsyn krefur.“

Bréf borgarstjórans í Reykjavík, dags. 24. maí 1941:

„Skattstjórinn í Reykjavík hefur sent mér bréf, ásamt afriti af bréfi sínu til yðar, dags. 21. þ. m., en þar fer hann fram á að verða leystur frá formennsku í niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur og formennska falin öðrum aðila. Bæjarráðið hefur samþykkt að lýsa sig sammála þessari breytingu og leggur til, að öll niðurjöfnunarnefndin verði eftirleiðis kosin af bæjarstjórn.

Út af þessu leyfi ég mér að fara þess á leit, að þér leggið frumvarp í þessa átt fyrir Alþingi það, er nú situr.“

Ed.**27. Breytingartillögur**

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 13. jan. 1938, um að reisa sildarverksmiðju á Raufarhöfn og aukningu við sildarverksmiðjur ríkisins á Siglufirði, og l. nr. 42 12. febr. 1940, um breyt. á þeim lögum.

Frá fjárhagsnefnd

I. Við 1. gr.

a. Orðin „eða jafngildi þess fjár í erlendum gjaldeyri“ falla niður.

b. Við greinina bætist ný málsg.:
 Gera skal mönnum kost á þáttöku í láni þessu í bönkum landsins og útibúum þeirra, svo og í sparisjóðum í öllum héruðum landsins.

II. Við fyrirsögn frumvarpsins. Fyrirsögnin verður:

Frumvarp til laga um heimild til lántöku fyrir sildarverksmiðjur ríkisins.

Nd.**28. Frumvarp til laga**

um viðauka við lög nr. 13 20. okt. 1905, um rithöfundarétt og prentrétt.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

Þó að 50 ár eða meira séu liðin frá dauða rithöfundar, má ekki birta rit hans breytt að efni, meðferð eða málblæ, ef gildi ritsins og breytingum þeim, sem gerðar eru á því, er svo háttáð, að ugga má, að almennum menningarhagsmunum yrði tjón að.

Við útgáfu íslenskra fornrita skal fylgt samræmdri fornri stafsetningu, nema forn handrit séu gefin út stafrétt.

2. gr.

Nú er sleppt kafla eða köflum úr riti, og skal þess þá greinilega getið á forsiðu titilblaðs, svo og í auglýsingum um ritið.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 100—10000 kr. Enn fremur skulu öll þau eintök viðkomandi rits, sem til næst, gerð upptæk og ónýtt, nema brot sé smávægilegt.

4. gr.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið gætir þess, að lögum þessum sé framfylgt. Með mál út af broti á lögunum skal fara sem almenn lögreglumál.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og taka fyrirmæli þeirra til allra rita, sem út verða gefin eftir gildistöku þeirra.

Greinargerð.

Menntamálanefnd flytur þetta frv. eftir beiðni dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Nefndarmenn eru óbundnir um einstök ákvæði frv.

Eftirfarandi greinargerð fylgdi frv. frá ráðuneytinu:

„Þar eð skýrt hefur verið opinberlega frá ráðagerð um að gefa fornrit vor út með nútímastafsetningu, stytt og jafnvel umrituð, en slíkt verður að teljast viðsjárvert, ef engar takmarkanir verða settar, þykir rétt, að sett verði lög, sem komi í veg

fyrir, að þeim miklu bókmenntaverðmætum, sem þjóðin hefur tekið að arfi frá fyrri kynslóðum, verði þannig stefnt í voða.

Þá hefur þótt rétt að setja fyrirmæli um það, að á útgáfum fornrita vorra skuli vera forn, samræmd „normaliseruð“ stafsetning, svo sem tíðkæpt hefur. Ætlað er til, að hún verði í grundvallaratriðum hin sama og er á útgáfum Hins isl. fornritafélags. Auðvitað má samt gefa handrit út stafrétt.

Ákvæði 2. gr. eru sett til varnar gegn því, að fólk villist á bókum, sem köflum hefur verið sleppt úr.“

Nd.

29. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 24 (Vatnsveita í Bolungavík).

Frá Bjarna Ásgeirssyni.

1. Í stað orðanna „og í Bolungavík“ í 1. tölul. brtt. komi: í Bolungavík og í Borgarnesi.
2. Við 3. tölul. Liðurinn orðist svo:
Fyrirsögn frv. skal orða svo:
Frumvarp til laga um vatnsskatt á Akranesi, í Bolungavík og í Borgarnesi.

Nd.

30. Frumvarp til laga

um heimild til lántöku fyrir sildarverksmiðjur ríkisins.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Til þeirrar aukningar sildarverksmiðjanna á Raufarhöfn og Siglufirði, sem um ræðir í lögum nr. 10 13. jan. 1938 og lögum nr. 42 12. febr. 1940, heimilast stjórn sildarverksmiðja ríkisins að taka lán, að upphæð allt að þrjár milljónir og tvö hundruð þúsund krónur. Ríkissjóður ábyrgist greiðslur téðra lána.

Gera skal mönnum kost á þáttöku í láni þessu í bönkum landsins og útibúum þeirra, svo og í sparissjóðum í öllum héruðum landsins.

2. gr.

2. gr. laga nr. 10 13. jan. 1938 og 2. gr. laga nr. 42 12. febr. 1940 eru felldar úr gildi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd.

31. Nefndarálit

um frv. til l. um viðauka við l. nr. 38 27. júní 1941, um breyt. á l. nr. 27 13. jan. 1938, um váttryggingarfélag fyrir vélbáta.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 4. nóv. 1941.

Finnur Jónsson,
form.

Sigurður Kristjánsson,
frsm.

Sig. E. Hliðar,
fundaskr.

Gísli Guðmundsson.

Jón Ívarsson.

Ed.**32. Frumvarp til laga**

um framlenging á gildi laga nr. 66 11. júní 1938, um vörugjald fyrir Vestmannaeyjakaupstað.

Flm.: Jóhann Jósefsson.

1. gr.

Lög nr. 66 11. júní 1938 skulu gilda til ársloka 1944.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Vestmannaeyjar hafa undanfarin ár haft heimild til tekjuöflunar að nokkru leyti með sérstöku vörugjaldi. Ekki er annað fyrirsjáanlegt en að þessa tekjustofns verði þörf einnig á næstu árum, og þykir því rétt að leita samþykkis Alþingis um framlengingu þeirrar lagaheimildar, sem hér að lýtur.

Alþingi hefur að undanfögnu framlengt þessa heimild til stutts tíma í senn, þar til á síðasta reglulegu Alþingi, að frv. um það efni var fellt í Nd. með litlum atkvæðamun, án þess séð væri, að gildar ástæður lægju til þess. Eins og lögin eru úr garði gerð, snertir þetta máli ekki aðra landshluta en Vestmannaeyjar, og ætti því þessi heimild að verða auðsótt.

Nánar í framsögu.

Nd.**33. Nefndarálit**

um frv. til l. um vatnsveitu í Bolungavík.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin er sammála um að mæla með efni frv., en leggur til, að það verði fellt inn í vatnalögin sem almenn, óstaðbundin heimild. Nefndin leggur því til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Aftan við 1. tölulið 22. gr. laganna bætist:

Þó er bæjarstjórn heimilt, þegar brýna nauðsyn ber til, að fengnu samþykki ráðherra, að hækka gjald þetta allt að þrefaldri þeirri upphæð, sem ákveðin er hér að ofan, og að ákveða lágmark vatnsskattsins af hverju íbúðarhúsi, sem aðstöðu hefur til að nota vatnsveituna, 50 kr.

2. Við 2. gr. Greinin fellur niður.

3. Fyrirsögn frumv. orðist svo:

Frumvarp til laga um breyting á vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923.

Alþingi, 5. nóv. 1941.

Jón Ívarsson,
form.

Emil Jónsson,
fundaskr., frsm.

Garðar Þorsteinsson.

Jóh. G. Möller.

Gísli Guðmundsson.

Nd.**34. Lög**

um útgáfu krónuseðla.

(Afgreidd frá Nd. 5. nóv.).

Samhljóða þskj. 22.

Sp.**35. Tillaga til þingsályktunar**

um ráðstafanir til þess að takmarka íslenzkt vinnuafli í þjónustu brezka og ameríska setuliðsins á Íslandi.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson, Einar Árnason, Bjarni Ásgeirsson,
Helgi Jónasson, Páll Hermannsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að leita samninga við stjórnir Stóra-Bretlands og Bandaríkjanna um hæfilega takmörkun á íslenzku vinnuafli í þjónustu setuliðsins hér á landi og um tilhögun vinnunnar, hvort tveggja með hliðsjón af verkafólksþörfum íslenzkra atvinnuvega. Enn fremur að verkafólksráðningum til setuliðsins verði komið í það horf, að vinnumiðlunarskrifstofur undir stjórn framfærslumálanefndar ríkisins annist eftirleiðis allar fólksráðningar í setuliðsvinnu.

Greinargerð.

Þegar Ísland hafði verið hernumið í um það bil þrjú mánuði, fóru að hefjast hér allmiklar framkvæmdir á vegum brezka setuliðsins, sem tóku til sín talsvert af íslenzku verkafólki. Síðari hluta árs 1940 munu íslenzkir verkamenn í þjónustu brezka setuliðsins hafa verið nokkuð á annað þúsund á öllu landinu, þar með taldir fagmenn. Um þetta liggja þó ekki fyrir nákvæmar skýrslur. Aftur á móti hefur farið fram athugun á því, hve margt Íslendinga vann beinlínis í þjónustu setuliðsins á fyrstu níu mánuðum þessa árs. Þessi athugun er byggð á skýrslum þeim, er brezka vinnumiðstöðin hér í bænum hefur gefið vinnumiðlunarskrifstofunni í Reykjavík og nefnd þeirri, er samkvæmt tilmælum ríkisstjórnarinnar hafði eftirlit með ráðningum verkamanna í setuliðsvinnuna yfir tímabilið maí til ágúst s.l. Þetta yfirlit nær yfir allt landið og hljóðar svo:

Janúarlök	1123	verkamenn og iðnaðarmenn.
Febrúarlök	1310	— — —
Marzlök	1525	— — —
Apríllök	2020	— — —
Máilök	2873	— — 406 iðnaðarmenn
Júnílok	2895	— — 355 —
Júlílok	2237	— — 540 —
Ágústlok	2390	— — 600 —
Septemberlok	2644	— — 656 —

Það skal tekið fram, að fyrstu fjóra mánuði ársins eru aðeins taldir í yfirlitinu þeir verkamenn og iðnaðarmenn, er unnu undir brezkri verkstjórn í þarfir setuliðsins, en ekki hinir, er unnu hjá einstökum mönnum, sem tekið höfðu að sér stjórn og umsjón á einstökum verkum fyrir setuliðið. Aftur eru allir slíkir verkamenn taldir með í yfirlitinu mánuðina maí til september.

Yfirlitið sýnir, að í september 1941 eru 3300 verkamenn og iðnaðarmenn beinlínis í þjónustu setuliðsins, og má þó telja vafasamt, að allt sé tilgreint. Sennilega er þessi tala orðin mun hærri nú, því að vitað er, að brezka vinnumiðstöðin hér vildi í októberbyrjun s. l. fá nokkur hundruð verkamenn til viðbótar og hefur vafalaust

tekizt það að einhverju leyti. Er því líklegt, að nú sé beinlínis í þjónustu setuliðsins hátt á fjórða þúsund manns.

Þá er í þessu sambandi vert að minna á það, sem kalla mætti hina óbeinu vinnu hjá setuliðinu og stöðugt fer vaxandi. Þar til má telja þvott á fatnaði setuliðsmanna, sem að mestu mun fara fram á íslenskum heimilum. Þá hefur mikill fjöldi nýrra veitingastaða verið opnaður, sem byggja rekstrarafkomu sína eingöngu á veru setuliðsins hér. Alls konar smáíðnaður hefur einnig risið upp, sem á tilveru sína að mestu eða öllu leyti undir solumöguleikum meðal setuliðsmannanna. Þá er fjöldinn allur af fólksbifreiðum við akstur í þarfir setuliðsins, umfram það, sem talið er í yfirlitinu hér að framan, og hefur þetta einnig dregið til sín verulegan hluta af vinnuafli frá íslenskum framleiðslustörfum. Þannig mætti lengi telja.

Erfitt er að gera sér grein fyrir, hve stór sá hópur karla og kvenna er, sem þannig vinnur óbeinlínis í þjónustu setuliðsins, en vafalaust er þar um hundruð og þó íremur þúsundir manna að ræða.

Ef lítið er á annað heldur en hina liðandi stund, er öllum hugsandi mönnum það ljóst, hve stórhættulegt það er fyrir íslensku þjóðina, menningarlega og fjárhagslega skoðað, að þúsundir af íslensku verkafólki, körlum og konum, hópist í óarðgæfa atvinnu, sem vist er, að hættir fyrr eða síðar, skyndilega og fyrirvaralaust, en vanrækir og yfirgefur jafnframt sína eigin hjargræðisvegi. Hætt er við, að þjóðfélagið verði varbúið því að sjá þessum stóra hópi farborða atvinnulega, þegar setuliðsvinnan hættir, ef atvinnuvegir landsmanna til lands og sjávar hafa verið vanræktir og þeir þess vegna farið í niðurlægingu. Það getur jafnvel komið fyrir, að öflun íslenskra matvæla takmarkist svo af þessum ástæðum, að til fullkominna vandræða geti horft, ef t. d. siglingar teppast eða torveldast verulega. Það er enginn vafi á því, að setuliðsvinnan hefur nú þegar þrengt svo mjög að íslenskum atvinnuvegum, að hætta er sýnileg fram undan, ef ekkert er að gert. Það er vitað, að sveitirnar eru nú orðnar svo snauðar af fólki, að ekki er unnt að anna nauðsynlegustu heimilisstörfum. Þess munu jafnvel nokkur dæmi, að nokkrir bændur hafi fargað af bústofni sínum af þeirri ástæðu, að ekkert fólk fékkst til þess að hirða hann og nytja. Smáútvegurinn í sjóþorpum og kaптúnunum er að dragast saman af sömu ástæðum. Fregnirnar um hátt kaup í setuliðsvinnunni í Reykjavík og grennd freistar sjómannanna til þess að setja skip sín í naust og fara í Bretavinnu. Loks má telja, að iðnaðurinn í landinu sé þegar búinn að missa mikið af sínum starfskröftum til setuliðsins. Og margt bendir á, að þessi þróun sé ekki búin að ná hámarki sínu enn þá. Enn er ekki sýnilegt, að neitt sé að draga úr framkvæmdum brezka setuliðsins hér. Ýmis rök benda því til, að vinnan hjá setuliðinu eigi enn eftir að vaxa að mun, og þá um leið áhrif hennar til rýrnunar á íslenskt atvinnulíf. Í sambandi við þetta mál verður ekki hjá því komizt að vekja athygli á því, að tilhögun setuliðsvinnunnar hefur nú í seinni tíð átt mjög sterkan þátt í því að draga verkamenn að henni meira en eðlilegt virðist í fljótu bragði. Fá t. d. þeir, er umsjón hafa með vinnunni fyrir setuliðið, ákveðinn hundradshluta af vinnulaununum og hafa þess vegna hagsmuni af því að geta skilað sem hæstum vinnulista að krónutölu. Fyrir þá skiptir vitanlega engu máli, þótt sú krónutala sé fengin með eftirvinnu og sunnudagavinnu. Afleiðingin af þessu skipulagi verður svo sú, að verkamenn fást ógjarnan í vinnu, nema þeim auk venjulegrar dagvinnu sé tryggð nokkur eftirvinna og sunnudagavinna. Þess munu jafnvel dæmi, að verkamenn hafi unnið allt að 16 stundum á sólarhring við lítt heilsusamleg vinnuskilyrði og lélega aðbúð. Má nærri geta, hver áhrif þetta hefur á heilsufar og vinnuþol verkamannanna, þegar þess er og gætt, að mikill hluti þeirra — og er þar átt við aðkomumenn — hefur að lélegum húsakynnum og ófullkominni aðbúð að hverfa að lokinni vinnu.

Framanrituð þingsályktunartillaga felur í sér áskorun til ríkisstjórnarinnar um að gera tilraun til þess að laga það hættulega ástand, sem hér hefur nokkuð verið rakið og áreiðanlega felur í sér menningarlega, siðferðislega og fjárhagslega hættu fyrir þjóðina, ef ekkert verður aðhafzt.

Helztu atriðin í framkvæmd málsins eru þessi:

Leitað sé samninga við stjórnir Stóra-Bretlands og Bandaríkjanna um:

- a. Að setuliðið á Íslandi taki aðeins ákveðinn fjölda íslenzkra verkamanna í sína þjónustu, og sé sá verkamannafjöldi á hverjum tíma ákveðinn með tilliti til þess, hvað íslenzkir atvinnuvegir geta misst af verkafólki án þess að hljóta tjón af.
- b. Að allar verkafólksráðningar í setuliðsvinnuna, hvar sem er á landinu, séu undir stjórn einnar stofnunar, svo að hægt sé að hafa eftirlit með, að samningar, er nást kunna um þessi mál, verði haldnir.
- c. Að setuliðið komi upp eigin þvottahúsum, sem þó að einhverju leyti gætu verið starfrækt með íslenzkum vinnukrafti, eftir nánara samkomulagi.

Að lokum skal á það bent, að þótt af þessum ráðstöfunum, sem hér hafa verið taldar, leiði verulega fækkun á íslenzku verkafólki í þjónustu setuliðsins, þá eru meir en nóg verkefni til þess að vinna að, bæði í þágu atvinnurekstrarins í landinu og við aðkallandi opinberar framkvæmdir, svo sem undirbúning landnáms í stórum stíl, vegabætur o. fl., o. fl.

Nd.

36. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 48 19. maí 1930, um gagnfræðaskóla.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

Síðari málsgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er enn fremur ríkisstjórninni að láta efna til gagnfræðaskóla á Siglu-firði, Norðfirði, Seyðisfirði og Akranesi, þegar kaupstaðir þessir óska þess og uppfylla skilyrði laga þessara.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. svipað þessu var flutt á þinginu 1940 af menntmn. Ed., og fylgdi því þá svo hljóðandi greinargerð:

„Frumvarp þetta er flutt samkvæmt tilmælum þingmanns Seyðfirðinga og samkvæmt ósk bæjarstjórnar Seyðisfjarðar. En Seyðisfjörður er hinn eini kaupstaðanna, sem löggin um gagnfræðaskóla ná eigi til. Er það eindregin ósk bæjarstjórnarinnar og bæjarbúa yfirleitt, að úr þessu misræmi verði nú bætt. Undanfarin ár hefur starfað unglingskóli á Seyðisfirði, og hefur hann fengið húsrúm í barnaskólanum. Til bráðabirgða má gera ráð fyrir, að gagnfræðaskólinn geti notast við þetta húsnæði.“

Síðan hafa verið samþ. á Alþingi lög um bæjarréttindi á Akranesi. Eftir ósk ráðandi manna á Akranesi og þingmanns Borgfirðinga hefur verið tekin upp í frv. till. um sömu réttindi fyrir Akranes til að stofna gagnfræðaskóla sem aðra bæi.

Nd.

37. Nefndarálit

um frv. til laga um viðauka við og breyting á lögum frá 8. sept. 1941 um húsaleigu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarp þetta, sem borið er fram til staðfestingar á samhljóða bráðabirgðalögum frá 8. sept. þ. á., og hefur hún kallað á fund sinn til

viðræðna um það bæði húsaleigunefnd og stjórn fasteignaeigendafélags Reykjavíkur. Er nefndinni ljóst, að lög þessi leggja miklar kvaðir á húseigendur og skerða allmjög umráðarétt þeirra yfir eignum sínum, en eftir viðræður við nefnda aðila og frekari athugun málsins, hefur nefndin komið að raun um, að setning laganna hafi, eftir atvikum, verið nauðsynleg og að ekki beri að nema þau úr gildi að svo stöddu. Hins vegar lítur nefndin svo á, að um leið og nýbyggingar fari svo í vöxt, að húsnæðisvandráði réni verulega, þá beri að afnema lögin. Að fengnum upplýsingum um, hvernig nú horfir um nýbyggingar, leggur nefndin því til, að lögin verði ekki látin gilda lengur en til 15. júní 1942, og ber, í samræmi við það, fram eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGU.

Við 5. gr. Aftan við greinina bætist: og gilda til 15. júní 1942.

Alþingi, 8. nóv. 1941.

Jón Ívarsson, form.	Emil Jónsson, fundaskr.	Jóh. G. Möller, frsm.
Gísli Guðmundsson.	Garðar Þorsteinsson.	

Nd.

38. Lög

um viðauka við lög nr. 38 27. júní 1941, um breyting á lögum nr. 27 13. jan. 1938, um vátryggingarfélög fyrir vélbáta.

(Afgreidd frá Nd. 10. nóv.).

Samhljóða þskj. 3.

Ed.

39. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 frá 21. júní 1921, um stimpilgjald.

Frá fjárhagsnefnd.

Afgreiðsla máls þessa hefur dregið nokkuð sakir þess, að einn nefndarmaður (BSI) var fjarverandi vegna veikindaforfalla.

Nefndin hefur átt tal um málið við skrifstofustjórnann í fjármálaráðuneytinu.

Telur nefndin, að þörf sé á breytingu á því atriði, sem frumvarpið fer fram á, en telur hæpið, að frumvarpið eins og það er nái tilgangi sínum. Auk þess eru fleiri atriði, sem þörf væri að athuga, ef þessu ætti að breyta á annað borð. Þykir nefndinni því réttast, að málinu sé vísað til frekari athugunar til ríkisstjórnarinnar, og leggur til, að það verði afgreitt með svolátandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í því trausti, að ríkisstjórnin láti fram fara athugun á ákvæðum stimpilgjaldslaganna, nr. 75 frá 21. júní 1921, að því er snertir stimpilgjald á afsalsbréfum og beri fram tillögur um breytingar á þeim ákvæðum, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 10. nóv. 1941.

Magnús Jónsson, form., frsm.	Erl. Þorsteinsson, fundaskr.	Bernh. Stefánsson.
---------------------------------	---------------------------------	--------------------

Sp.**40. Þingsályktun**

um auknar ráðstafanir til eyðingar á tundurduflum við strendur landsins.

(Afgreidd frá Sp. 10. nóv.).

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um það, eftir því sem kostur er á, að ávallt sé fyrir hendi nægur skipakostur til þess að nota við eyðingu tundurdufla meðfram ströndum landsins, svo og að sjórekin tundurdufl verði tafarlaust eyðilögð.

Sp.**41. Þingsályktun**

um greiðslu ríkislána í Bretlandi.

(Afgreidd frá Sp. 10. nóv.).

Samhljóða þskj. 16.

Nd.**42. Frumvarp til laga**

um afnám laga nr. 99 9. júlí 1941, um gjaldeyrisverzlun o. fl.

Flm.: Sigurður Kristjánsson.

1. gr.

Lög nr. 99 9. júlí 1941, um gjaldeyrisverzlun o. fl., eru úr gildi numin.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Þegar styrjöldin hófst, höfðu ein hin rammauknustu innflutningshöft, sem sögur fara af, staðið hér á landi allmörg ár. Birgðir innfluttra vara voru því löngu til þurrðar gengnar, en af vöruskortinum leiddi hækkað verðlag og aukna dýrtíð.

Þegar ófriðarblikuna dró upp, var í nágrannalöndum okkar lagt hið mesta kapp á að safna birgðum nauðsynjavara. Má fullyrða, að í nágrannalöndum Íslands hafi verið til tveggja til þriggja ára birgðir helztu nauðsynjavara, þegar styrjöldin hófst. En Íslendingar héldu uppteknum hætti um innflutningsvarnir, svo að varla gat heitið, að þeir ættu til næsta máls í upphafi ófriðarins. Ástæður fyrir þessum ráðstöfunum hafa alltaf verið sagðar þær sömu: skortur erlends gjaldeyris.

Ófriðurinn hófst. Söluverð islenzkra útflutningsvara hækkaði, skuldir bankanna í útlöndum greiddust og innieignir fóru að safnast. Jafnframt lokuðust fleiri og fleiri viðskiptalönd Íslands og verð innflutningsvaranna fór hækkaði. En innflutningshöftin héldust. Og loks hófst hér eftirlit Breta með innflutningnum.

Hver maður getur séð, hver ógæfa það var, að ekki var hægt að birgja landið, áður en stórfelld hækkan varð á verði innflutningsvaranna og flutningaörðugleikar mögnuðust. Fjárhagslegt tjón, er af þessu leiddi, nemur eflaust milljónatugum og á sinn þátt í dýrtíðinni. Hitt er ekki síður bersýnilegt, hver háski stafar af því fyrir afskekktu eyþjóð með lítinn kost flutningaskipa að sitja á ófriðlýstu svæði, óbirg af flestu því, sem hún þarf sér til lífsviðurværis.

En nú hefur sú breyting á orðið, að Bandaríkin hafa heitið að greiða í dollurum

allar útflutningsvörur, sem samið er um, að Bretar kaupi af Íslendingum. Með þeim samningum er fallin burt ástæðan, sem innflutningshöftin byggðust á og hafa stuðzt við til þessa dags.

Um það eru varla skiptar skoðanir, að eins og sakir standa og nú horfir, sé á fáu brýnni þörf en því að birgja landið sem rikulegast að nauðsynjavörum. En þar eru margir þröskuldar á leið, þótt þessum tveim, gjaldeyrisskortinum og eftirliti Breta, sé úr vegi hrundið. Má þar fyrst telja skipaskort, því skipakostur Íslendinga sjálfra annar hvergi nærri flutningum, er svo er langt til aðdráttá sem nú, er viðskiptin hafa að mestu færzt til Ameríku. En næst má telja sjálfskaparörðugleikana: hina harðvítugu skömmtnun innflutningsleyfa og gjaldeyris.

Til þess að standast kostnaðinn af framkvæmd innflutningshaftanna eru greiddar 2 krónur fyrir hverjar 1000 kr. sem innflutningsleyfi er veitt fyrir. Gjald þetta nam á árinu 1940 um 100 þús. kr., en hrökk þó hvergi nærri fyrir kostnaðinum við innflutningsskömmtnunina. Sá kostnaður varð um 130 þús. kr. Á þessu ári verður þessi kostnaður miklu hærri. Auk þessa kostar vöruskömmtnunin innan lands um 100 þús. kr. Fé þessu væri eðlilegra að verja til þess að greiða fyrir innflutningi en til innflutningshafta.

Fyrst við nú eigum því láni að fagna að ráða nægum erlendum gjaldeyri og að vera leystir undan vöruskömmtnun Breta, ættum við að bregða við sem skjófast og neyta allra tiltækilegra ráða til þess að birgja landið og létta af þeim ægilega háska, sem okkur hefur verið og er búinn af vöruskorti. Ber þá fyrst að fella niður hin úreltu innflutningsbönn og leysa úr hömlum alla þá krafta, sem að því geta unnið að bægja hættunni frá. En þar næst ber ríkinu að neyta allrar orku til aðstoðar við innflutninginn.

Nd. 43. Breytingartillaga

við frv. til l. um viðauka við og breyt. á l. 8. sept. 1941 um húsaleigu.

Frá Sveinbirni Högnasyni.

Við 4. gr. Aftan við greinina bætist:

Upphaf 2. gr. sömu laga orðist svo: Leigusala er óheimilt að segja upp leigusamningum um húsnæði, nema hann þurfi á því að halda til íbúðar fyrir sjálfan sig eða vandamenn sína.

Nd. 44. Frumvarp til laga

um breyting á vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Aftan við 1. tölulið 22. gr. laganna bætist:

Þó er bæjarstjórn heimilt, þegar brýna nauðsyn ber til, að fengnu samþykki ráðherra, að hækka gjald þetta allt að þrefaldri þeirri upphæð, sem ákveðin er hér að ofan, og að ákveða lágmark vatnsskattsins af hverju íbúðarhúsi, sem aðstöðu hefur til að nota vatnsveituna, 50 kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Alþt. 1941. A. (58. löggjafarþing).

Nd.**45. Frumvarp til laga**

um viðauka við og breyting á lögum 8. sept. 1941 um húsaleigu.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Leigusala er óheimilt að segja upp leigusamningum um íbúðarhúsnæði, nema honum sé þess brýn þörf til eigin íbúðar, að dómi húsaleigunefndar (fasteignamatsnefndar), og að hann hafi verið orðinn eigandi hússins áður en lög þessi öðluðust gildi.

Uppsagnir á íbúðarhúsnæði, sem fram hafa farið fyrir gildistöku þessara laga og ekki hafa komið til framkvæmdar, skulu vera ógildar, nema húseigandi sanni fyrir húsaleigunefnd, að hann sé húsnæðislaus og þurfi þess vegna á húsnæðinu að halda til íbúðar fyrir sjálfan sig.

2. gr.

Húseiganda er óheimilt að leigja öðrum en heimilisföstum innanhéraðsmönnum íbúðarhúsnæði.

Leigusamningar, sem gerðir hafa verið fyrir gildistöku þessara laga, en óheimilir væru eftir ákvæði 1. mgr., eru ógildir.

Þegar alveg sérstaklega stendur á, er húsaleigunefnd (fasteignamatsnefnd) heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar.

3. gr.

Ef íbúðarhúsnæði er heimildarlaust tekið til annarrar notkunar en íbúðar, er húsaleigunefnd rétt að skylda húseiganda, að viðlögðum allt að 100 kr. dagsektum, að taka upp fyrri notkun húsnæðisins.

4. gr.

4. mgr. 1. gr. laga 8. september 1941, um húsaleigu, er úr gildi felld.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 15. júní 1942.

Nd.**46. Breytingartillaga**

við frv. til l. um viðauka við og breyt. á l. 8. sept. 1941 um húsaleigu.

Frá Gísla Sveinssyni og Sveinbirni Högnasyni.

Á eftir 3. gr. komi ný grein svo hljóðandi:

Úrskurðum húsaleigunefndar má áfrýja til yfirhúsaleigunefndar, er í eiga sæti fimm menn, og skulu þrír þeirra skipaðir af ríkisstjórninni, en tveir af hæstarétti, og sé annar þeirra lögfræðingur og formaður nefndarinnar. Ríkisstjórnin setur yfirhúsaleigunefnd starfsreglur, og greiðist kostnaður af störfum hennar úr ríkissjóði.

Nd. 47. Breytingartillaga

við frv. til l. um viðauka við og breyt. á l. 8. sept. 1941 um húsaleigu.

Frá Einari Olgeirssyni og Ísleifi Högnasyni.

Á eftir 1. gr. komi ný grein, sem verði 2. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkv. því):

Nú hefur fjölskylda til afnota húsnæði, sem er stærra en svo, að nemi 20 gólf-flatarmetrum í íbúðarherbergjum fyrir hvern þann, er til fjölskyldunnar telst og íbúðar nýtur á vegum hennar, og er bæjarstjórnnum þá heimilt að taka það húsnæði, sem umfram er þessa tilteknu stærð, til afnota fyrir húsnæðislaust fólk.

Húsaleigunefnd í Reykjavík og fasteignanefndir utan Reykjavíkur fella úrskurð um leiguupphæð, leigutíma og annað, sem þörf þykir að taka ákvörðun um í sambandi við leigunámið.

Nd. 48. Breytingartillaga

við frv. til l. um viðauka við og breyt. á l. 8. sept. 1941 um húsaleigu.

Frá Sigurði Kristjánssyni.

Í stað orðanna „til eigin íbúðar“ í fyrri málsgr. 1. greinar komi: til íbúðar fyrir sjálfan sig eða vandamenn sína, sem taldir eru í 2. málsgr. 9. greinar laga nr. 87 19. júní 1933 (ábúðarlög).

Ed. 49. Tillaga til þingsályktunar

um skyldusparnað.

Flm.: Bjarni Snæbjörnsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að athuga möguleikana á löggjöf um almennan skyldusparnað og leggja árangur þeirrar athugunar fyrir næsta Alþingi.

Greinargerð.

Fjárhagur þjóðarinnar stendur nú með miklum blóma. Atvinnufyrirtækin eru nú rekin á sæmilega tryggum fjárhagslegum grundvelli. Flestir landsmanna hafa að miklu eða öllu leyti komizt úr skuldabaslinu, sem þeir voru í. Fjöldi verkamanna, bænda og sjómanna hefur líka, sem betur fer, lagt fé það, er þeim hefur áskotnast fram yfir nauðþurftir sínar, á vöxtu í bönkum eða sparisjóðum. Þeir eygja nú fyrst t. d. þann langþráða möguleika að geta reist hús yfir sig og fjölskyldu sína, en þeim hrýs hugur við að leggja út í það nú, eins og allt verðlag er hátt. En kvíðinn um verðleysi peninganna er að læsa sig um þessa menn og lama sparnaðarviðleitni þeirra, því að högum okkar er svo komið, að fjöldi manna er að verða sannfærður um, að verðgildi isl. krónunnar verði nær ekkert, er fram líða stundir. Það sé því um að gera að lifa hátt á meðan kaupmáttur hennar er nokkur, kaupa þarft sem óþarft, heilsuþætandi sem heilsuspillandi. Eftirspurnin á öllu er þegar orðin meiri en framboðið, og ekkert er spurt um, hvað varan kostar, ef hún bara fæst. Þetta er aðalorsök dýrtíðarinnar, og þetta batnar ekki, þótt fast verðlag sé sett á innlendar afurðir, stríðsgróði skattlagður og verkakaup fastákveðið, eins og lagt er til í frumvörpum þeim, er legið hafa fyrir þinginu, svo lengi sem hægt er að selja vörurnar með stríðsgróða og vinnan í landinu er jafnmikil og hún er nú.

Aðalráðið til bóta í þessu efni er að taka mikið af peningunum úr umferð, knýja menn til að spara við sig.

Tvær leiðir mætti fara í þessu efni, og gætu þær líka sem bezt farið saman. Í fyrsta lagi að skylda alla eftir efnum og ástæðum til að leggja fé vaxtalaust í banka eða sparisjóði, þar til stríði væri lokið; þá fyrst mættu þeir ráðstafa því og þá yrðu líka greiddir vextir af því. Og í öðru lagi að skylda menn, líka eftir efnum og ástæðum, til að kaupa ríkisskuldabréf, sem væru vaxtalaus og óheimilt að selja eða veðsetja á meðan stríðið stendur; enda væri ríkissjóði óheimilt að nota þetta fé, að óbreyttum aðstæðum, nema til að greiða með erlendar skuldir sínar. Þessar tekjur manna, sem þannig væri ráðstafað, mætti svo undanþiggja skatti (sbr. lög frá síðasta þingi um varasjóð útgerðarfyrirtækja).

Með þessu fyrirkomulagi ynnist þrennt. Í fyrsta lagi mundi draga úr dýrtíðinni, þegar kaupgetan væri minnkuð. Í öðru lagi þyrftu bankar og sparisjóðir ekki að ganga á varasjóði sína til að greiða með vexti af innlendum innstæðum, meðan útlán eru lítil, heldur aukið þá og ef til vill lækkað útlánsvexti strax eða síðar, þegar landsmönnum kæmi betur. Í þriðja lagi myndaði ríkið sér þarna álitlegan sjóð, sem það gæti gripið til, þegar mögru kýrnar kæmu, erfiðleikar atvinnuveganna og þar af leiðandi atvinnuleysi og örbirgð. Úr þessum sjóði gæti ríkið líka veitt aðþrengdum sveitar- og bæjarfélögum lán, þegar móti færi að blása. Auk þessara þriggja kosta mundi þessi tilhögun líka stuðla að því, að síður yrði flótti frá framleiðslunni í sveitunum heldur en nú er.

Sú stefna er ofarlega hjá mörgum, að fénu eigi að ná úr umferð með stóraukn-um sköttum, en því er til að svara, að menn eru almennt svo gerðir, að þeir munu frekar sætta sig við að láta svo um munar af mörkum á þennan hátt, sem nefndur hefur verið, heldur en með skattaálögum, og það því fremur sem þeir álíta, að það fé, sem innheimt er með skatti, yrði strax að eyðslueyri hjá þingi og stjórn um leið og það væri innheimt. Væri þetta fé aftur á móti lán, sem ríkissjóði væri veitt í því sérstaka augnamiði, að hægt væri að grípa til þess, þegar vandræðin steðjuðu að, og ríkissjóður ætti í framtíðinni að standa skil á, þá mundu þeir líta svo á, að heilbrigðari sjónarmið væru gildandi hjá valdhöfunum um eyðslu fjárins.

Ýmsar ófriðarþjóðanna hafa komið á skyldusparnaði hjá sér, og allar eru þær hvattar til sparnaðar af forsvarsmönnum þeirra, — sparnaðar, sem aðallega og nær eingöngu er notaður í því skyni, að hægt sé að búa til sem flest eyðileggingartæki til að tortíma með mannlífum og verðmætum, sem þjóðirnar hafa byggt upp með hugviti sínu, smekk og líkamlegu erfiði um aldaradur. Hversu kærara ætti okkur þá ekki að vera það, að leggja hlutfallslega jafnmikið til hliðar til að standa straum af erfiðleikunum og atvinnuleysinu, sem því miður kemur ábyggilega, þegar þessi útlendu herveldi, sem hér dvelja um stundar sakir, eru hætt að sækjast eftir vinnuafli okkar, farin héðan og hugsa um það eitt að koma fjárhag sínum í viðunandi horf og búa því á meðan sem mest að sínu?

Ed.

50. Frumvarp til laga

um viðauka við og breyting á lögum 8. sept. 1941 um húsaleigu.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Leigusala er óheimilt að segja upp leigusamningum um íbúðarhúsnæði, nema honum sé þess brún þörf til eigin íbúðar, að dómi húsaleigunefndar (fasteignamatnefndar), og að hann hafi verið orðinn eigandi hússins áður en lög þessi öðluðust gildi.

Uppsagnir á íbúðarhúsnæði, sem fram hafa farið fyrir gildistöku þessara laga og ekki hafa komið til framkvæmdar, skulu vera ógildar, nema húseigandi sanni fyrir húsaleigunefnd, að hann sé húsnæðislaus og þurfi þess vegna á húsnæðinu að halda til íbúðar fyrir sjálfan sig.

2. gr.

Húseiganda er óheimilt að leigja öðrum en heimilisföstum innanhéraðsmönnum íbúðarhúsnæði.

Leigusamningar, sem gerðir hafa verið fyrir gildistöku þessara laga, en óheimilir væru eftir ákvæði 1. mgr., eru ógildir.

Þegar alveg sérstaklega stendur á, er húsaleigunefnd (fasteignamatsnefnd) heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar.

3. gr.

Ef íbúðarhúsnæði er heimildarlaust tekið til annarrar notkunar en íbúðar, er húsaleigunefnd rétt að skylda húseiganda, að viðlögðum allt að 100 kr. dagsektum, að taka upp fyrri notkun húsnæðisins.

4. gr.

Úrskurðum húsaleigunefndar má áfrýja til yfirhúsaleigunefndar, er í eiga sæti fimm menn, og skulu þeir skipaðir af ríkisstjórninni, en tveir af hæstarétti, og sé annar þeirra lögfræðingur og formaður nefndarinnar. Ríkisstjórnin setur yfirhúsaleigunefnd starfsreglur, og greiðist kostnaður af störfum hennar úr ríkissjóði.

5. gr.

4. mgr. 1. gr. laga 8. sept. 1941 um húsaleigu er úr gildi felld.

Upphaf 2. gr. sömu laga orðist svo: Leigusala er óheimilt að segja upp leigusamningum um húsnæði, nema hann þurfti á því að halda til íbúðar fyrir sjálfan sig eða vandamenn sína.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 15. júní 1942.

Ed.**51. Frumvarp til laga**

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast rekstrarlán fyrir Landsbanka Íslands.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórninni, fyrir hönd ríkissjóðs, er heimilt að ábyrgjast rekstrarlán fyrir Landsbanka Íslands, allt að 2 milljónir Bandaríkjadollara.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fjárhagsnefnd flytur frumvarp þetta eftir beiðni fjármálaráðherra, og áskilja nefndarmenn sér rétt til að hafa óbundnar hendur um einstök atriði frumvarpsins. Frumvarpinu fylgdi svolátandi greinargerð:

„Til þess að tryggja viðskiptin við Bandaríkin telur ríkisstjórnin nauðsynlegt, að tekið verði allt að 2 milljóna dollara lán í Bandaríkjunum, og með því að ábyrgð ríkissjóðs þarf til slíkrar lántöku, er frv. þetta borið fram.“

Ed.**52. Nefndarálit**

um frv. til l. um framlenging á gildi l. nr. 66 11. júní 1938, um vörugjald fyrir Vestmannaeyjakaupstað.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin mælir með frv. óbreyttu.

Alþingi, 17. nóv. 1941.

Magnús Jónsson,
form.

Erl. Þorsteinsson,
fundaskr., með fyrirv.

Bernh. Stefánsson,
frsm.

Sþ.**53. Breytingartillaga**

við till. til þál. um ráðstafanir til að takmarka íslenzkt vinnuafli í þjónustu brezka og ameríska setuliðsins á Íslandi.

Frá Brynjólfi Bjarnasyni, Einari Olgeirssyni og Ísleifi Högnasyni.

1. Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að leita samninga við stjórnir verklyðsfélaganna og alþýðusambandsins um ráðstafanir til þess að tryggja nægilegt vinnuafli til framleiðslu á lifsnauðsynjum landsmanna.

2. Fyrirsögn tillögunnar orðist svo:

Till. til þál. um ráðstafanir til að tryggja framleiðslu á lifsnauðsynjum landsmanna.

Sþ.**54. Tillaga til þingsályktunar**

um lokun áfengisverzlana ríkisins og afnám vinsöluleyfis veitingahúsa.

Flm.: Ingvar Pálmason, Pálmi Hannesson.

Alþingi fellst á, að sú ráðstöfun ríkisstjórnarinnar að fyrirskipa lokun áfengisverzlana ríkisins og afnema vinsöluleyfi veitingahúsa hafi verið gerð af fullri nauðsyn, og ályktar, að verðlanir þessar skuli vera lokaðar og vinsöluleyfin ekki endurnýjuð, að óbreyttum ástæðum, meðan erlent herlið dvelur í landinu.

Greinargerð.

Vegna hins óvenjulega viðhorfs, sem skapast hefur við dvöl erlends herliðs í landinu, verður að telja með öllu óviðeigandi, að ríkið eða stofnanir þess óg útsölu- staðir hafi á boðstólum áfenga drykki, þar sem öllum má ljóst vera, að nautn þeirra getur leitt til torveldunar því, að þjóðin eða einstaklingar hennar sýni þann siðmenn- ingarþroska, sem henni ber í allri framkomu og viðskiptum við hið erlenda setulið.

Nd.**55. Breytingartillögur**

við frv. til l. um viðauka við l. nr. 13 20. okt. 1905, um rithöfundarétt og prentrétt.

Frá Bjarna Bjarnasyni, Gísla Sveinssyni og Pálma Hannessyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Þó að 50 ár eða meira séu liðin frá dauða rithöfundar, má ekki birta rit hans breytt að efni, meðferð eða málblað, ef breytingunum er svo háttáð, að menning eða tunga þjóðarinnar bíði tjón af. Eigi má heldur sleppa kafla úr riti, nema þess sé greinilega getið í útgáfunni.

2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Hið íslenska ríki hefur eitt rétt til þess að gefa út íslensk rit, sem samín eru fyrir 1400. Þó getur ráðuneyti það, sem fer með kennslumál, veitt öðrum leyfi til slíkrar útgáfu, og má binda leyfið því skilyrði, að fylgt sé samræmdri stafsetningu fornri.

Þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar hefur Hið íslenska fornritafélag heimild til útgáfu fornrita.

3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Brot gegn lögum þessum varða sektum 100--10000 króna, og óheimil rit skulu gerð upptæk, nema brot sé smávægilegt.

Ed.**56. Breytingartillaga**

við frv. til l. um framlenging á gildi l. nr. 66 11. júní 1938, um vörugjald fyrir Vestmannaeyjakaupstað.

Frá Erlendi Þorsteinssyni.

Við 1. gr. Í stað orðanna „ársloka 1944“ komi: ársloka 1942.

Ed.**57. Nefndarálit**

um frv. til l. um breyt. á vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin mælir með, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 18. nóv. 1941.

Sigurjón Á. Ólafsson,
form.Ingvar Pálmason,
fundaskr., frsm.

Magnús Gíslason.

Ed.**58. Nefndarálit**

við frv. til l. um viðauka við og breyt. á l. 8. sept. 1941 um húsaleigu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og borið það saman við gildandi lög. Telur hún rétt eftir atvikum að mæla með frv.

Tveir nefndarmenn skrifa þó undir með fyrirvara.

Alþingi, 18. nóv. 1941.

Sigurjón Á. Ólafsson,
form., frsm., með fyrirv.

Ingvar Pálmason,
fundaskr.

Magnús Gíslason,
með fyrirv.

Ed.**59. Breytingartillaga**

við frv. til l. um viðauka við og breyt. á l. 8. sept. 1941 um húsaleigu.

Frá Sigurjóni Á. Ólafssyni.

Við 4. gr. Greinin falli niður.

Ed.**60. Breytingartillaga**

við frv. til l. um viðauka við og breyt. á l. 8. sept. 1941 um húsaleigu.

Frá Magnúsi Gíslasyni.

Á eftir 5. gr. komi ný grein, sem verður 6. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkvæmt því):

Ákvæði þessara laga og laga frá 8. sept. 1941 um húsaleigu taka ekki til þeirra íbúðarhúsa, sem í smíðum eru, þegar lög þessi öðlast gildi, eða síðar kunna að verða reist.

Nd.**61. Frumvarp til laga**

um viðauka við lög nr. 13 20. okt. 1905, um rithöfundarétt og prentrétt.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Þó að 50 ár eða meira séu liðin frá dauða rithöfundar, má ekki birta rit hans breytt að efni, meðferð eða málblæ, ef breytingunum er svo háttáð, að menning eða tunga þjóðarinnar bíði tjón af. Eigi má heldur sleppa kafla úr riti, nema þess sé greinilega getið í útgáfunni.

2. gr.

Hið íslenska ríki hefur eitt rétt til þess að gefa út íslensk rit, sem samin eru fyrir 1400. Þó getur ráðuneyti það, sem fer með kennslumál, veitt öðrum leyfi til

slikrar útgáfu, og má binda leyfið því skilyrði, að fylgt sé samræmdri stafsetningu fornri.

Þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar hefur Hið íslenska fornritafélag heimild til útgáfu fornrita.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum 100—10000 króna, og óheimil rit skulu gerð upptæk, nema brot sé smávægilegt.

4. gr.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið gætir þess, að lögum þessum sé framfylgt. Með mál út af broti á lögunum skal fara sem almenn lögreglumál.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og taka fyrir mæli þeirra til allra rita, sem út verða gefin eftir gildistöku þeirra.

Sp.

62. Nefndarálit

um till. til þál. um hækkað fjárframlag til fjáreigenda á mæðiveikisvæðinu til lambaupveldis.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin leggur til, að þingsályktunartillagan verði samþykkt með eftir farandi

BREYTINGUM.

1. Tillgr. skal orða svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hækka fjárframlag til stuðnings bændum á fjárpestasvæðunum, þannig að unnt verði að greiða allt að 25 kr. á lamb í uppeldisframlag, eftir reglum, er sauðfjársjúkdómanefnd setur.

2. Fyrirsögn till. verði þannig:

Till. til þingsál. um hækkað fjárframlag til fjáreigenda á fjárpestasvæðunum til lambaupveldis.

Alþingi, 19. nóv. 1941.

Pétur Ottesen, form.	Þorst. Þorsteinsson, frsm.	Bjarni Bjarnason.
Páll Hermannsson.	Sigurður Kristjánsson, með fyrirvara.	Helgi Jónasson, með fyrirvara.
	Sig. E. Hlíðar.	

Sp.

63. Breytingartillaga

við till. til þingsályktunar um lokun áfengisverzlana ríkisins og afnám vinsöluleyfis veitingahúsa.

Frá Jóh. G. Möller.

Tillögugr. orðist svo:

Í tilefni af þeirri ráðstöfun ríkisstjórnarinnar að loka áfengisverzlunum ríkisins og afnema vinsöluleyfi veitingahúsa vill Alþingi benda á, að eftir að sú ráðstöfun

Alþt. 1941. A. (58. löggjafarþing).

var gerð, hefur skapazt slíkt ófremdarástand í áfengismálum þjóðarinnar, að vart verður lengur við unað. Má þar til nefna aukið vínsmygl, aukna leynisölu smyglaðs víns, bruggun í stórum stíl, stóraukin kynni og viðskipti landsmanna og setuliðsins og neyflu ýmissa óhollra og banvænna vökva, sem jafnvel hafa valdið mönnum aldurtíla. Skorar Alþingi því á ríkisstjórnina að taka nú þegar til rækilegrar athugunar, hvort eigi sé kleift, að landsmenn sjálfir eigi kost á löglegum drykkjum án þess að af því hljóttist sú ómenning og þau lögbrot, sem fylgja núverandi ástandi í þessum málum. Beinir Alþingi því sérstaklega til ríkisstjórnarinnar að athuga, hvort eigi muni ráðlegt að taka upp sama eða áþekkt sölufyrirkomulag áfengra drykkja og var áður en nefndar ráðstafanir voru gerðar, en með strangara eftirliti, eða leyfa sölu ákveðinna léttra vintegunda og bruggun áfengs öls til sölu handa landsmönnum sjálfum.

Nd.**64. Lög**

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast rekstrarlán fyrir Landsbanka Íslands.

(Afgreidd frá Nd. 19. nóv.).

Samhljóða þskj. 51.

Ed.**65. Lög**

um breyting á lögum nr. 48 19. maí 1930, um gagnfræðaskóla.

(Afgreidd frá Nd. 19. nóv.).

Samhljóða þskj. 36.

Nd.**66. Nefndarálit**

um frv. til l. um heimild til lántöku fyrir sildarverksmiðjur ríkisins.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin mælir með, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 19. nóv. 1941.

Sveinbjörn Högnason,
form.Jón Pálmason,
fundaskrifari.Skúli Guðmundsson,
frsm.

Haraldur Guðmundsson.

Stefán Stefánsson.

Ed.**67. Breytingartillögur**

við frv. til l. um viðauka við og breyt. á l. 8. sept. 1941 um húsaleigu.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 1. gr. Fyrri málsg. orðist svo:

Leigusala er óheimilt að segja upp leigusamningum um húsnæði, nema honum sé þess brýn þörf til íbúðar fyrir sjálfan sig eða skyldmenni í beinni línu, svo

og fósturbörn, að dómi húsaleigunefndar (fasteignamatsnefndar), og að hann hafi verið orðinn eigandi hússins, áður en lög þessi öðluðust gildi.

2. Við 4. gr. Á eftir orðunum „úrskurðum húsaleigunefndar“ í upphafi greinarinnar komi: um mat á húsaleigu.
3. Við 5. gr. 2. málsg. falli niður.

Ed. 68. Nefndarálit

um frv. til l. um viðauka við l. nr. 13 20. okt. 1905, um rithöfundarétt og prentrétt.

Frá meiri hluta menntamálanefndar.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með frv. óbreyttu.

Alþingi, 19. nóv. 1941.

Jónas Jónsson, Sigurjón Á. Ólafsson.
form., frsm.

Ed. 69. Nefndarálit

um frv. til l. um viðauka við l. nr. 13 20. okt. 1905, um rithöfundarétt og prentrétt.

Frá minni hluta menntamálanefndar.

Undirritaður minni hluti leggur til, að á frv. verði gerðar þær breytingar, er hér fara á eftir. En verði þær ekki samþykktar, leggur minni hlutinn til, að frv. verði fellt.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 1. gr. Á eftir orðunum „ef breytingunum er svo háttað“ komi: að dómi heimspékideildar Háskóla Íslands.
2. Við 2. gr. Fyrri málsgrein greinarinnar orðist á þessa leið:
Til þess að gefa út íslensk rit, sem samin eru fyrir 1400, þarf leyfi kennslumálaráðuneytisins, enda skal ráðuneytið leita álits heimspékideildar háskólans, áður en það veitir slíkt leyfi eða synjar um það.

Alþingi, 19. nóv. 1941.

Árni Jónsson.

Ed. 70. Lög

um breyting á vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923.

(Afgreidd frá Ed. 19. nóv.).

Samhljóða þskj. 44.

Ed.**71. Þingsályktun**

um skyldusparnað.

(Afgreidd frá Ed. 19. nóv.).

Samhljóða þskj. 49.

Sp.**72. Nefndarálit**

um till. til þál. vegna trúnaðarbrotis við Alþingi.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur haft mál þetta til meðferðar á þrem fundum. Þegar það var afgreitt, voru tveir nefndarmanna (GSv og PBr) fjarverandi. Einn nm. (ÁJ) gat ekki fallizt á afgreiðslu meiri hlutans, en undirritaðir leggja til, að tillagan verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

1. Tillögugreinina skal orða svo:

Alþingi ályktar að lýsa yfir því, að það átelur, að brot hafa verið framin gegn þeim trúnaði, sem skylt er að gæta um þau mál, sem á lokuðum þingfundum eru rædd, og væntir þess, að það, sem hent hefur í þessu efni, endurtaki sig ekki.

En þar sem nokkuð hefur verið áfátt um fullan trúnað í þessu efni undanfarið, án þess að Alþingi hafi látið slíkt til sín taka, getur þingið á það fallizt að gera ekki að þessu sinni frekari ráðstafanir, en vill þó, að gefnum þessum tilefnum, taka það fram, að ekki beri að hika við það framvegis að gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til að koma fram ábyrgð á hendur þeim alþingismönnum, er rjúfa þann trúnað, sem skylt er að sýna Alþingi.

2. Fyrirsögn tillögunnar verði:

Tillaga til þingsályktunar vegna trúnaðarbroti við Alþingi.

Alþingi, 19. nóv. 1941.

Einar Árnason,
form.Jörundur Brynjólfsson,
frsm.

Finnur Jónsson.

Páll Zóphóniásson.

Ed.**73. Frumvarp til laga**

um viðauka við og breyting á lögum 8. sept. 1941 um húsaleigu.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Leigusala er óheimilt að segja upp leigusamningum um húsnæði, nema honum sé þess brýn þörf til íbúðar fyrir sjálfan sig eða skyldmenni í beinni línu, svo og fósturbörn, að dómi húsaleigunefndar (fasteignamatsnefndar), og að hann hafi verið orðinn eigandi hússins, áður en lög þessi öðluðust gildi.

Uppsagnir á íbúðarhúsnæði, sem fram hafa farið fyrir gildistöku þessara laga og ekki hafa komið til framkvæmdar, skulu vera ógildar, nema húseigandi sanni fyrir

húsaleigunefnd, að hann sé húsnaðislaus og þurfi þess vegna á húsnaðinu að halda til íbúðar fyrir sjálfan sig.

2. gr.

Húseiganda er óheimilt að leigja öðrum en heimilisföstum innanhéraðsmönnum íbúðarhúsnaði.

Leigusamningar, sem gerðir hafa verið fyrir gildistöku þessara laga, en óheimilir væru eftir ákvæði 1. mgr., eru ógildir.

Þegar alveg sérstaklega stendur á, er húsaleigunefnd (fasteignamatsnefnd) heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar.

3. gr.

Ef íbúðarhúsnaði er heimildarlaust tekið til annarrar notkunar en íbúðar, er húsaleigunefnd rétt að skylda húseiganda, að viðlögðum allt að 100 kr. dagsektum, að taka upp fyrri notkun húsnaðisins.

4. gr.

Úrskurðum húsaleigunefndar um mat á húsaleigu má áfrýja til yfirhúsaleigunefndar, er í eiga sæti fimm menn, og skulu þeir skipaðir af ríkisstjórninni, en tveir af hæstarétti, og sé annar þeirra lögfræðingur og formaður nefndarinnar. Ríkisstjórnin setur yfirhúsaleigunefnd starfsreglur, og greiðist kostnaður af störfum hennar úr ríkissjóði.

5. gr.

4. mgr. 1. gr. laga 8. september 1941 um húsaleigu er úr gildi felld.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 15. júní 1942.

Ed.

74. Frumvarp til laga

um framlenging á gildi laga nr. 66 11. júní 1938, um vörugjald fyrir Vestmannaeyja-kaupstað.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Lög nr. 66 11. júní 1938 skulu gilda til ársloka 1942.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ.

75. Breytingartillaga

við tillögu til þingsályktunar um hækkað fjárframlag til fjáreigenda á mæðiveikisvæðinu til lambaupveldis.

Frá landbúnaðarráðherra.

1. Tillöugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar, að leggja skuli fram eina milljón króna af tekjum ríkissjóðs árið 1941 til þess að hækka framlög til fjáreigenda vegna sauðfjáruppeldis á fjárpestarsvæðum landsins, þegar fé það, sem veitt hefur verið í fjárlögum á hverjum tíma, er eigi nægilegt í þessu skyni, að dómi sauðfjársjúkdómanefndar.

2. Fyrirsögn tillögunnar verði:

Tillaga til þingsályktunar um hækkad fjárframlag til fjáreigenda á sauðfjár-sjúkdómasvæðum til lambaupveldis.

Greinargerð.

Í þingsályktunartillögu á þskj. 25, frá Jóni Pálmasynd og Þorsteini Þorsteins-syni, er lagt til, að Alþingi ákveði í aðalatriðum á þessu ári, hve háa fjárhæð skuli greiða í uppeldisstyrki á hverja kind á sauðfjár-sjúkdómasvæðinu.

Við þingsályktunartillögu þessa er það fyrst og fremst að athuga, að hún brýtur í bága við lög nr. 75 27. júní 1941, um varnir gegn útbreiðslu nokkurra næmra sauð-fjár-sjúkdóma og stuðning til bænda, er biða tjón af þeim, þar sem ákveðið er í 27. gr., sbr. 30. gr. þeirra laga, að sauðfjár-sjúkdómanefnd úthluti því fé, sem árlega er veitt í fjárlögum til stuðnings fjáreigendum, sem beðið hafa tjón af völdum sauðfjár-sjúkdóma. Tillagan brýtur að minnsta kosti í bága við anda þeirrar reglu um fjárút-hlutunina, sem fram kemur í nefndum lögum.

Þótt Alþingi sæi sér fært að samþykkja tillöguna á þskj. 25, mundi það í aðal-atriðum engu breyta um styrki, sem veittir eru að þessu sinni, því eins og fram kemur í bréfi sauðfjár-sjúkdómanefndar, sem birt er hér sem fskj., þá var ráð fyrir því gert, að greidd yrði verðlagsuppbót á styrkina á þessu ári, og að aukafjárveiting fengist sem því næmi, á sama hátt og fyrir öðrum þeim greiðslum vegna þessara mála, er hafa farið fram úr áætlun og þegar verið inntar af hendi.

Ég lít svo á, að það sé að sjálf-sögðu nauðsynlegt að hækka umræddan styrk til sauðfjáruppeldis, þannig að hann sé nægilegur, en hitt tel ég þó að skipti meginmáli, að sauðfjáreigendum sé tryggt, að hægt sé að halda þessum fjárframlögum áfram í fullu samræmi við afurðaverð og afkomu bænda. En á því kynni að verða nokkur hætta, að þótt fjárveitingavaldið yrði allríflegt í framlögum nú, brysti á slíkt síðar, þegar þörfin væri e. t. v. mest fyrir bændur. Gæti þá hagar ríkissjóðs hafa þrengzt svo, að eigi þætti fært að veita þau fjárframlög, sem nauðsynleg væru.

Af þessum ástæðum vil ég leggja það til, að nú í ár sé lögð til hliðar ein milljón króna af tekjum ríkissjóðs og af þeirri fjárhæð, ásamt því, sem æskilegt væri að leggja til hliðar á næsta ári í sama skyni, verði myndaður eins konar varasjóður, sem greidd yrðu úr aukaframlögum vegna fjáruppeldis á sauðfjár-sjúkdómasvæðunum, þegar fjárveitingar í fjárlögum á hverjum tíma reyndust ekki nægilegar í þessu skyni, að álitu sauðfjár-sjúkdómanefndar.

Með þessu móti væri það fyrirbyggt, sem ég tel einna mesta hættu á, að geti steðjað að bændum þegar versnar í ári bæði hjá þeim og ríkissjóði, að fjárframlög dragist saman.

Þessi brtt. mín er í aðalatriðum í samræmi við þá skoðun, sem birtist í bréfi því frá sauðfjár-sjúkdómanefnd, er hér er prentað.

Fylgiskjal.

MÆÐIVEIKIVARNIRNAR

Reykjavík, 19. nóv. 1941.

Sauðfjár-sjúkdómanefnd hefur mótttekið bréf hins háa ráðuneytis, dags. í dag, þar sem óskað er skjótrar umsagnar um tillögu til þingsályktunar á þingskjali 25, sem flutt hefur verið í sameinuðu þingi.

Út af þessu vill nefndin taka þetta fram:

1. Samkvæmt lögum nr. 75 27. júní 1941 er nefndinni falið að úthluta því fé, „sem veitt er árlega í fjárlögum til stuðnings fjáreigendum, sem tjón hafa beðið af völdum þeirra sjúkdóma, er lög þessi ná til“, sbr. 27. gr. og 30. gr. laganna.

2. Styrkir samkvæmt 27. gr. 1.—4. tölulið nefndra laga hafa þegar verið veittir fyrir þetta ár, en nefndin er nú í þann veginn að úthluta styrk samkvæmt 5. tölulið, þ. e. styrk til fjáreigenda til þess að ala upp sauðfé í skarðið fyrir það fé, er þeir hafa misst af völdum mæðiveiki.
3. Nefndin veit aldrei fyrirfram, hversu mörg lömb muni verða aðnjótandi uppeldisstyrks á hverju ári, heldur verður hún að fá skýrslur um ásetning og bera saman við tjón fjáreigenda og finna þannig fjölda styrkhæfra lamba hjá hverjum. Eftir því, sem næst verður komið, verður tala styrkhæfra kinda, er nú verður úthlutað styrk á, ca. 27000. — Eru það í þetta sinn veturgamlar gimbrar (lömb sett á haustið 1940), en framvegis mun uppeldisstyrk verða úthlutað eftir áramótafram-tali. Verður það gert í fyrsta sinn næsta vor og þá úthlutað á lömb, sem sett eru á nú í haust.
4. Af þessu leiðir, að upphæð uppeldisstyrks á hvert líflamb ákvarðast af þessu tvennu: Upphæð styrks, sem ákveðin er í fjárlögum, og fjölda líflamba, sem ekki er vitað, hver verður, fyrr en í marz—apríl það ár, sem úthlutað er. Ef ákveða ætti fyrirfram styrkuppahæð á hvert lamb, væru því brotnar þær reglur, sem lög nr. 75 27. júní 1941 setja um úthlutun styrksins.
5. Þegar fjárlög fyrir árið 1941 voru sett, vissi enginn, hversu verðlagi yrði háttáð haustið 1940, þegar lömb þau voru sett á, sem nú er verið að úthluta styrk á, enda er upphæð styrktarfjárins því nær sama og veitt var árið áður, þ. e. krónur 380000.00 árið 1940, en krónur 400000.00 árið 1941. Með hækkandi verðlagi er eðlilegt, að styrkurinn hækki. Hefur nefndin hugsað sér, að hámark styrksins ætti nú, ef unnt væri, að verða kr. 20.00 á kind. Virðist nefndinni þetta vera allgóður styrkur, miðað við frálagsverð dilka haustið 1940, er mun hafa verið 40—50 kr. á svæði því, sem hér kemur til greina. Þessari umræddu styrksuppahæð ætti að vera hægt að ná, ef upphæð styrktarfjárins á þessu ári, kr. 400000.00, yrði greidd með verðlagsuppbót eftir vísitölu í október þ. á. Og þótt heildarúthlutun færi eitthvað fram úr þeirri upphæð, gerir nefndin ráð fyrir því, að aukafjárveiting fengist greiðlega fyrir því, eins og nú stendur á.
6. Upphæð þá, sem veitt er í fjárlögum fyrir 1942, yrði væntanlega einnig að greiða með verðlagsuppbót. Er þó meiri vafi á, hvort sú upphæð mundi nægja, einkum ef uppeldi yrði meira en nú, en það væri mjög æskilegt. Hið háa verðlag á þessu hausti kemur þar og til greina.
7. Af þessu, svo og með tilliti til þess, að síðar kynnu að verða erfiðari aðstæður með háar fjárveitingar í þessu skyni, en þörf bænda til stuðnings engu minni, telur nefndin mjög heppilegt, ef Alþingi vildi ákveða að leggja nú þegar til hliðar riflega upphæð, sem grípa mætti til síðar, ef þörf yrði fyrir meira styrktarfé en Alþingi sæi sér fært að leggja fram af árlegum tekjum ríkissjóðs.

Virðingarfyllst.

Sigurður Tómasson. Ingimar Jónsson. Jón Sigurðsson.
Gunnar Þórðarson. Pétur Bjarnason.

Til atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, Reykjavík.

Ed.

76. Lög

um viðauka við lög nr. 13 20. okt. 1905, um rithöfundarétt og prentarétt.

(Afgreidd frá Ed. 19. nóv.).

Samhljóða þskj. 61.

Nd.**77. Breytingartillaga**

við frv. til l. um viðauka við og breyt. á l. 8. sept. 1941 um húsaleigu.

Frá Gísla Sveinssyni og Sveinbirni Högnasyni.

Við 4. gr. Orðin „um mat á húsaleigu“ falli niður.

Nd.**78. Lög**

um viðauka við og breyting á lögum 8. sept. 1941 um húsaleigu.

(Afgreidd frá Nd. 20. nóv.).

Samhljóða þskj. 73.

Nd.**79. Lög**

um heimild til lántöku fyrir síldarverksmiðjur ríkisins.

(Afgreidd frá Nd. 20. nóv.).

Samhljóða þskj. 30.

Sp.

80. Nefndaskipun.

(58. löggjafarþing.)

Fastanefndir.

A.

Í sameinuðu þingi.**1. Fjárveitinganefnd:**

Jónas Jónsson,
 Pétur Ottesen, formaður,
 Bjarni Bjarnason,
 Þorsteinn Þorsteinsson,
 Emil Jónsson, fundaskrifari,
 Sigurður E. Hlíðar,
 Helgi Jónasson,
 Páll Hermannsson,
 Sigurður Kristjánsson.

Til hennar vísað:

1. Till. til þál. um auknar ráðstafanir til eyðingar á tundurduflum við strendur landsins (1,* n. 21).
Frsm.: Pétur Ottesen.
2. Till. til þál. um hækkað fjárframlag til fjáreigenda á mæðiveikisvæðinu til lambauppedis (25, n. 62).
Frsm.: Þorsteinn Þorsteinsson.

2. Allsherjarnefnd:

Einar Árnason, formaður.
 Gisli Sveinsson, fundaskrifari,
 Jörundur Brynjólfsson,
 Árni Jónsson,
 Finnur Jónsson,
 Þorsteinn Briem,
 Páll Zóphóniasson,

Til hennar vísað:

- Till. til þál. vegna trúnaðarbrots við Alþingi (12, n. 72 (meiri hl.)).
 Frsm. meiri hl.: Jörundur Brynjólfsson.
 Nefndarálit kom ekki frá minni hl.

3. Utanrikismálanefnd:

Bergur Jónsson,
 Magnús Jónsson,
 Bjarni Ásgeirsson,
 Jóhann Jósefsson,
 Ásgeir Ásgeirsson,
 Garðar Þorsteinsson, fundaskrifari,
 Jónas Jónsson, formaður.

Varamenn:

Gisli Guðmundsson,
 Ólafur Thors,
 Páll Zóphóniasson,
 Bjarni Snæbjörnsson,
 Haraldur Guðmundsson,
 Árni Jónsson,
 Pálmi Hannesson.

1) Tölurnar innan sviga tákna númer á þingskjölum, og eru ekki talin önnur þingskjalanúmer en þau, sem málið bar, þá er því var til nefndar vísað, svo og þau, er nefndarálit (skammstafað: n.) hlutu. Sama er um mál, er nefndirnar flytja.

Fastanefndir Sp.: Kjörbréfa- og þingfararkaupsn. — Ed.: Fjárhags-, samgöngumála- og landbúnaðarn.

4. *Kjörbréfanefnd:*

Einar Árnason,
Gísli Sveinsson, formaður,
Þorsteinn Þorsteinsson,
Bergur Jónsson,

Sæti 5. manns í nefndinni, er Alþýðuflokkurinn átti rétt á að tilnefna, var aldrei skipað.

Ekkert mál bar undir nefndina.

5. *Þingfararkaupsnefnd:*

Páll Zóphóniasson, formaður.
Steingrímur Steinþórsson,
Sigurður Kristjánsson, fundaskrifari.
Sigurður E. Hlíðar,
Finnur Jónsson.

B.

Í efri deild.

1. *Fjárhagsnefnd:*

Bernharð Stefánsson,
Magnús Jónsson, formaður,
Erlendur Þorsteinsson, fundaskrifari.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 frá 21. júní 1921, um stimpilgjald (7, n. 39).
Frsm.: Magnús Jónsson.
2. Frv. til l. um framlenging á gildi l. nr. 66 11. júní 1938, um vörugjald fyrir Vestmannaeyjakaupstað (32, n. 52).
Frsm.: Bernharð Stefánsson.

Nefndin flutti:

1. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 13. jan. 1938, um að reisa síldarverksmiðju á Raufarhöfn og aukningu við síldarverksmiðjur ríkisins á Siglufirði, og l. nr. 42 12. febr. 1940, um breyting á þeim lögum (11).
Frsm.: Magnús Jónsson.
2. Frv. til l. um krónuseðla (22).
Frsm.: Magnús Jónsson.
3. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast rekstrarlán fyrir Landsbanka Íslands (51).
Frsm.: Magnús Jónsson.

2. *Samgöngumálanefnd:*

Bernharð Stefánsson,
Árni Jónsson, fundaskrifari.
Páll Zóphóniasson, formaður.

Til nefndarinnar var engu máli vísað.

3. *Landbúnaðarnefnd:*

Páll Zóphóniasson,
Þorsteinn Þorsteinsson, formaður.
Erlendur Þorsteinsson, fundaskrifari.

Til nefndarinnar var engu máli vísað.

Fastanefndir Ed.: Sjávarútvegs-, iðnaðar-, menntamála- og allsherjarnefndir. — Nd.: Fjárhagsn.

4. *Sjávarútvegsnefnd:*

Ingvar Pálmason, formaður,
Jóhann Jósefsson,
Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskrifari.

Til hennar vísað:

Frv. til l. um viðauka við l. nr. 38 27. júní 1941, um breyt. á l. nr. 27 13. jan. 1938, um váttryggingarfélag fyrir vélbáta (3, n. 10).

Frsm.: Ingvar Pálmason.

5. *Iðnaðarnefnd:*

Páll Hermannsson,
Bjarni Snæbjörnsson, formaður.
Erlendur Þorsteinsson, fundaskrifari.

Til nefndarinnar var engu máli vísað.

6. *Menntamálanefnd:*

Jónas Jónsson, formaður.
Árni Jónsson, fundaskrifari,
Sigurjón Á. Ólafsson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 48 19. maí 1930, um gagnfræðaskóla (36).
Nefndarálit kom ekki.

2. Frv. til l. um viðauka við l. nr. 13 20. okt. 1905, um rithöfundarétt og prentarétt (61, n. 68 (meiri hl.) og 69 (minni hl.)).

Frsm. meiri hl.: Jónas Jónsson.

Frsm. minni hl.: Árni Jónsson.

7. *Allsherjarnefnd:*

Ingvar Pálmason, fundaskrifari,
Magnús Gíslason,
Sigurjón Á. Ólafsson, formaður.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um breyt. á vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923 (44, n. 57).

Frsm.: Ingvar Pálmason.

2. Frv. til l. um viðauka við og breyt. á l. 8. sept. 1941 um húsaleigu (50, n. 58).

Frsm.: Sigurjón Á. Ólafsson.

Nefndin flutti:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 106 23. júní 1936, um útsvör (26).

Frsm.: Ingvar Pálmason.

C.

Í neðri deild.

1. *Fjárhagsnefnd:*

Sveinbjörn Högnason, formaður,
Jón Pálmason, fundaskrifari,
Skúli Guðmundsson,
Stefán Stefánsson,
Haraldur Guðmundsson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um ráðstafanir gegn dýrtíðinni (9, n. 18 (1. minni hl.), n. 19 (2. minni hl.) og n. 20 (3. minni hl.)).

Frsm. 1. minni hl.: Skúli Guðmundsson.

Fastanefndir Nd.: Fjárhags-, samgöngumála-, landbúnaðar-, sjávarútvegs- og iðnaðarnefndir.

2. minni hl. kaus sér ekki frsm.
Frsm. 3. minni hl.: Stefán Stefánsson.
2. Frv. til l. um heimild til lántöku fyrir síldarverksmiðjur ríkisins (30, n. 66).
Frsm.: Skúli Guðmundsson.
3. Frv. til l. um breyt. á og viðauka við l. nr. 98 9. júlí 1941, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna (14).
Nefndarálit kom ekki.
4. Frv. til l. um framkvæmdasjóð ríkisins (15).
Nefndarálit kom ekki.
5. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt (17).
Nefndarálit kom ekki.
6. Frv. til l. um afnám l. nr. 82 9. júlí 1941, um viðauka við l. nr. 73 31. des. 1937, um gjaldeyrisverzlun o. fl. (23).
Nefndarálit kom ekki.

2. *Samgöngumálanefnd:*

Steingrímur Steinþórsson,
Gísli Sveinsson, formaður,
Sveinbjörn Högnason,
Eiríkur Einarsson.

Sæti 5. manns í nefndinni, er Alþýðuflokkurinn átti rétt á að tilnefna,
var aldrei skipað.

Til nefndarinnar var engu máli vísað.

3. *Landbúnaðarnefnd:*

Bjarni Ásgeirsson, formaður,
Jón Pálmason, fundaskrifari,
Steingrímur Steinþórsson,
Pétur Ottesen,
Ásgeir Ásgeirsson.

Til nefndarinnar var engu máli vísað.

4. *Sjávarútvegsnefnd:*

Gísli Guðmundsson,
Sigurður Kristjánsson,
Jón Ívarsson,
Sigurður E. Hlíðar, fundaskrifari,
Finnur Jónsson, formaður.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 4 4. maí 1925, um viðauka við l. nr. 33 19. júní 1922, um fiskveiðar í landhelgi (4).
Nefndarálit kom ekki.
2. Frv. til l. um viðauka við l. nr. 38 27. júní 1941, um breyt. á l. nr. 27 13. jan. 1938, um váttryggingarfélag fyrir vélbáta (3, n. 31).
Frsm.: Sigurður Kristjánsson.

5. *Iðnaðarnefnd:*

Bjarni Ásgeirsson,
Eiríkur Einarsson,
Pálmi Hannesson,

Fastanefndir Nd.: Iðnaðar-, menntamála- og allsherjarnefndir. — Vinnunefndir beggja deilda.

Jóhann G. Möller, fundaskrifari,

Emil Jónsson, formaður.

Til nefndarinnar var engu máli vísað.

6. Menntamálanefnd:

Bjarni Bjarnason, formaður,

Gisli Sveinsson, fundaskrifari,

Pálmi Hannesson,

Þorsteinn Briem,

Ásgeir Ásgeirsson.

Til nefndarinnar var engu máli vísað.

Nefndin flutti:

1. Frv. til l. um viðauka við l. nr. 13 20. okt. 1905, um rithöfundarétt og prentarétt (28).

Frsm.: Bjarni Bjarnason.

2. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 48 19. maí 1930, um gagnfræðaskóla (36).

Frsm.: Bjarni Bjarnason.

7. Allsherjarnefnd:

Bergur Jónsson, formaður,¹⁾

Garðar Þorsteinsson,

Gisli Guðmundsson,

Jóhann G. Möller,

Emil Jónsson, fundaskrifari.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um viðauka við og breyt. á l. 8. sept. 1941 um húsaleigu (5, n. 37).

Frsm.: Jóhann G. Möller.

2. Frv. til l. um vatnsveitu í Bolungavík (13, n. 33).

Frsm.: Emil Jónsson.

3. Frv. til l. um afnám l. nr. 99 9. júlí 1941, um gjaldeyrisverzlun o. fl. (42).

Nefndarálit kom ekki.

D.

Vinnunefndir.

Auk framantalinna nefnda skipuðu formenn fastanefnda, forseti og fyrri varaforseti eina nefnd í hvorri deild, v i n n u n e f n d.

Vinnunefndum þótti ekki ástæða til að gera af nýju skrá um fundastaði og fundatími fastanefnda, og var látn haldast í þeim efnunum, sem gerð var á aðalþingi.

1) Í veikindaförföllum hans Jón Ívarsson.

Sp.

81. Erindaskrá.

— Raðað eftir stafrófsröð. —

Áfengismál, sjá Áfengisverzlun ríkisins.

Áfengisverzlun ríkisins. Fulltrúar frá Stórstúku Íslands, Ípróttasambandi Íslands, Sambandi bindindisfélaga í skólum. Prestafélagi Íslands, Sambandi íslenzkra barnakennara, Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi íslenzkra skáta, Landssambandi íslenzkra kvenna og Slysavarnafélagi Íslands lýsa ánægju sinni yfir lokun áfengisverzlunarinnar og skora á Alþingi að gera enga breytingu á þeirri ráðstöfun, a. m. k. svo lengi, sem erlendur her dvelur í landinu. Bréf 8. okt. (Db. 556).

Dýrtiðarráðstafanir. Mótmæli gegn ákvæðum um lögfestingu kaupgjalds, verðlags o. fl. í frv. á þskj. 9, um ráðstafanir gegn dýrtiðinni, frá: Almennum verkamannafundi á Norðfirði (Db. 572), Alþýðuflokksfélagi Reykjavíkur (Db. 576), Alþýðusambandi Íslands (Db. 561), Bakararveinafélagi Íslands, Rvík (Db. 573), Bifreiðastjórafélaginu Hreyfli, Rvík (Db. 580), Bilstjórafélagi Akureyrar (Db. 590), Bókbindarafélagi Reykjavíkur (Db. 586), Félagi bifvélavirkja, Rvík (Db. 572), Félagi blikksmiða, Rvík (Db. 580), Félagi járneðnaðarmanna, Rvík (Db. 568), Fulltrúaráði verkavennafélagsins Snót, Vestmannaeyjum (Db. 584), Hinu íslenzka prentarafélagi, Rvík (Db. 563), Iðju, félagi verksmiðjufólks á Akureyri (Db. 590), Iðju, félagi verksmiðjufólks í Reykjavík (Db. 565), Klæðskerasveinafélaginu Skjaldborg, Rvík (Db. 580), Málarasveinafélagi Reykjavíkur (Db. 571), Múrarafélagi Reykjavíkur (Db. 578), Nót, félagi netavinnufólks í Reykjavík (Db. 565), Rakarasveinafélagi Reykjavíkur (Db. 568), Sjómannafélagi Akureyrar (Db. 582), Sjómannafélagi Ísfirðinga (Db. 573), Sjómannafélaginu Jötni, Vestmannaeyjum (Db. 572), Sjómannafélagi Reykjavíkur (Db. 563), Sveinafélagi hárgreiðslukvenna, Rvík (Db. 565), Sveinafélagi húsgagnabólstrara, Rvík (Db. 568), Sveinafélagi húsgagnasmiða, Rvík (Db. 579), Trúnaðarráði Verkamannafélagsins Dagsbrúnar, Rvík (Db. 581), Vélstjórafél. Akureyrar (Db. 583), Verkavennafél. Brynju, Seyðisfirði (Db. 563), Verkavennafél. Einingunni, Akureyri (Db. 587), Verkavennafél. Framsókn, Rvík (Db. 565), Verkavennafél. Framtíðinni, Hafnarfirði (Db. 565), Verkalýðsfélagi Akraness (Db. 563), Verkalýðsfél. Akureyrar (Db. 568), Verkalýðsfél. A.-Húnvetninga, Blönduósi (Db. 563), Verkalýðsfél. Baldri, Ísafirði (Db. 563), Verkalýðsfél. Bolungavíkur (Db. 573), Verkalýðsfél. Dalvíkur (Db. 590), Verkalýðsfél. Esju, Kjósarsýslu (Db. 583), Verkalýðsfélagi Fáskrúðsfjarðar (Db. 572), Verkalýðsfél. Grýtubakkahrepps, Grenivík (Db. 583), Verkalýðsfél. Hnifsdælinga (Db. 563), Verkalýðsfél. Hríseyjar (Db. 590), Verkalýðsfél. Jökli, Ólafsvík (Db. 565), Verkalýðsfél. Kaldraneshrepps, Drangnesi (Db. 580), Verkalýðsfélagi Patreksfjarðar (Db. 580), Verkalýðsfél. Reyðarfjarðar (Db. 586), Verkalýðsfél. Skagastrandar (Db. 563), Verkalýðsfél. Skildi, Flateyri (Db. 565), Verkalýðsfél. Stykkishólms (Db. 568), Verkalýðsfél. Súgandi, Suðureyri (Db. 573), Verkalýðsfél. Vestmannaeyja (Db. 572), Verkalýðsfél. Vörn, Bildudal (Db. 580), Verkalýðsfél. Þórshafnar (Db. 586), Verkalýðs- og sjómannafél. Keflavíkur (Db. 583), Verkalýðs- og sjómannafél. Ólafsfjarðar (Db. 580), Verkamannafél. Arnarneshrepps, Eyjafirði (Db. 572), Verkamannafél. Bárunni, Eyrarbakka (Db. 565), Verkamannafél. Drifandi, Vestmannaeyjum (Db. 585), Verkamannafél. Fram, Sauðárkróki (Db. 572), Verkamannafél. Fram, Seyðisfirði (Db. 563), Verkamannafél. Glæsibæjarhrepps, Glerárþorpi (Db. 568), Verkamannafél. Hlíf, Hafnarfirði (Db. 564), Verkamannafél. Húsavíkur (Db. 563), Verkamannafél. Hvöt, Hvammstanga (Db. 583), Verka-

mannafélagi Raufarhafnar (Db. 565), Verkamannafél. Vopnafjarðar (Db. 573), Verkamannafél. Þrótti, Siglufirði (Db. 568), og Verzlunarmannafélaginu á Ísafirði (Db. 568). — Sjá og Ráðstafanir.

Haraldur Ásgeirsson, sjá Námsstyrkur.

Námsstyrkur. Landbúnaðarráðuneytið sendir fjv. bréf Halldórs Eiríkssonar framkvæmdarstjóra, dags. 12. nóv. 1941, þar sem hann sækir um, að Haraldur Ásgeirsson verði veittur 3600 kr. styrkur til náms í sementsgerð við háskóla í Bandaríkjunum. Mælir ráðuneytið með styrkbeiðninni. 1. febr. Bréf 12. nóv. (Db. 589).

Ráðstafanir og tekjuöflun vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna.

1. Verkamannafél. Hlíf, Hafnarfirði, lýsir óánægju sinni yfir aðgerðaleyssi stjórnarvaldanna varðandi dýrtíðarmálin og skorar á Alþingi að gera þær ráðstafanir, er komi í veg fyrir frekari verðhækkun á nauðsynjavöru almennings, en skerði þó í engu rétt stéttarfélaganna til ákvörðunar á kaupgjaldi meðlima sinna. Bréf 10. okt. (Db. 560).
 2. Stjórn Alþýðusambands Íslands lýsir vanþóknun sinni yfir aðgerðaleyssi ríkisstjórnarinnar í dýrtíðarmálunum og hvetur til vaxandi verðlagseftirlits, og að stórgróði sá, sem safnast hefur á hendur einstakra manna og fyrirtækja, sé notaður til að halda niðri dýrtíðinni, en mótmælir framkomnum tillögum um að lögbanna hækkun á grunnkaupi launastéttanna og sérhverri skerðingu á samningarétti stéttarfélaganna. Bréf 20. okt. (Db. 561).
- Sjá og Dýrtíðarráðstafanir.

